

**SKOÐUN** Eygló Ingadóttir skrifar um skaðleg áhrif niðurskurðar á Landspítala. 24



**MENNING** Ragnar Bragason breytir Gullregni í kvikmyndahandrit. Tökur gætu hafist á næsta ári. 62



**SPORT** Er Tottenham-maðurinn Gareth Bale í sama flokki og Lionel Messi og Cristiano Ronaldo? 58


Græddu á gulli
Kringlunni 3. hæð.
www.kaupumgull.is
Upplýsingar og tímapantanir: Sverrir s. 661-7000



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
7. mars 2013
56. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Ný vantrauststillaga**
Liðsmenn stjórnarflokkanna og Bjartrar framtíðar vilja ræða stjórnarskrármál frekar en vantraust. Vantrauststillagan gæti beðið til morguns. 2

**Vanræksla og ofbeldi** Allt að fjögur þúsund börn búa við heimilisofbeldi, segir í nýrri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. 6

**Tafir á rannsókn** Landlæknisembættinu hefur enn ekki borist greinargerð frá Sjúkrahúsinu á Akureyri um sjálfsvíg sjúklings. 8

**Óvissa vegna andláts** Töluverð óvissa ríkir í Venesúela eftir andlát Hugo Chavez forseta landsins. Kosið verður innan 30 daga. 10




24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | | A | 14 |
| Akureyri | -2° | | A | 8 |
| Egilsstaðir | -2° | | A | 10 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | | A | 16 |
| Reykjavík | 0° | | A | 17 |

**STORMUR SYÐST** Í dag verða víða 10-18 m/s en 18-23 m/s syðst. Él en úrkomulítið N-til. Frost 0-5 stig en frostlaust við S-ströndina. 4

**SÉRBLAÐ**

**Fólk**




# Steingrímur vill ívilna stóriðju

Ráðherra fer fram á heimild til sérstakra ívilnana vegna stóriðju á Bakka. Starfsemin undanþegin tryggingagjaldi, sem gæti haft áhrif á réttindi starfsmanna. Kostar ríkissjóð 3,4 milljarða og lægri skatttekjur að auki.

**ALÞINGI** Atvinnuvegaráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, verður veitt heimild til að fjármagna uppbyggingu innviða í tengslum við stóriðjuverkefni á Bakka, verði frumvarp ráðherra þar að lútandi að lögum. Beinn kostnaður ríkissjóðs nemur 3,4 milljörðum.

Samkvæmt frumvarpinu verður ráðherra falið að semja um vegtengingar á milli Húsavíkurhafnar og Bakka. Þá verður veitt víkjandi lán vegna hafnarframkvæmda fyrir allt að 819 milljónum.

Ýmsar ívilnanir verða veittar, svo sem undanþága frá tryggingagjaldi. Þá verður rekstraraðila veittur 237 milljóna króna styrkur til að þjálfa starfsfólk.

Fjárlagaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins er gagnrýnin á ívilnanirnar í umsögn um frumvarpið og veltir upp hvort þær skapi fordæmi gagnvart öðrum verkefnum. Einnig setur hún spurningarmerki við undanþágu frá tryggingagjaldi og telur hættu á að hún hafi áhrif á rétt starfsmanna til velferðartrygginga og þjónustu sem gjaldið fjármagnar. Skrifstofan telur að með frumvarpinu sé horfið frá stefnu sem mörkuð var í lögum frá 2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, tekur undir það. Langt sé gengið í að styðja við stóriðjuframkvæmdir, sem og einstaka fyrirtæki. „Í uppsiglingu er líklega stærsti kosningavíxill sem nokkru sinni hefur verið gefinn út,“ segir hann.

Bakki er í kjördæmi Steingríms, Norðausturkjördæmi, og Guðmundur segir að það virðist spila inn í. „Mér sýnist að þetta sé klárlega hluti af kosningabaráttu Vinstri grænna í kjördæminu.“

- kóp / sjá síðu 12

> **Í uppsiglingu er líklega stærsti kosningavíxill sem nokkru sinni hefur verið gefinn út.**
>
> *Guðmundur Hörður Guðmundsson formaður Landverndar*

## 1.800 milljónir í vegi og jarðgöng

Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna vegtengingar milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka er áætlaður 1,8 milljarðar króna. Um 1,8 km leið er að ræða. Gert er ráð fyrir að strax næsta ár fari 100 milljónir í rannsóknir og útboðsgögn.

Boruð verða eins kílómetra löng göng í gegnum Húsavíkurhöfða, en Vegagerðin telur kostnað við þau svipaðan og við veg sem uppfyllti allar kröfur iðnfyrirtækja. Til samanburðar eru Strákagöng við Siglufjörð tæplega 800 metrar.




**ÖNGÞVEITI Í ÓVEÐRINU** Mjög mikið var um umferðaróhöpp í óféðrinni á höfuðborgarsvæðinu í gær. Á myndinni má sjá tuttugu bíla árekstur við Kópavogslæk undir hádegi. Þrátt fyrir fannfergi gærdagsins er reiknað með því að skólar á höfuðborgarsvæðinu verði opnir í dag. Lögreglan og almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins ítreka þó að fólk skuli fylgjast vel með upplýsingum um færð og veður í fjölmiðlum. Sjá síðu 16

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Eldri kona er með allt sparifé sitt fast hjá Eir og nær varla endum saman:

# Skjólstæðingar Eirar höfða mál

**DÓMSMÁL** Hálfáttræð kona á erfitt með að ná endum saman af því að allt sparifé hennar situr fast inni á hjúkrunarheimilinu Eir vegna fjárhagsvandræða stofnunarinnar. Á sama tíma þarf hún að greiða háa leigu í hverjum mánuði á öðru hjúkrunarheimili. „Þetta er mjög alvarleg staða,“ segir Sigríður Kristinsdóttir, lögmaður hennar.

Konan er önnur tveggja einstaklinga sem hafa höfðað mál á hendur Eir til að fá afhentan svokallaðan búseturétt upp á samtals tugi milljóna króna. Samkvæmt samningi áttu þau að fá hann greiddan út eftir að lyklum að íbúðunum á Eir var skilað.

„Kröfurnar voru gjaldfallnar fyrir mitt síðasta ár. Þessi búseturéttur hefur ekki verið greiddur þrátt fyrir áskoranir þar um og þess vegna var Eir stefnt inn til greiðslu,“ segir Sigríður, sem er lögmaður beggja aðila.

Hinn skjólstæðingur hennar er hálfsjötugur maður, erfingi fyrrverandi íbúa á Eir. Hann hefur þegar greitt milljónir í erfðafjárskatt af búseturéttargreiðslunni, þrátt fyrir að hann hafi enn ekki séð krónu af fénu.

Alls eru ellefu manns í þessari stöðu og skuld Eirar við þá nemur 200 milljónum króna. Sigríður telur að Eir hafi brotið á jafnræði kröfuhafa með því að gera upp við lánardrottna sína á meðan fólkið fékk ekkert greitt.

- sh / sjá síðu 4



> **Þetta fólk fór þarna í góðri trú og fullkomnu trausti til að kaupa sér skjól í ellinni, og það endar með þessum hætti.**
>
> *Sigríður Kristinsdóttir lögmaður*




## SPURNING DAGSINS



Sunneva, ertu nú orðin öllum hnútum kunnug?

**„Já, ég þarf allavega ekki að fara í sjómannaskólann eftir þetta.“**

Sunneva Sverrisdóttir er annar stjórnenda þáttarins Tveir plús sex, sem hefur göngu sína á Popptíví í kvöld. Þar var meðal annars fylgst með ástundun BDSM-kynlífs.

Liðsmenn stjórnarflokkanna og Bjartrar framtíðar vilja ræða stjórnarskrármál frekar en vantraust í dag:

# Vantrauststillagan gæti beðið til morguns



**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarflokkanna og Bjartrar framtíðar munu leggjast gegn því að ný vantrauststillaga Þórs Saari, þingmanns Hreyfingarinnar, verði tekin á dagskrá í dag eins og hann fer fram á, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þeim er meira í mun að nýtt stjórnarskrárfrumvarp sem forystumenn flokkanna þriggja lögðu fram í gær verði rætt og eftir atvikum afgreitt.

Nýja frumvarpið, sem Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, og Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, mæla fyrir kveður aðeins á um eina stjórnarskrárbreytingu: að ekki þurfi lengur tvö þing til að breyta stjórnarskrá, heldur sé nóg að 60 prósent þingheims samþykki slíka breytingu, og í kjölfarið 60 prósent þátttakenda í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Samhliða lögðu þremenningarnir fram þingsályktunartillögu um að skipuð skyldi fimm manna þingnefnd sem hefði það að markmiði að vinna áfram að framgangi annarra stjórnarskrárbreytinga.



Þór Saari lagði fram vantrauststillögu gegn ríkisstjórninni í gær og óskaði eftir því að hún yrði tekin á dagskrá í dag. Það er forseta Alþingis, Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, að ákveða hvort borin verður upp tillaga þess efnis. Ekki náðist í hana í gær, en heimildir blaðsins herma sem áður segir að stjórnarliðum og tvímenningunum í Bjartri framtíð hugnist það ekki. - sh



**GOS** Stór eldgos eins og gosið í Eyjafjallajökli vekja athygli en minni gos hafa einnig mikil áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hlýnun loftslags minni en spáð var á síðasta áratug:

## Eldgos tempra hlýnun jarðar

**VÍSINDI Lofttegundir sem eldfjöll spúðu út í andrúmsloftið gætu skýrt hvers vegna spár um hækkandi hitastig á fyrsta áratug aldarinnar gengu ekki eftir, að mati vísindamanna við Colorado-háskóla í Bandaríkjunum.**

**Eldfjöllin hafa líklega orðið þess valdandi að hitastigið hækkaði allt að fjórðungi minna en spáð var frá árinu 2000 til 2010, ef marka má niðurstöður vísindamannanna.**

**Þetta þýðir að vísindamenn verða að taka meira tillit til meðalstórra og minni eldfjalla þegar þeir reyna að meta breytingar á umhverfinu, að mati vísindamannanna. - bj**

Breytingar á Fréttablaðinu:

## Steinunn lætur af störfum

**FJÖLMIÐLAR** Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, lét af störfum á blaðinu í gær, samkvæmt samkomulagi við 365 miðla, útgáfufyrirtæki blaðsins.



STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Steinunn hefur starfað á Fréttablaðinu frá upphafi, í tólf ár, og sem aðstoðarritstjóri frá 2006.

Steinunn segir að með ráðningu nýs ritstjóra að blaðinu hafi þetta orðið hennar niðurstaða. „Ég held að tveir ritstjórar og aðstoðarritstjóri sé of mikið,“ segir Steinunn, sem segist kveðja sátt en hefur ekki ákveðið hvað hún tekur sér fyrir hendur.

Hlaut yfirburðakosningu:

## Björgólfur nýr formaður SA

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, var kjörinn formaður Samtaka atvinnulífsins á aðalfundi samtakanna í gær. Hann tekur við af Vilmundi Jósefssyni, sem hafði gegnt embættinu í fjögur ár en gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu.



BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON

Björgólfur fékk 98,5% greiddra atkvæða í rafrænni kosningu meðal aðildarfyrirtækja samtakanna. Björgólfur hefur verið forstjóri Icelandair Group frá árinu 2008 en starfaði áður í sjávarútvegi í áratugi og var stjórnarformaður stjórnar Landssamtaka íslenskra útvegsmanna. - mþl

# 260 borga mest allt sitt í auðlegðarskatt

Nokkur hundruð manns borga stóran hluta tekna sinna í auðlegðarskatt. Yfirleitt er um fólk að ræða sem er 65 ára og eldra. Stór hópur hefur innan við fimm milljónir í árstekjur. Eignasala er oft eina lausnin til að mæta skattinum.

**SKATTAMÁL** Af um þrjú þúsund einstaklingum sem greiddu auðlegðarskatt árið 2012 greiddu um 260 stærstan hluta heildartekna sinna frá árinu á undan í opinber gjöld. Þeir sem greiða auðlegðarskatt eru að stofninum til einstaklingar sem eru 65 ára og eldri.

Þetta kemur fram í svari Katrínar Júlíusdóttur, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, um auðlegðarskatt í gær.

Í fyrirspurn Guðlaugs er spurt hversu stór hluti þeirra sem greiddu skattinn greiddi meira en 75% en minna en 100% af tekjum sínum í opinber gjöld. Það eru 1,9% af heildarfjölda þeirra sem greiddu skattinn, eða um sextíu manns. Þegar spurt var hversu margir greiddu meira en helming en minna en 75% af tekjum sínum í opinber gjöld er svarið 6,4% sem greiddu skattinn, eða um 200 manns.



**ÆVIKVÖLDIÐ** Þeir sem greiða auðlegðarskatt eru gjarnan 65 ára og eldri með undir fimm milljónir í árslaun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Uppistaðan af því fólki sem greiðir þennan skatt er fólk sem fékk ekki að greiða í lífeyrissjóð og þurfti því að gera eigin ráðstafanir. Fólk sem eignaðist góðar skuldlausar eignir sem þarf núna að selja þær til að borga skattinn. Enginn sem þarf að borga svona hátt hlutfall af tekjum sínum í skatt getur mætt þessu með öðrum hætti. Það hefur verið hrópað mannréttindabrot af minna tilefni en þessu,“ segir Guðlaugur.

Auðlegðarskattur, sem var tekinn upp í lok árs 2009, er lagður á einstaklinga sem eiga eignir umfram 75 milljónir króna og hjón sem eiga eignir umfram 100 milljónir króna. Um þriðjungur þeirra sem greiða skattinn eru 65 ára eða eldri og margir þeirra hafa innan við fimm milljónir króna í árstekjur en eignir bundnar í húsnæði sem engar tekjur eru af. Eignastýring Íslandsbanka, meðal annarra, hefur birt greiningar sem sýna þetta. Skatturinn átti að vera tímabundinn til þriggja ára en var síðar framlengdur og hann hækkaður.

Guðlaugur bendir á að margar þeirra þjóða sem lagt hafa á eignaskatt sem þennan hafa lagt hann af fljótlega. Í Þýskalandi var hann ekki talinn samræmast stjórnarskrá landsins. „Þegar þessi skattur var lagður á hér var þessi þróun erlendis ekki höfð til hliðsjónar,“ segir Guðlaugur.

> **„Það hefur verið hrópað mannréttindabrot af minna tilefni en þessu.**
>
> *Guðlaugur Þór Þórðarson*
> *þingmaður Sjálfstæðisflokksins*

svavar@frettabladid.is




Beinn kostnaður borgarinnar vegna rusls á almannafæri er 60 milljónir á ári:

# Sektum gegn rusli er ekki beitt

**UMHVERFISMÁL** Ef sektir fyrir að fleygja rusli á almannafæri eiga að þjóna tilgangi sínum og hafa fælingarmátt þarf hert eftirlit og hærri sektir. Þetta segir deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg.

Að því er segir í umsögn deildarstjórans til umhverfis- og skipulagsráðs hefur lögreglan einstaka sinnum sektað fólk fyrir að henda rusli. Upphæð sektarinnar fer eftir eðli og umfangi brotsins en lágmarkssekt er tíu þúsund krónur.

„Árið 2007 voru sautján sektaðir fyrir að fleygja rusli og fimm árið áður. Sektum fyrir að fleygja rusli á almannafæri hefur ekki verið beitt að neinu ráði síðustu ár, meðal annars vegna anna og manneklu innan lögreglunnar,“ segir í umsögninni, sem tekin var saman vegna ábendingar á vefnum Betri Reykjavík um refsingar fyrir að henda rusli. Þar lýstu sig 105 fylgjandi því en tíu sögðust andvíg.

Deildarstjórinn segir beinan kostnað vegna hreinsunar rusls í borgarlandinu nema um 60 milljónum króna. Skoða megi hvort sekta eigi fólk á staðnum. „Rétt er að benda á að það að sekta einstaklinga fyrir að henda rusli eitt og sér mun einungis taka á hluta vandans þar sem rusl á almannafæri á sér fleiri uppsprettur,“ segir í umsögninni. - gar



**RUSL Í MIÐBORGINNI** Fleiri ruslastampar og aukin fræðsla eru meðal þess sem borgin er sögð geta beitt gegn rusli á almannafæri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Kringlan
VELKOMIN Í VEISLUNA
Fáðu allt fyrir fermingarveisluna á einum stað.
Fatnaðinn, gjafirnar, veitingarnar og skreytingarnar.
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
kringlan.is
AF ÖLLU HJARTA

## GENGIÐ
06.03.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,71 | 125,31 |
| Sterlingspund | 188,08 | 189 |
| Evra | 162,45 | 163,35 |
| Dönsk króna | 21,785 | 21,913 |
| Norsk króna | 21,868 | 21,996 |
| Sænsk króna | 19,544 | 19,658 |
| Japanskt jen | 1,3345 | 1,3423 |
| SDR | 187,98 | 189,1 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
222,2761

Margir hafa særst og tveir látist í átökum glæpahópa í Kaupmannahöfn frá áramótum:

# Vargöld ríkir í undirheimum Danmerkur

**DANMÖRK** Mikil ööld hefur ríkt í undirheimum Kaupmannahafnar þar sem glæpaklíkur takast á. Frá áramótum hafa tveir verið drepnir og margir hafa særst í fjölmörgum hnífa- og skotárásum.

Þetta eru mikil umskipti frá síðasta ári þegar klíkuátök voru í lágmarki, en vöxturinn er rakinn til þess að nokkrar minni klíkur í Kaupmannahöfn sameinuðust undir merkjum Loyal to Familia (LTF). Þeir hafa síðan troðið illsakir við Værebros Hårde Kerne (VHK) sem er tengd Vítisenglum, en þess utan hefur geisað stríð milli Black Cobras og Bandidos.

Stofnun LTF er rakin til þess að maður sem áður var í fararbroddi klíku einnar slapp úr fangelsi í nóvember og tók til við að sameina minni hópa gegn VHK. Það varð úr og nú telur LTF hátt í eitt hundrað meðlimi. Flestir þeirra eru af erlendu bergi brotnir en þó eru nokkrir af dönskum ættum þar á meðal.

Þessi vargöld síðustu mánuði hefur þó haft þau áhrif að ungir menn hafa flúið klíkurnar af ótta um að verða fórnarlömb í næstu árásum. **- þj**



**ÚTKALL** Mikið annríki hefur verið frá áramótum hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn þar sem glæpaklíkur hafa borist á banaspjótum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## HEIMURINN




### Milljón flóttamenn

**1** **SÝRLAND** Fjöldi þeirra sem flúið hafa stríðsátökin í Sýrlandi er nú kominn yfir eina milljón. Þetta þýðir að um fimm prósent landsmanna eru flúin til nágrannaríkjanna, einkum til Líbanons, Jórdaníu, Tyrklands, Íraks og Egyptalands. Milljónir manna eru að auki á flótta innan landamæranna og á hverjum degi forða þúsundir manna sér yfir landamærin. Átökin, sem nú hafa staðið yfir í tvö ár, hafa kostað meira en 70 þúsund manns lífið.

### Þingmenn gegn Walesa

**2** **PÓLLAND** Samkynhneigðir þingmenn í Póllandi hafa lagt undir sig sæti á fremsta bekk pólska þingsins til að mótmæla hvössum orðum Lechs Walesa í garð samkynhneigðra. Á föstudaginn sagði Walesa, fyrrverandi forseti og friðarverðlaunahafi Nóbels, að samkynhneigðir þingmenn ættu að sitja aftast í salnum, helst á bak við vegg. Venjulega sitja flokksleiðtogar í sætunum í fremstu röð.

### Microsoft sektað

**3** **BELGÍA** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gert hugbúnaðarrisanum Microsoft að greiða 561 milljarð evra, um 92.000 milljarða króna, í sekt fyrir að hafa ekki gert notendum Windows-stýrikerfisins kleift að velja sér annan netvafra í stað Internet Explorer. Microsoft hefur þar með brotið samkomulag við ESB sem gert var árið 2009. Þetta er í fyrsta sinn sem framkvæmdastjórnin sektar fyrirtæki fyrir samkomulagsbrot.

### Dansari játar sýruárás

**4** **RÚSSLAND** Pavel Dmitritsjenkó, 29 ára dansari við Bolsjoi-ballettinn í Moskvu, hefur játað að hafa skipulagt sýruárás á Sergei Filin, stjórnanda ballettsins. Tveir aðrir menn hafa játað aðild að árásinni. Dmitritsjenkó segist þó ekki hafa ætlað sér að ganga jafn langt og raunin varð. Filin brenndist illa á augum og í andliti þegar brennisteinssýru var skvett framan í hann hinn 17. janúar. Lögreglan segist telja að persónuleg óvild byggð á listrænum ágreiningi búi að baki árásinni.



# Í mál við Eir vegna innlyksa sparifjár

Maður og kona sem eiga inni tugi milljóna hjá hjúkrunarheimilinu Eir telja kröfuhöfum hafa verið mismunað. Eir greiddi niður lán á meðan fólk sem átti inni búseturéttargreiðslur fékk ekkert. 11 manns eiga þegar að hafa fengið 200 milljónir.

**DÓMSMÁL** Lögmaður tveggja einstaklinga sem hafa höfðað mál á hendur hjúkrunarheimilinu Eir telur að kröfuhöfum Eirar hafi verið mismunað þegar hjúkrunarheimilið gerði upp við aðra lánardrottna á sama tíma og búseturéttarhafar sem höfðu skilað lyklum sínum voru látnir hanga í lausu lofti mánuðum saman og fengu að lokum ekkert greitt.



**SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR**

„Mér finnst óeðlilegt að menn greiði háar fjárhæðir í afborganir af lánum en greiði ekki þeim einstaklingum sem höfðu skilað og lagt allt sitt sparifé í þessar íbúðir. Þetta fólk fór þarna í góðri trú og fullkomnu trausti til að kaupa sér skjól í ellinni, og það endar með þessum hætti," segir lögmaðurinn, Sigríður Kristinsdóttir.

Eins og segir frá á forsíðu blaðsins er önnur manneskjan sem hefur höfðað mál hálfáttræð kona sem nær varla endum saman af því að hún þarf að borga háa leigu á öðru hjúkrunarheimili en hefur hins vegar ekki aðgang að sparifénu sínu, sem er bundið hjá Eir.

Hins vegar er um að ræða erfingja fyrrverandi íbúa sem þegar hefur greitt erfðafjárskatt af peningunum sem hann hefur ekkert séð af.



**MIKILL STYR** Hjúkrunarheimilið Eir hefur verið í brennidepli frá því fyrir jól vegna fjárhagsvandræða þess. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Alls eru ellefu manns í sambærilegri stöðu; eiga inni fé hjá Eir þrátt fyrir að lyklum að íbúðunum hafi verið skilað fyrir löngu. Heildarkrafa þeirra nemur um 200 milljónum króna. Þar af eru kröfur fólksins sem hefur höfðað mál einna stærstar og hlaupa sem áður segir samtals á tugum milljóna. Þessar 200 milljónir eru lítill hluti af heildarskuldum Eirar, sem nema alls um átta milljörðum króna.

Þessum ellefu einstaklingum var í fyrradag boðið að fá afhent skuldabréf í stað greiðslunnar. Þeim sem enn búa á Eir var kynnt sams konar tillaga fyrir síðustu helgi. Hún felur í sér að í stað peningagreiðslu þegar fólk flytji út fái það afhent skuldabréf til 25 ára, að frádregnum þeim árum sem fólk myndi búa í íbúðunum til viðbótar.

**200**
milljónir króna skuldar Eir ellefu manns sem hafa fyrir löngu skilað lyklunum að íbúðum á heimilinu.

„Nú erum við bara að skoða það tilboð og óska eftir gögnum frá Eir til þess að geta tekið afstöðu til þess hvort það sé hagkvæmt að taka því eða að hafna því og Eir fari þá bara í greiðslustöðvun, nauðasamninga eða þrot," segir Sigríður. **stigur@frettabladid.is**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**BATNANDI FÆRÐ** Það ættu vonandi flestir að komast til vinnu og skóla en betra er að hlusta á tilkynningar og fréttir um færð í fjölmiðlum áður en lagt er af stað. Veður skánar mikið næstu daga en það verður áfram hvasst við suðurströndina.




**Á morgun**
Víða 10-18 m/s en allt að 23 syðst.




**Laugardagur**
10-18 m/s syðra, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 4° | Gautaborg | 3° | London | 11° | Orlando | 20° | San Francisco | 11° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 13° | Kaupmannahöfn | 3° | Mallorca | 18° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | -1° |
| Berlín | 8° | Friedrichshafen | 11° | Las Palmas | 23° | New York | 4° | París | 13° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# ER BROTIÐ Á ÞÉR?

Slys valda heilsutjóni og þjáningum. En það er ekki síður sárt þegar starfsorkan skerðist og áætlanir um framtíðina bregðast. Því fylgir óvissa og áhyggjur.

Ef þú hefur orðið fyrir slysi þá skaltu hafa samband við Bótarétt sem fyrst. Það kostar ekkert að kanna málið. Við metum stöðu þína og skoðum síðan málin ofan í kjölinn. Þú getur látið þér batna á meðan við sækjum rétt þinn.

**HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100 OG ÞÚ FÆRÐ ÞITT.**

**BÓTARÉTTUR**
*- þú færð þitt*

**botarettur.is**

ÍSLENSKA SIA.IS BOT 61644 03/13

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Íbúar hvaða landa halda fullri starfsorku lengst í Evrópu?
**2.** Hvað heitir forstöðumaður geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri?
**3.** Fyrir hvaða stjórnmálaflokk situr tónlistarmaðurinn Mugison í heiðurssæti?

**SVÖR:**
1. Svíþjóðar, Noregs og Möltu **2.** Sigmundur Sigfússon **3.** Bjarta Framtíð

Rótin klauf sig út úr SÁÁ vegna samskiptaörðugleika við formanninn og gagnrýnir „karllæga“ meðferð:

# Vilja sérstaka afeitrunarmeðferð fyrir konur

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það er mjög brýnt að byrja á því að kynjaskipta afeitruninni og skoða þessar kvennameðferðir sem eru í gangi til að sjá hvað má betur fara,“ segir Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona og stofnfélagi Rótarinnar – félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda.

Félagið var stofnað í byrjun sem Kvenfélag SÁÁ, en hefur nú klofið sig úr samtökunum vegna samskiptaörðugleika við formann félagsins, Gunnar Smára Egilsson. Hann vísaði öllum ásökunum á bug í fjölmiðlum í vikunni og sagði árekstrana fyrst og fremst vera á milli Rótarinnar og sérfræðinga innan SÁÁ.

Ilmur segir forsvarsmenn félagsins hafa hrokkið í vörn þegar Kvenfélag SÁÁ var stofnað og tekið það sem gagnrýni á starfið. „Það er einhver vörn í gangi sem við skiljum ekki,“ segir hún. „Þeir eru viðkvæmir fyrir því að við segjum að þetta sé karllæg meðferð og þeir séu að gera eitthvað vitlaust - en það er ekki rétt. Það eina sem við viljum gera er að skoða hlutina og reyna að betrumbæta.“

Ilmur segir það þekkta staðreynd að færri konur en karlar leiti sér aðstoðar vegna fíknivanda og setur spurningarmerki við það. „Áttatíu prósent kvenna inni á Vogi hafa til að mynda orðið fyrir einhvers konar ofbeldi og þessar upplýsingar eru ofan í skúffu,“ segir hún. „Við þurfum að færa úrræðin sem við bjóðum upp á inn í 21. öldina.“

- sv



**STOFNFUNDUR HALDINN Á MORGUN** Ilmur Kristjánsdóttir er einn stofnenda Rótarinnar, félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 22. mars 2013 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 6. mars 2013.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**


# Tilkynnt um átta vanrækt börn á dag

Barnaverndaryfirvöld fá þrjú þúsund tilkynningar um vanrækslu á börnum á ári og allt að fjögur þúsund börn búa við heimilisofbeldi. Allt ofbeldið hefur víðtækar afleiðingar en mælingar skortir frá hinu opinbera, segir í skýrslu UNICEF.

**SAMFÉLAGSMÁL** Börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi eru meira einmana en önnur börn, sýna frekar áhættuhegðun, líður verr í skólanum og finnst framtíðin dekkri.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, sem kemur út í dag. Í skýrslunni er fjallað um ýmiss konar ofbeldi gegn börnum, kynferðisofbeldi, heimilisofbeldi, einelti og vanrækslu. „Þetta er grafalvarlegt mál og kallar á skýr viðbrögð samfélagsins,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi.

Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er að börn sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi heima fyrir eru miklu líklegri en önnur til þess að reykja, drekka og neyta kannabisefna. Nær helmingi stúlkna finnst framtíð sín oft eða nær alltaf vera vonlaus og í kringum 15 til 30 prósentum drengja.

Þá er tilkynnt um vanrækslu á börnum í þrjú þúsund skipti á hverju ári, en vanræksla er vanræktur flokkur ofbeldis að sögn Barnahjálparinnar.

„Sama hver er aldur barns er líklegast að brot gegn barninu eigi sér stað inni á heimili brotaþola, ofbeldismanns eða á sameiginlegu heimili. Eftir því sem barnið er yngra er líklegra að ofbeldismaður sé tengdur brotaþola í gegnum fjölskyldu,“ segir um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

„Það sem gögnin sýna er að skýr tengsl eru á milli andlegrar vanlíðanar og þess að hafa orðið fyrir ofbeldi,“ segir Stefán Ingi. Hann segir það kunna að sæta furðu að öll gögnin sem skýrslan byggir á hafi legið fyrir áður. Tölurnar hafi einfaldlega ekki verið skoðaðar með þessum hætti. „Mikið magn upplýsinga er til staðar hjá ýmsum stofnunum í samfélaginu en þær eru ekki greindar með skipulögðum hætti.“

thorunn@frettabladid.is

**40%**
þeirra sem verða fyrir einelti finna fyrir vanlíðan og kvíða – 2-4% þeirra sem ekki verða fyrir einelti finna fyrir vanlíðan og kvíða.

**2.909**
tilkynningar um vanrækslu berast barnavernd á hverju ári, eða átta á dag.

**1 af hverjum 23**
börnum á Íslandi hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu. Það eru 4,4 prósent barna.



**2-4.000**
börn eru beitt eða búa við heimilisofbeldi á hverju ári.

56%
kynferðisbrota gegn börnum eru mjög gróf.

**Stúlka** er 12 sinnum líklegri til að reykja daglega ef hún hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og drengur 7 sinnum líklegri.

### Bið barnanna lengri en dómur gerenda

**Stelpa 1:** „Ég var að hugsa um ofbeldi og barnavernd og fór strax að hugsa um hvað kerfið er lengi að koma öllu í gegn, frá því að maður segir frá og þangað til eitthvað gerist. Öll biðin á milli. Að bíða eftir því hvort það verði dæmt í málinu tekur ár.“

**Stelpa 2:** „Þetta er lengri tími heldur en dómurinn sem gerandinn fær, ef hann er þá dæmdur.“

**Strákur:** „Ég veit ekki hvað gerði það að verkum að ég sagði frá en mér leið í alvöru eins og ég hefði unnið í lottói þegar ég var búinn að því. Ég sagði mömmu minni frá þessu fyrst þegar ég var barn. Ég sá auglýsingu um alnæmi þegar ég hef verið svona 10 ára og þá vildi ég vita hvernig maður fengi alnæmi. Ég var orðinn alveg viss um að ég væri með alnæmi.“

*Tilvitnanirnar eru af fundi með sérfræðihópi barna hjá UNICEF.*


**HAFBERG**
*fiskbúð sælkerans*

**Hugsum um heilsuna og borðum fisk :-)**

**LAXAFLÖK 1790 KR/KG**
**ÞORSKHNAKKAR 1790 KR/KG**
**HEITUR MATUR Í HÁDEGINU**

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686



Þarfnastu **meiri orku** til daglegra starfa?



**Orkulausnir** henta þeim sem glíma við orkuleysi, þrekleysi, verki eða svefnvanda. Hentar vel þeim sem vilja byggja upp orku vegna vefjagigtar eða eftir veikindi.

- **Hefst 12. mars - 8 vikur**
- **Þriðjud. og fimmtud. kl. 10:00 eða 15:00**
- **Þjálfun, fræðsla og einstaklingsviðtal**
- **Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari**



HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is


Hneykslunaralda ríður yfir Kína vegna barnsmorðs og viðbrögðum við því:

# Stal bíl með barni og myrti það

**KÍNA** Gríðarleg reiði hefur brotist út í Kína eftir að þjófur stal bíl fyrir utan verslun í borginni Changchun á mánudag og kyrkti í kjölfarið barn sem hann uppgötvaði að svæfi í aftursætinu. Þjófurinn gróf barnið síðan í fönn.

Maðurinn gafst upp á þriðjudag í miðri dauðaleit 3.500 lögreglumanna að honum.

Málið hefur vakið mikla hneykslan. Margir hafa krafist þess opinberlega að morðinginn fái dauðarefsingu en foreldrar barnsins hafa einnig fengið sinn skerf af gagnrýni fyrir að gæta þess ekki nógu vel.

Faðir barnsins, eigandi verslunarinnar sem bíllinn stóð fyrir utan, hafði skilið bílinn eftir opinn og í gangi á meðan hann stökk inn til að tendra eld í kuldanum.

Þá hefur mörgum sömuleiðis þótt auglýsingaherferð sem Buick-bílaframleiðandinn efndi til í framhaldinu í svívirðileg. Þar eru bílarnir auglýstir sem fullkomlega öruggir og sérstaklega einblínt á GPS-kerfi sem gerir eigandanum kleift að slökkva á bílnum og læsa honum hvaðan sem er. Með auglýsingunum fylgja myndir af barninu, sem nú er látið.

- sh

➜ Bílaframleiðandinn Buick hefur bara gert illt verra með auglýsingaherferð sem flestum finnst í meira lagi ósmekkleg

# danskir DAGAR




**JENSEN´S TILBÚNIR RÉTTIR**
Buff stroganoff
Favorit pottréttur
Mörbrad gryde
Frokostbof
Farmerbof






**Jensen´s sósur**
- þarf aðeins að hita

## TULIP ÁLEGG Í ÚRVALI




**TULIP ÁLEGG**
Hamborgarhryggur
Reykt rúllupylsa
Rúllupylsa
Roastbeef
Steiktur kambur




**Jaka Bov skinka**




**Hot dog pylsur, pylsubrauð og dressing**
allt sem þú þarft í danska Pølse

EKTA DÖNSK LIFRAKÆFA




**Tulip kæfur**
2 tegundir




**Jolly Cola**
0,5 líter




**Dönsk kremterta**




**Faxe Kondi og Nikoline drykkir**




**Danskt morgunkorn**
Mini fras, havre flakes, havre fras og rug fras.




**Dan Cake kökur**
margar tegundir




**Sambakossar**
2 tegundir




**Sun Lolly**
tilbúið til að setja í frysti

Gildir til 17. mars á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




NÁM Í DANMÖRKU EÐA SVÍÞJÓÐ

**Námskynning verður í Sunnusal á Hótel Sögu laugardaginn 9. mars frá kl. 12–16.**

**Eftirfarandi háskólar munu kynna:**

- Syddansk Universitet, www.sdu.dk
- Högskolan í Skövde, www.his.se
- Luleå Tekniska Universitet, www.ltu.se

**Ennfremur munu eftirfarandi danskir háskólar, sem eru með lengri og styttri nám á háskólastigi kynna sína skóla:**

- Erhvervsakademi Kolding, www.eakolding.dk
- Erhvervsakademi Lillebælt, www.eal.dk
- Erhvervsakademi Sydvest, www.easv.dk
- University College Sjælland, www.ucsj.dk
- VIA University College, www.via.dk

Margir skólanna kenna á ensku. **University College Sjælland** mun kynna alþjóðlegt kennaranám á ensku, sem er nýjung hjá þeim, sjá nánar á www.ucsj.dk/ite


# Hefur enn ekki skilað umsögn um sjálfsvíg

Landlæknisembættinu hefur enn ekki borist greinargerð frá Sjúkrahúsinu á Akureyri um sjálfvíg sjúklings. Embættinu ber að skoða málið en rannsókn tefst sökum þessa. Faðir sjúklings segir þjónustuna á Norðurlandi fyrir neðan allar hellur.

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættinu hefur enn ekki borist greinargerð frá forsvarsmönnum geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri varðandi sjálfsvíg sjúklings á deildinni í október síðastliðnum.

Embættið ítrekaði beiðnina í janúar, en hefur enn ekki fengið svör. Samkvæmt lögum ber Landlækni að rannsaka öll óvænt atvik sem koma upp innan heilbrigðisstofnana, en rannsóknin á sjálfsvíginu á Akureyri hefur tafist vegna greinargerðarinnar.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að í úttekt Landlæknis á Sjúkrahúsinu á Akureyri komi fram að aðbúnaður sjúklinga á geðdeildinni sé óviðunandi og óforsvaranlegur. Starfsfólk óttist um öryggi sjúklinga, mannekla sé mikil og álag viðvarandi. Biðlistar lengjast stöðugt og eftirspurn eftir þjónustu hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár, þá sér í lagi eftir lokun dagdeildar árið 2010.

Tveir inniliggjandi sjúklingar hafa framið sjálfvíg inni á geðdeild sjúkrahússins undanfarin tvö ár og er Landlæknir með það síðara í skoðun, eins og fyrr segir.

sunna@frettabladid.is



**SEINAGANGUR Á GEÐDEILDINNI** Landlæknir ítrekaði beiðni sína eftir greinargerð geðdeildarinnar um sjálfsvíg sjúklings í janúar. Enn hafa engin svör borist frá sjúkrahúsinu.

## Beið í meira en þrjár vikur eftir samtali

Norðlenskur faðir reyndi árangurslaust í meira en þrjár vikur að ná sambandi við lækna á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri vegna sonar síns sem á við geðræn vandamál að stríða. Maðurinn, sem vill ekki koma fram undir nafni, segist ítrekað hafa skilið eftir skilaboð á deildinni, sent pósta og beðið um samband við lækna en engin svör fengið. Eftir meira en þrjár vikur sagðist maðurinn ætla að fara með málið til Landlæknis ef engin svör bærust. Þegar hann svo gerði það fékk hann símtal frá geðlækni sjúkrahússins daginn eftir að kvörtun hans var lögð inn til Landlæknis.

Maðurinn segir þjónustu við sjúklinga á Norðurlandi fyrir neðan allar hellur og bendir á að ástandið sé sérstaklega slæmt utan Akureyrar í minni bæjarsamfélögum.


Vefverslun á að virka alls staðar

Meira en helmingur Íslendinga notar netið með farsímum og spjaldtölvum. Er þín vefverslun tilbúin?

Fáðu frekari upplýsingar á borgun.is/vefgreidslur eða í síma 560 1600


Inngangur að lögfræði 3.350 kr.


3 nætur á Mývatni 46.370 kr.


Ketilbjöllur 8.390 kr.



Með Borgun tekur þú við öllum kortum – hvar og hvenær sem er

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is




20% AFSLÁTTUR
af Gerry Weber, Taifun og öllum töskum

Gildir út sunnudag

Opið í kvöld til 21:00

Gerðu lífið skemmtilegra

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Unnið er á vöktum allan sólarhringinn í loðnuhrognavinnslu HB Granda:

# Hrogn fryst allan sólarhringinn

**SJÁVARÚTVEGUR** Frysting á loðnuhrognum hófst hjá fiskiðjuveri HB Granda á Akranesi um liðna helgi og hefur hrognaskurðurinn og frystingin gengið vel þessa fyrstu daga. Unnið er allan sólarhringinn í loðnuhrognavinnslunni á Akranesi.

Gunnar Hermannsson, sem hefur umsjón með vinnslunni, segir í frétt á heimasíðu fyrirtækisins að hrognaþroskinn sé þegar 100% og vinnslan gangi eins og best verði á kosið.

Unnið er allan sólarhringinn í loðnuhrognavinnslunni á Akranesi. Mest er unnið á tveimur tólf tíma vöktum og vinna um 50 manns á hvorri vakt. Afkastagetan í frystingunni er um hundrað tonn á sólarhring en hægt er að skera og hreinsa mun meira magn.

Að sögn Gunnars verða þau hrogn sem eru umfram frystigetu vinnslunnar send landleiðina til Vopnafjarðar og fryst þar, en hrognafrysting er enn ekki hafin á Vopnafirði. **- shá**



**ALDINN HÖFÐINGI** Víkingur AK var sendur á loðnu en alla jafna liggur hann í höfn á Akranesi. MYND/KARL SIGURJÓNSSON






## HUGO CHAVEZ FRIAS 1954-2013



- **28. júlí 1954** Hugo Rafael Chavez Frias fæddur í Sabaneta í Venesúela.
- **1971-75** Nám í herskóla Venesúela. Þróar kenningu um að herinn eigi að grípa til aðgerða gegn spilltum stjórnmálamönnum.
- **1982** Stofnar Byltingarhreyfingu Bolivars 200, leynihóp innan hersins innblásinn af hugmyndum þjóðhetjunnar Simons Bolivar.
- **1992** Settur í fangelsi eftir að hafa reynt að steypa Carlos Perez forseta af stóli.
- **1994** Náðaður af **Rafael Caldera** forseta Venesúela.
- **1997** Stofnar Hreyfingu fimmta lýðveldisins og boðar félagslegar og efnahagslegar umbætur.
- **1998** Sigrar í forsetakosningum með 56 prósent atkvæða.




- **1999** Setur af stað Bolivar-áætlunina um stóraukna velferðarþjónustu, gerir stjórnarskrárbreytingar og breytir nafni ríkisins í **Bólívarska lýðveldið Venesúela.**
- **2000** Endurkosinn forseti. Færir hverja ríkisstofnunina á fætur annarri undir yfirráð sín. Gerir skiptasamning við Kúbu um olíu fyrir lyf.
- **2002** Tilraun gerð til að ráða Chavez af dögum.
- **2006** Endurkosinn forseti með 63 prósentum atkvæða.
- **2009** Samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu að afnema hámarkslengd forsetatíðar, þannig að hann geti setið lengur en tvö kjörtímabil í embætti.
- ***Júní-júlí 2011*** Undirgengst krabbameinsmeðferð á Kúbu.
- **Október 2012** Vinnur sigur í forsetakosningum í fjórða sinn með 55 prósentum atkvæða.
- **Desember** Aftur í krabbameinsmeðferð á Kúbu. Tilefnir Nicolas Maduro varaforseta arftaka sinn.
- **Febrúar 2013** Aftur til Venesúela.
- **5. mars 2013** Hugo Chavez forseti tapar baráttunni við krabbameinið og deyr, 58 ára gamall.

© Graphic News

# Margir syrgja sárt en sumir eru fegnir

Efna þarf til forsetakosninga í Venesúela innan 30 daga, nú þegar Hugo Chavez er látinn. Notaði olíuauð landsins til að styrkja stöðu fátækra en hefur verið gagnrýndur fyrir virðingarleysi fyrir mannréttindum.

**VENESÚELA, AP** Viðbrögðin við andláti Hugo Chavez, forseta Venesúela, hafa ýmist verið sorg eða gleði. Aðdáendur hans gráta hástöfum en aðrir fagna því að þessi umdeildi leiðtogi sé farinn frá.

Töluverð óvissa ríkir þó um hvað við tekur nú þegar Chavez er farinn. Efna þarf til forsetakosninga innan 30 daga og sjálfur hafði Chavez hvatt landsmenn til að kjósa varaforseta sinn, Nicolas Marduro.

Stemmningin í kringum íburðarmikla jarðarför, sem haldin verður á næstunni með langorðum lofgjörðum um Chavez, mun vafalaust styrkja stöðu Marduros en hann getur þó engan veginn gengið að sigri vísum.

Fátækari hluti landsmanna mun að vísu flykkja sér um Marduro, enda hefur Chavez óspart notað olíuauð landsins til að styrkja stöðu fátækra. Helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar, Henrique Capriles, á þó einnig mikinn stuðning meðal þeirra sem hafa verið ósáttir við stjórnarhætti Chavez.

Mannréttindasamtökin Human Rights Watch segja stjórnartíð Chavez hafa einkennst af einræðishneigð og grímulausu virðingarleysi fyrir mannréttindum. Hann hafi í reynd sölsað undir sig hæstarétt landsins og gengið hart fram gegn blaðamönnum og öðrum sem gagnrýndu forsetann eða stefnu hans.

Hugo Chavez var fyrst kosinn forseti Venesúela árið 1998 með 56 prósentum atkvæða. Sex árum áður hafði hann reynt að gera stjórnarbyltingu og sat tvö ár í fangelsi.

Eitt fyrsta verk hans í embætti var að semja nýja stjórnarskrá. Hann hefur síðan þrisvar verið endurkosinn forseti, nú síðast í haust en honum entist ekki heilsa til að taka við embættinu formlega í janúar þegar nýtt kjörtímabil hófst.

Hann veiktist af krabbameini árið 2011 og hefur nokkrum sinnum leitað sér lækninga á Kúbu, en aldrei hefur verið gert opinbert nákvæmlega hvaða tegund af krabbameini það var sem hrjáði hann. gudsteinn@frettabladid.is




**NÍSTANDI SORG** „Ég er Chavez" stendur á skiltunum sem þessir eldheitu aðdáendur forsetans drógu upp eftir að frést hafði af láti hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Snýr aftur til jarðar ásamt Jesú

Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, hefur árum saman verið einn dyggasti aðdáandi Hugo Chavez. Ahmadinejad segir að Chavez hafi dáið píslardauða, því eitthvað gruggugt hafi verið við sjúkdóminn sem dró hann til dauða. Hins vegar sagðist Ahmadinejad sannfærður um að Chavez muni snúa aftur, „ásamt hinum réttsýna Jesú og hinum fullkomna manni", en með þessum síðasta á Ahmadinejad við tólfta ímaminn, þann sem sjíamúslimar trúa að muni snúa aftur til jarðar ásamt Jesú til þess að koma á friði og réttlæti. Þessar yfirlýsingar Ahmadinejads gætu hæglega orðið upphafið að nýjum trúarbrögðum.



# FRAMFARIR Í 50 ÁR

Árið 1963 hófst eldgos undir hafsbotni sem vitnar um hina gríðarlegu orku sem býr í jarðgrunni Íslands. Surtsey reis úr sæ og hefur nú staðið af sér brimrót í 50 ár. Þessa orku hefur Íslendingum tekist að beisla og nýta landi og þjóð til velferðar og hagsbóta.

Frá árinu 1963 hefur starfsfólk Mannvits og forverar þess verið leiðandi í ráðgjöf á fjölþættu sviði orkunýtingar, iðnaðar og mannvirkja á Íslandi.

Við þökkum samstarfsaðilum okkar og viðskiptavinum fyrir farsælt samstarf í hálfa öld. Megi næstu 50 ár leiða af sér aukna velferð með traust, víðsýni, þekkingu og gleði að leiðarljósi.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA MYND: SIGURJÓN EINARSSON

1963
2013 | 50

MANNVIT



## Lækkum vöruverð

Markvissar og raunhæfar aðgerðir í þágu heimilanna sem má koma í framkvæmd án tafar.

- › **Lækkum virðisaukaskatt**
- › **Einföldum og lækkum vörugjöld og afnemum þau að lokum**

**Í þágu heimilanna** XD

# Skattaívilnanir og milljarða framlög

Atvinnuvegaráðherra fær heimild til að semja um framkvæmdir í tengslum við uppbyggingu á Bakka fyrir 3,4 milljarða króna. Ríkið veitir ívilnanir vegna verkefnisins umfram þær sem lög kveða á um. Umtalsverður skattaafsláttur gefinn.

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, fær heimild til að skuldbinda ríkissjóð til útgjalda upp á 3,4 milljarða króna í tengslum við uppbyggingu stóriðju á Bakka, verði frumvarp um það að lögum. Að auki er farið fram á heimild til að veita ýmsar ívilnanir í tengslum við verkefnið, meiri en kveðið er á um í lögum um ívilnanir vegna fjárfestinga.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að tekjuskattur rekstrarfélags kísilvers á Bakka, PCC BakkiSilicon hf., verði fimmtán prósent, en ekki tuttugu prósent eins og lög gera ráð fyrir að megi semja um. Þá verði félagið algjörlega undanþegið tryggingargjaldi, en heimild er í lögum að semja um að félög greiði tuttugu prósent gjaldsins. Þá er gert ráð fyrir að félagið greiði engin stimpilgjöld af skjölum sem það gefur út og njóti 50 prósenta afsláttar af fasteignagjöldum. Heimild er til að semja um 30 prósenta afslátt af fasteignagjöldum. Loks er gert ráð fyrir því að þau skattafrávik gildi í fjórtán ár.

„Áætlað er að þær ívilnanir sem ríkið veitir til verkefnisins vegna frávika frá sköttum og gjöldum, það er lægra tekjuskattshlutfall og undanþága frá almennu tryggingagjaldi og stimpilgjaldi, geti verið um 100–150 m.kr. á ári eða um 1–1,5 mia. kr. á 10 ára tímabili frá því að starfsemin hefst,“ segir í frumvarpinu. Það þýðir 1 til 1,5 milljarða króna tekjumissi fyrir ríkið á tímabilinu, sem bætist við þau útgjöld sem fyrr var um getið.

Í umsögn fjármálaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið er því velt upp hvort verið sé að setja fordæmi fyrir þá sem sækja um sams konar fjárfestingarverkefni.

Ríkisstjórnin fól á föstudag fjármálaráðherra að ræða við aðila í Reykjanesbæ vegna framkvæmda við Helguvík.

kolbeinn@frettabladid.is

## Beinn kostnaður ríkissjóðs*

| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Rannsóknir og útboð v. vegtenginga | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100 |
| Vegtenging frá höfn að Bakka | 0 | 850 | 850 | 0 | 0 | 1.700 |
| Hafnarframkv. við Húsavíkurhöfn | 0 | 348 | 238 | 233 | 0 | 819 |
| Vegna frumvarps um uppb. innviða | 100 | 1.198 | 1.088 | 233 | 0 | 2.619 |
| Lóðaframkv. v. iðnaðarlóðar á Bakka | 0 | 279 | 279 | 0 | 0 | 559 |
| Þjálfunarstyrkur | 0 | 0 | 26 | 105 | 105 | 237 |
| Vegna frumvarp um samn. v. kísilvers | 0 | 279 | 306 | 105 | 105 | 796 |
| **Samtals kostnaður ríkissjóðs** | **100** | **1.477** | **1.394** | **338** | **105** | **3.415** |

*Í milljónum króna

2012 ÁRGERÐ - LÍTIÐ EKNIR!

6 stk til sölu

NISSAN PATHFINDER SE DÍSIL

NISSAN PATHFINDER SE SJÁLFSKIPTUR
NÝSKRÁÐUR 05/2012, ek. 23 þ.km

VERÐ ÁÐUR KR. 7.690.000

TILBOÐSVERÐ!
6.990 þús.



ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR
TÖKUM NOTAÐA BÍLA UPP Í

Erum að losa lager og því eru til sölu með frábærum afslætti síðustu eintökin okkar af lítið eknum Nissan Pathfinder árgerð 2012. Nissan Pathfinder er afar rúmgóður jeppi með öflugri dísilvél, mjög öflugu drifkerfi, mjúkri fjöðrun og er hlaðinn staðalbúnaði. Bílarnir eru til reynsluaksturs og sölu hjá Bílalandi Klettháls 11 og Breiðhöfða. Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup!

bílaland

Klettháls 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

WWW.FACEBOOK.COM/BILALAND.IS

HR
HELENA RUBINSTEIN

POWER BEAUTY
SINCE 1902



SURREALIST
EVERFRESH

FYRSTI MASKARINN OKKAR SEM ÞORNAR EKKI UPP
HRÍFANDI AUGNHÁR FRÁ FYRSTA TIL SÍÐASTA NOTKUNARDAGS



DAG EFTIR DAG:

ÞYKKIR MIKIÐ
GRAFÍSK LENGD
MIKILFENGLEG SVEIGJA
DRAUMUR AÐ NOTA

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRA, GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM 7.–13. MARS

## 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM SERUMDROPUM

**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 1 HR krem eða 2 eða fleiri HR vörur:**

~ HR taska

~ Prodigy Powercell serumdropar 15 ml.

~ Prodigy Powercell augnkrem 3 ml.

~ Lash Queen Celebration maskari ferðastærð.

~ Prodigy Powercell krem 5 ml.

~ All Mascaras augnfarðahreinsir 50 ml.

**Verðmæti kaupaukans 16.500 kr.**




* Gildir ekki með blýöntum eða Nudit. Gildir meðan birgðir endast.
Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Fermingar ljóminn

**Snyrtivörur, hárgreiðsla, hársnyrtivörur og hárskart**
Í Smáralind færðu allt sem gerir fermingarbarnið ljómandi fínt á ógleymanlegum degi. Við hlökkum til að aðstoða þig við fermingarundirbúninginn.



**Hár:** Modus, hárstofa með vörum frá BedHead, blómsveigur, 2.000 kr. frá Bjarkarblómi.

**Förðun:** Mac


**Skemmtilegur fermingarleikur**

Taktu mynd í verslunum Smáralindar af flottri fermingargjöf eða einhverju flottu fyrir ferminguna og deildu henni á **Instagram** með hashtagginu **#smaralindferming** eða sendu á Facebook-síðu Smáralindar.

Dregið er út vikulega **10.000 kr. gjafakort** frá Smáralind. Allir þátttakendur fara í lokapott sem dregið er úr **14. mars** og fær vinningshafinn **100.000 kr. gjafakort** frá Smáralind.

*Það borgar sig að taka þátt!*




**Gjafakort Smáralindar** er tilvalin fermingargjöf

# Allt fyrir fermingar-ljómann í Smáralind




ENNEMM / SÍA / NM56536

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**1 Bjarkarblóm** Mikið úrval af blómaskreytingum í hárið **2 MAC** BB-compact krem, 6.590 kr. **3 MAC** BB-krem, 6.590 kr. **4 Lyfja** Maybelline BB-krem, 2.658 kr. **5 MAKE UP STORE** Naglalakk, 2.690 kr. **6 MAKE UP STORE** Varagloss, 3.290 kr. **7 Body Shop** E-vítamín krem, 1.790 kr. **8 Body Shop** Andlitsmaski, 1.890 kr. **9 Body Shop** Púðurfarði, 2.890 kr. **10 MAKE UP STORE** Steinefnapúður, 7.690 kr. **11 MAKE UP STORE** Púðurbursti, 6.990 kr. **12 Lyfja** Clean & Clear bólubani, 1.225 kr. **13 Lyfja** Lavera brúnkukrem, 3.427 kr. **14 Signatures of Nature** Faran vanilla húðolía, 3.490 kr. **15 Signatures of Nature** Faran vanilla sturtusápa, 2.990 kr. **16 Lyfja** Police To Be rakspíri og sturtusápa, 4.499 kr. **17 Ice in a bucket** Blómaspenna, 599 kr. **18 Modus** BedHead hármýkingarkrem, 3.990 kr. **19 Modus** Sebastian hármótunarefni, 3.360 kr. **20 Holland & Barret** Dr.Organic sjampó og hárnæring, 3.780 kr. **21 Modus** BedHead herrasjampó, 2.255 kr. **22 Holland & Barret** Dr.Organic hárserum, 4.890 kr. **23 Modus** Moroccanoil hárolía, 6.490 kr. **24 Holland & Barret** Dr.Organic hárolía 4.490 kr. **25 Modus** Gorgeous sléttujárn, 14.750 kr. **26 Ice in a bucket** Hárspöng, 1.999 kr. **27 Ice in a bucket** Hárskrúfur, 6 stk., 999 kr.

smaralind.is
Opnunartímar:
Virka daga 11-19
Fimmtudaga 11-21
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18

facebook



**ALLT STOPP** Stórir sem smáir þurftu að játa sig sigraða þegar veðrið var sem verst. Strætó sat fastur á móts við Stórhöfða með brotinn öxul. Olli það miklum töfum á umferð frá Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**YFIRGEFNIR** Fjölmargir þurftu að skilja bíla sína eftir þegar veðrið var sem verst í gær. Yfirgefnir bílar töfðu mjög fyrir umferð sem og hreinsunarstarfi þegar líða tók að kvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SAMHJÁLP** Margir þurftu að reiða sig á hjálp frá samborgurum sínum í gær þegar verst lét.

# Umferð í borginni lamaðist um hríð

**2.00-2.30**
Byrjar að hvessa og snjóa. Veður versnar hratt til 4.00.

**4.00**
Snjóruðningstæki og bílar á höfuðborgarsvæðinu hefja störf og reyna að halda stofnbrautum og strætisvagnaleiðum opnum. Eins til að reyna að tryggja greiðan aðgang á bílastæði við grunn- og leikskóla.

**8.15**
Vesturlandsvegi lokað og sátu mörg hundruð bílar fastir. Þar við sat í um fimm klukkustundir áður en tókst að losa úr flækjunni með aðstoð björgunarsveita.

**9.00**
Starfsmenn séraðgerða- og sprengjueyðingarsviðs Landhelgisgæslunnar kallaðir til aðstoðar lögreglu og slökkviliði höfuðborgarsvæðisins vegna ófærðar. Ökutæki LHG fylgja neyðarbílum í útköll og tryggja greiðari aðgang þeirra um höfuðborgarsvæðið.

**10.30**
15 til 20 bíla árekstur á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk. Sjúkrabílar og tækjabíll slökkviliðsins kallaðir á vettvang.

Allar björgunarsveitir Landsbjargar á Suður- og Suðvesturlandi verið kallaðar út.

Öllum ferðum Strætó aflýst vegna ófærðar. Einnig hætti Ferðaþjónusta fatlaðra akstri.

**11.00**
Almannavarnir senda tilkynningu til foreldra á höfuðborgarsvæðinu og ráða þeim frá því að sækja börn sín í leik- og grunnskóla þar sem þau séu örugg. Foreldrum sagt að bíða tilkynningar lögreglu

**13.30**
Lögregla sendi út tilkynningu um að mat yrði komið til þeirra sem hefðu svöng börn í bílum sem fastir voru vegna ófærðar. Fólki sagt að tilkynna slík atvik til 112.

**15.00**
Foreldrum tjáð að þeim sé óhætt að sækja börn sín.

**15.30**
Strætó hefur að nýju akstur á stofnæðum.

**18.00**
Lögreglan biður ökumenn sem skildu eftir bíla sína vegna ófærðar og veðurs að sækja þá sem allra fyrst. Snjóruðningur að fara af stað af fullum krafti og mikilvægt að fastir bílar tefji ekki hreinsun gatna.

2 | 4 | 6 | 8 | 10 | 12 | 14 | 16 | 18





## Útboðsþing Samtaka iðnaðarins
### - Verklegar framkvæmdir 2013 -

**Grand Hótel Reykjavík, Gullteigur**
**Föstudaginn 8. mars kl. 13:00 – 16:30**

Eftirtaldir aðilar kynna framkvæmdaáætlanir sínar á árinu:

*Faxaflóahafnir*
*Reykjavíkurborg*
*Framkvæmdasýsla ríkisins*
*Landsvirkjun*
*HS Orka*
*Siglingastofnun*
*Landsnet*
*Orkuveita Reykjavíkur*
*Vegagerðin*

*Skráning á www.si.is*

FÉLAG VINNUVÉLAEIGENDA
MANNVIRKI FÉLAG VERKTAKA
SI
*Samtök iðnaðarins - www.si.is*




**HAUKUR INGI HJALTALÍN** Komst loks í vinnuna í Turninum í Kópavogi eftir tvo árekstra á leið sinni úr Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tugir árekstra á nokkrum klukkutímum:

## Lenti í tveimur árekstrum á korteri

**ÓVEÐUR** „Þetta var aðallega skemmtileg lífsreynsla,“ segir Haukur Ingi Hjaltalín, sem lenti í tveimur árekstrum á leið til vinnu í gær – í sitt hvorum bílnum.

Haukur Ingi býr í Hafnarfirði og vinnur í Kópavogi. Um níuleytið í gærmorgun ók hann inn í blindbyl á Reykjanesbraut við Vífilsstaðaveg. „Það næsta sem ég sá var bíll þvert á veginum,“ segir Haukur. „Ég reyndi að komast framhjá og fór út í vegrið en klessti samt á hann. Ég var fjórði bíllinn í þeim árekstri. Það stóð maður á milli bílanna og þótt ég væri ekki nema á tuttugu kílómetra hraða þá sleikti bíllinn á honum rassinn svo honum rétt tókst að stökkva frá.“

Haukur segir manninn sem slapp svo naumlega hafa sagst vera með þriggja daga gamalt barn í bílnum svo greitt hafi verið fyrst úr hans málum. Sjálfur hafi hann sest inn í bíl frá Aðstoð & öryggi þegar fulltrúi fyrirtækisins mætti á staðinn.

„Þá kom pallbíll og keyrði á þann bíl og svo þriðji bílinn sem klessti á pallbílinn,“ segir Haukur, sem kveðst í fyrstu hafa verið mjög pirraður yfir atburðarásinni enda óljóst hver væri í rétti. Upplifunin hafi þó verið merkileg. „Það er óneitanlega dálítið sérstakt að lenda í árekstri með fimmtán mínútna millibili á sitt hvorum bílnum.“

Sindri Ásbjörnsson hjá Aðstoð & öryggi segir að um klukkan hálfþrjú í gær hafi starfsmenn fyrirtækisins verið búnir að sinna um þrjátíu árekstrum. „Þetta var stórkostlega erfiður dagur,“ sagði Sindri. **- gar**

Fleiri ferðamenn í febrúar:

# Fjölgaði um nærri helming

**FERÐAMÁL Rétt um 40 þúsund erlendir ferðamenn sóttu Ísland heim í febrúar, nærri helmingi fleiri en í febrúar í fyrra.**

**Samkvæmt Ferðamálastofu fóru rétt tæplega 40 þúsund erlendir ferðamenn af landi brott í febrúar, samanborið við tæplega 28 þúsund í febrúar í fyrra. Aukningin er rúm 43 prósent. Flestir af ferðamönnunum voru frá Bretlandi, um 40 prósent. Þá komu um þrettán prósent frá Bandaríkjunum og átta prósent frá Noregi.** - bj

Viðamiklu alþjóðlegu jarðhitaverkefni ætlað að auðvelda ríkjum í Austur-Afríku að nýta jarðhita:

# Yfirmenn jarðhitaverkefna fái reynslu hér

**ORKUMÁL** Framkvæmdastjóri hjá Alþjóðabankanum hefur lagt til að íslensk stjórnvöld víkki út hlutverk Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og bjóði yfirmönnum nýrra jarðhitafyrirtækja erlendis upp á þjálfun hér á landi.

Þetta kom fram í máli Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra þegar hann setti alþjóðlega jarðhitaráðstefnu í Hörpu í gær.

Sri Mulyani Indrawati, framkvæmdastjóri hjá Alþjóðabankanum, sagði í erindi sínu á ráðstefnunni mikilvægt fyrir aðrar þjóðir að nýta sér þekkingu og reynslu Íslendinga í jarðhitamálum.

Hún sagði að minnsta kosti fjörutíu ríki eiga nægar jarðhitaauðlindir til að virkja. Vandinn við jarðhitann, eins og aðra endurnýjanlega orkugjafa, væri hár stofnkostnaður.

Auk þess að víkka út hlutverk jarðhitaskóla sagði hún mikilvægt að sem flestir fjármálaráðherrar ríkja sem gætu nýtt jarðhita heimsæktu landið. Þannig gætu þeir fengið reynslu Íslendinga beint í æð og væru líklegri til að beita sér fyrir fjárútlátum til jarðhitaverkefna. Eins og tilkynnt var seint á síðasta ári er fram undan viðamikið samstarf Íslands og Alþjóðabankans þar sem leita á að jarðhita í þrettán ríkjum Austur-Afríku. Alþjóðabankinn mun byggja upp 65 milljarða króna sjóð og munu íslensk stjórnvöld leggja 800 milljónir króna í sjóðinn. Þá munu Íslendingar aðstoða ríkin við jarðhitaleit og nauðsynlegar grunnrannsóknir. - bj



**RISI** Ísland er risi á sviði jarðhita og mikilvægt fyrir ríki sem ætla að hasla sér völl á því sviði að nýta reynslu Íslendinga, sagði Sri Mulyani Indrawati á jarðhitaráðstefnu í Hörpu í gær.

Á öngstræti á þróunarbraut:

# Tugir eðlutegunda deyja út

**VÍSINDI** Tugir eðlutegunda munu deyja út á næstu 50 árum vegna hlýnunar jarðar, að mati náttúrufræðinga.

Eðlurnar eiga það sameiginlegt að hafa aðlagast kaldara veðurfari en aðrar eðlur með því að eignast lifandi afkvæmi í stað þess að verpa eggjum.

Með hækkandi hitastigi jarðar eru þessar tegundir nú komnar í öngstræti á þróunarbrautinni, segir dr. Daniel Pinchira-Donoso, einn af fáum sérfræðingum heimsins í þessum eðlutegundum. Hann segir útdauða þessara tegunda mikið áhyggjuefni fyrir fjölbreytileika dýraríkisins. - bj



**VILNIUS Í LITHÁEN** Mestur þróttur innan ESB var í hagkerfum Eystrasaltsríkjanna undir lok síðasta árs. MYND/GETTY

Hagkerfi ESB minnkaði 2012:

# Áfram samdráttur í ESB

**EFNAHAGSMÁL** Hagkerfi Evrópusambandsins skrapp saman um 0,5% á síðasta fjórðungi síðasta árs. Þar með var samdráttur á svæðinu samanlagt 0,3% á árinu.

Þróunin var enn neikvæðari í ríkjum evrusvæðisins, þar sem samdrátturinn var 0,6% bæði á fjórða ársfjórðungi og yfir allt árið. Aðild að evrunni eiga sautján af 27 ríkjum ESB.

Sé litið á einstök ríki var fjórði ársfjórðungur 2012 verstur í Portúgal, þar sem mældist 1,8% samdráttur. Þá skruppu hagkerfi Kýpur og Slóveníu saman um 1%. Í Eystrasaltslöndunum mældist aftur á móti nokkur hagvöxtur. - mþl

Sorpeyðing í Evrópu 2011:

# 40% af rusli í endurvinnslu

**EVRÓPA** Rúm 500 kíló af húsasorpi féllu til frá hverjum íbúa ESB-ríkjanna árið 2011, að því er fram kemur í tölum Eurostat. Um 40% af því fóru í endurvinnslu eða voru sett í safnhaug, en 60% fóru í landfyllingu eða var brennt.

Þetta er talsverð breyting frá því sem áður var þar sem áratug áður, árið 2001, fóru aðeins 27% í endurvinnslu eða safnhauga.

Meira en helmingur sorps er endurunninn í Þýskalandi, Austurríki, Hollandi og Belgíu.

Mest rusl fellur til frá Dönum, rúm 700 kíló, en minnst rusl fellur til frá Mið- og Austur-Evrópuríkjunum, minna en 400 kíló á mann. - bj



## NEYTENDASTOFA SEKTAR BETRA BAK

Neytendastofa hefur lagt 1,5 milljóna króna stjórnvaldssekt á verslunina Betra bak fyrir að hafa auglýst heilsudýnur á tilboðsverði lengur en heimilt er. Í frétt á vef Neytendastofu segir að verslunin hafi boðið Tempur-heilsudýnur á lækkuðu verði samfellt frá því í byrjun júnímánaðar 2012 til miðs októbermánaðar 2012. Bent er á að þegar vara hafi verið auglýst á tilboði í sex vikur sé ekki hægt að segja að hún sé á tilboðsverði. Jafnframt er greint frá því að Betra bak hafi brotið gegn eldri ákvörðun Neytendastofu frá því í apríl 2012. Þótti Neytendastofu af þessu tilefni nauðsynlegt að leggja stjórnvaldssekt á fyrirtækið.

## FLEIRI KVARTANIR VEGNA NETVIÐSKIPTA

Evrópsku neytendaaðstoðinni, ECC, bárust í fyrra yfir 32 þúsund kvartanir vegna kaupa á vöru eða þjónustu af seljendum í öðrum Evrópulöndum en skrifstofur ECC eru starfræktar í öllum ESB-ríkjunum auk Íslands og Noregs. Flest erindin á árinu vörðuðu ferðamál og þá sér í lagi flugþjónustu. Neytendur kvörtuðu einnig vegna kaupa á fatnaði, skóm, húsgögnum og menningarviðburðum. Kvartanir vegna viðskipta á netinu voru 60 prósent allra kvartananna á móti 57 prósentum árið 2011.

Evrópska neytendaaðstoðin veitir neytendum upplýsingar og leiðbeiningar án endurgjalds.

| Kjöt | Mánuðir |
|---|---|
| Feitt | 3 - 6 |
| Magurt | 6 - 10 |
| Magurt í sneiðum | 4 - 6 |
| Reykt | 4 - 6 |
| Hakk, feitt | 2 - 3 |
| Hakk, magurt | 4 |

| Kjúklingur | Mánuðir |
|---|---|
| Kjúklingur | 8 - 10 |

| Svínakjöt | Mánuðir |
|---|---|
| Magurt | 6 |
| Feitt | 3 |

| Lambakjöt | Mánuðir |
|---|---|
| Lambakjöt | 10 - 12 |
| Slátur, ósoðið | 10 - 12 |
| Slátur, soðið | 6 - 8 |




| Nautakjöt | Mánuðir |
|---|---|
| Nautakjöt | 10 |

| Grænmeti | Mánuðir |
|---|---|
| Grænmeti | 10 - 12 |
| Ber | 10 - 12 |

| Ís & kökur | Mánuðir |
|---|---|
| Rjómaís | 3 - 6 |
| Brauð og kökur | 4 - 6 |

| Ís & kökur | Mánuðir |
|---|---|
| Afgangar af elduðum mat | 2 - 4 |

| Fiskur | Mánuðir |
|---|---|
| Magur | 3 til 6 |
| Feitur | 1 til 2 |
| Skelfiskur | 2 til 3 |

# Matur endist mislengi í frysti

**Frystivörur endast mjög mislengi í frystinum áður en gæðum þeirra fer að hraka. Leiðbeiningastöð heimilanna ráðleggur fólki að merkja hvenær vörurnar rata í frystinn og gæta að því að geyma þær ekki of lengi.**

Matvörur eru mjög misvel fallnar til frystingar, og mikilvægt er að þeir sem fylla gjarnan á frystiskápana og frystikisturnar gæti þess að maturinn skemmist ekki ef hann gleymist eða er geymdur óþarflega lengi.

Margir kaupa kjöt og fisk þegar verðið er hagstætt og frysta, aðrir frysta afganga eða kaupa frystar matvörur og geyma. Allir ættu að gæta að því að merkja vörur sem settar eru í frysti með dagsetningu svo hægt sé að átta sig á því hver endingartíminn er.

Í ráðleggingum sem Leiðbeiningastöð heimilanna hefur tekið saman kemur fram að kjöt geymist misjafnlega vel í frystinum, feitt hakk geymist í tvo mánuði og magur kjúklingur geymist í allt að tíu mánuði. Almennt má segja að því feitara sem kjötið er, þeim mun styttri tíma haldi það gæðum sínum í frystinum.

Hér til hliðar má sjá hversu lengi er óhætt að geyma ýmsa matvöru í frystinum. Tímalengdin miðast við mat í plastumbúðum sem hafa verið vel lofttæmdar.

Leiðbeiningastöðin ráðleggur fólki að pakka kjöti í smjörpappír eða brúnan umbúðapappír og svo í þéttan plastpoka, þar sem það eykur endingartíma matvælanna. Þá er bent á að reykt og saltað kjöt endist verr en annað kjöt.

brjann@frettabladid.is


HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

HYUNDAI SANTA FE
SPARNEYTINN DÍSILJEPPI

Hyundai Santa Fe Comfort – Jeppi ársins 2013
2,2 dísil, sjálfskiptur. Verð: 7.650 þús. kr.
Eyðsla 6,6 l/100 km*



BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2013 BÍLABLAÐAMANNA

ENNEMM / SÍA / NM46941

* Miðast við blandaðan akstur samkvæmt framleiðanda

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

HYUNDAI Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
575 1200 – www.hyundai.is

BL Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070



# Nútímalegar, vandaðar og háþróaðar myndavélar frá Samsung

SAMSUNG

## Samsung · NX 1000

Wi Fi CERTIFIED



20.3 milljón pixlar
20-50 mm linsa fylgir
APS-CMOS Sensor
8 rammar á sek.
Direct Wi-Fi
I-Function linsa
Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
ISO 100-12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)
Til bæði hvít og svört



**Verð: 99.900 kr**

## Samsung · NX 210

Wi Fi CERTIFIED



20.3 milljón pixlar
18-50 mm linsa fylgir
APS-CMOS Sensor
8 rammar á sek.
Direct Wi-Fi
I-Function linsa
Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
ISO 100-12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

dpreview.com SILVER AWARD
Sjá: dpreview.com

**Verð: 179.900 kr**
**TILBOÐSVERÐ: 149.900 kr**

Kaupauki



Samsung GALAXY Tab 2
7" WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupunum

Samsung SMART CAMERA NX

## Samsung · NX 1000

Wi Fi CERTIFIED



20.3 milljón pixlar
20-50 mm linsa fylgir
APS-CMOS Sensor
8 rammar á sek.
Direct Wi-Fi
I-Function linsa
Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
ISO 100-12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

**Verð: 119.900 kr**

Kaupauki



Samsung GALAXY Tab 2
7" WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupunum

## Samsung · NX 20

Wi Fi CERTIFIED

**Samsung NX 20 hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli og hlotið verðlaun og fjölda viðurkenninga fyrir háþróaða tækni og vandaða hönnun.**



20.3 milljón pixlar
18-55 mm linsa fylgir
3" hreyfanlegur AMO-LED
APS-CMOS Sensor
Direct Wi-Fi
I-Function
Smart Auto ( 14 atriði )
Panorama, 3D View
Innbyggt flass
Lokarahraði frá 1/8000 upp í 30 sek.
ISO frá 100 - 12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

**Verð: 219.900 kr**
**TILBOÐSVERÐ: 179.900 kr**

What Digital Camera RECOMMENDED · ePHOTOzine Highly Recommended · Zoom anbefaler · ANBEFALT PRODUKT · EISA AWARD Best Product 2012-2013 ADVANCED COMPACT SYSTEM CAMERA Samsung NX20

Þessar glæsilegu myndavélar frá Samsung bjóða allar upp á þráðlaust streymi mynda með WiFi-tækninni beint inn í sjónvarpið og tölvuna – og þannig beinustu leið inn á samskiptamiðla Veraldarvefsins t.d. Facebook, Twitter og Flickr. Einnig er hægt að nota Samsung spjaldtölvuna eða Galaxy símann til að stýra myndavélinni og taka myndir þráðlaust.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
Síðumúla 9 · Reykjavík · Sími 530 2900

ORMSSON
Lágmúla 8 · Reykjavík · Sími 530 2800

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>AKRANESI<br>SÍMI 530 2870 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 |

UMRÓT Í EIGNARHALDI Á ÞROTABÚUM GÖMLU BANKANNA

# Bankarisar bæta miklu við sig

Morgan Stanley og Deutsche Bank hafa keypt kröfur á Glitni upp á tæplega 90 milljarða króna á þremur mánuðum. Á sama tíma hafa þrír vogunarsjóðir selt kröfur fyrir að minnsta kosti 120 milljarða króna. Talið að kröfuhafar séu að taka stöður í öðrum hvorum bankanum.

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



2.274

milljarðar króna eru samþykktar kröfur í bú Glitnis. Þær hafa hækkað um tuttugu milljarða síðustu mánuði.

Alþjóðlegu bankarisarnir Morgan Stanley og Deutsche Bank hafa bætt við sig kröfum á Glitni upp á 86,5 milljarða króna frá því í lok nóvember. Samtals eiga þeir nú 8,36 prósent allra krafna í búið en áttu 4,57 prósent fyrir rúmum þremur mánuðum. Heildarumfang krafna þeirra er nú 189,6 milljarðar króna en var 103,1 milljarður í nóvember. Þetta kemur fram á yfirliti yfir stærstu kröfuhafa Glitnis hinn 5. mars síðastliðinn sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Alls hafa samþykktar kröfur hækkað um tæpa tuttugu milljarða króna á síðustu mánuðum og eru nú 2.274 milljarðar króna. Þar af eiga 50 stærstu kröfuhafarnir um 80 prósent krafna en 2.978 kröfuhafar tæp tuttugu prósent. Fimm stærstu kröfuhafarnir eiga fjórðung allra krafna.

Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að Burlington Loan Management, stærsti einstaki kröfuhafi Glitnis, hefði selt kröfur fyrir 56 milljarða króna frá því í lok nóvember. Þá átti félagið kröfur á Glitni fyrir 190,7 milljarða króna. Í byrjun þessa mánaðar hafði sá stabbi minnkað niður í 134,5 milljarða króna. Burlington, sem er írskt skúffufyrirtæki sem er fjármagnað og stýrt af bandaríska sjóðsstýringarfyrirtækinu Davidson Kempner, er einnig á meðal stærstu kröfuhafa föllnu bankanna Kaupþings og Straums. Þá á félagið stóran hlut í Klakka, áður Exista, og umtalsverðan hlut í Bakkavör. Þrotabú Kaupþings, eða dótturbanki þess Arion banki, eru stórir eigendur í bæði Klakka og Bakkavör. Viðmælendur Fréttablaðsins telja að stjórnendur Burlington hafi ákveðið að einbeita sér að þeirri blokk frekar en Glitni.

Félagið er enn stærsti kröfuhafi Glitnis, þótt litlu muni á þeim og vogunarsjóðnum Silver Point Luxemborg Platform. Sá hefur bætt við sig kröfum upp á 37,3 milljarða króna á síðustu mánuðum og á nú slíkar fyrir 130,6 milljarða króna.

Eftirtektarvert er að tveir vogunarsjóðir aðrir en Burlington hafa minnkað stöðu sína mikið frá því í nóvember. Hinn bandaríski Owl Creek Investments minnkar til að mynda um meira en helming niður í 33 milljarða. Thingvellir S.a.r.l., sem skráð er til heimilis í Lúxemborg, var í 20. sæti yfir stærstu kröfuhafa Glitnis í fyrrahaust, með kröfur upp á tæpa 38 milljarða króna. Sjóðurinn er nú dottinn út af lista yfir 50 stærstu kröfuhafana, sem þýðir að kröfur hans í dag eru komnar undir 6,5 milljarða króna. Thingvellir á líka stórar kröfur í þrotabú Kaupþings.

Alls nema samþykktar almennar kröfur í bú Glitnis 2.274 milljörðum króna. Væntar endurheimtur eru nú, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, á bilinu 25-26 prósent. Það þýðir að virði krafna kröfuhafanna er á bilinu 568,5 til 591,2 milljarðar króna. thordur@frettabladid.is

## 20 STÆRSTU KRÖFUHAFAR Í ÞROTABÚ GLITNIS 5. MARS 2013







Þorsteinn ræddi samspil myntar og sjávarútvegs:

# Pólitísk deila í vegi verðmætasköpunar

Pólitískur hnútur stendur í vegi fyrir því að hægt sé að tvöfalda verðmæti íslensks útflutnings á næstu fimmtán árum eins og stefnt hefur verið að. Þetta er mat Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi forsætisráðherra.

Þorsteinn var aðalræðumaður á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins (SA) sem fram fór á Hilton Reykjavik Nordica í gær. Yfirskrift fundarins var Samstöðuleiðin: Fleiri störf – betri störf.

Í ræðu sinni fjallaði Þorsteinn um stöðu lands og þjóðar í efnahags- og stjórnmálum. Lagði hann áherslu á mikilvægi þess að auka verðmætasköpun og framleiðni í atvinnulífinu.

„Meðan atvinnulífið nær ekki framleiðni á við það sem best gerist í grannlöndunum geta stjórnmálamennirnir aldrei tryggt samkeppnishæfni velferðarkerfisins. Loforð þar um hljóma eins og hvellandi bjalla og klingjandi málmur,“ sagði Þorsteinn, sem fjallaði svo um tvö viðfangsefni sem hann taldi til þess fallin að ýta undir aukna verðmætasköpun.

Í fyrsta lagi sagði Þorsteinn að Íslendingar þyrftu að fullnýta möguleika sína á innri markaði Evrópu, sem hann kallaði heimamarkað og stóran stökkpall í aðrar áttir. Það yrði hins vegar ekki gert án gjaldmiðils sem væri gjaldgengur í milliríkjaviðskiptum.

Í öðru lagi sagði hann ótækt að markaðslausnir yrðu látnar víkja í sjávarútvegi, höfuðatvinnugrein þjóðarinnar, fyrir félagslegum markmiðum. Enda myndu lífskjör versna eftir því sem framleiðni minnkaði í sjávarútvegi.



**NORDICA Í GÆR** Þorsteinn Pálsson var aðalræðumaður á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gaf Þorsteinn í skyn að samspil stöðugrar myntar og markaðslausna í sjávarútvegi gætu verið grunnur að lífskjarasókn. Vandinn væri sá að stjórnmálaflokkarnir settu þessi mál í hnút.

„Á annað borðið róa flokkar sem vilja sjávarútvegsstefnu sem getur verið grundvöllur stöðugleika og vaxandi framleiðni. Þeir flokkar geta aftur á móti ekki fallist á að tekin verði upp stöðug, alþjóðleg mynt. Á hitt borðið róa flokkar sem vilja taka upp nýja mynt. Þeir geta hins vegar ekki fallist á sjávarútvegsstefnu sem er forsenda fyrir því að unnt verði að stíga það skref,“ sagði Þorsteinn.

- mþl

Kræsingar & kostakjör



# VERÐSPRENGJA!

## 100% NAUTAHAKK

# 899 KR/KG

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Fermingar
## bækurnar

## MacBook Air 11”



**Fermingartilboð: 174.990.-***
Vöru nr. Z0NA
**Listaverð: 189.990.-**

## MacBook Pro 13”



**Fermingartilboð: 219.990.-***
Vöru nr. Z0MT
**Listaverð: 229.990.-**



iPod shuffle
Verð: **9.990.-**



iPod nano
Verð: **29.990.-**



iPod touch
Verð frá: **42.990.-**



iPhone 4
Verð frá: **84.990.-**



iPhone 5 16GB
Verð: **129.990.-**



Apple TV
Verð: **24.990.-**



GoPro Hero 3
Verð: **62.990.-**



Frends heyrnatól
Verð frá: **24.990.-**



Skullcandy heyrnatól
Verð frá: **3.990.-**



Vibro hátalari
Verð: **17.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 1. apríl eða meðan birgðir endast.

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16
Sími 512 1300

# iPad mini

## alvöru fermingargjöf




Verð frá: **59.990.-**

Glæpamenn græða á óleystum vanda:

# Stríðið gegn fíkniefnum

Við munum líklega ekki lögleiða fíkniefni á nýju kjörtímabili en það er spurning hvort við verðum ekki að leita nýrra leiða til að bregðast við fíkniefnavandanum. Fíkniefnamarkaðurinn sem slíkur er talinn velta 15-30 milljörðum króna á hverju ári, samkvæmt meistararitgerð Ara Matthíassonar fyrir nokkrum árum. Til samanburðar kostar um 30 milljarða að reka Landspítalann.



**Mikael Torfason**
mikael@frettabladid.is

Við Íslendingar notum í það minnsta yfir 700 kíló af amfetamíni og meira en tonn af kannabisefnum, sem eru helstu efnin sem notuð eru hér á landi. Hið svokallaða stríð gegn fíkniefnum hefur haft lítil áhrif síðustu áratugi og þótt lögregla hafi oft verið efld (og reyndar stundum verið skorin niður) þá breytir það litlu.

Við á Íslandi höfum apað flest upp eftir Bandaríkjamönnum í stríðinu gegn fíkniefnum. Richard Nixon hóf þá vegferð vestra og í dag er svo komið að hvergi í veröldinni eru jafnmargir fangar og í Bandaríkjunum. Sú staðreynd skrifast að mestu á þetta stríð Bandaríkjamanna gegn fíkniefnum. Hér á landi erum við einnig dugleg að loka fólk inni fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni en erum blessunarlega lin við litla neytandann; sjálfan fíkilinn.

Enda er það svo að fíkniefnavandinn er fyrst og síðast heilbrigðisvandamál og félagslegt. Þetta vitum við Íslendingar vel og finnum fyrir í okkar eigin nærumhverfi. Næstum fimmtungur íslenskra karla fer á Vog einhvern tíma á lífsleiðinni og tíunda hver kona. Við látum okkur málefni áfengis- og vímuefnasjúklinga varða og yfir 30 þúsund manns hafa skrifað undir áskorun SÁÁ um betra líf fyrir þá vímuefnasjúklinga sem enn þjást. Áskorunin felur í sér mannúðlega nálgun þar sem ríkið er hvatt til að eyða hluta áfengisgjaldsins í þá sjúklinga sem eru mjög langt leiddir og síðan börn fíkla.

Þetta er allt gott og gilt. En hvað eigum við að gera við markað sem veltir 15-30 milljörðum króna og lýtur einokun glæpaklíkna? Eigum við að halda áfram að tryggja þeim einokun á þessum markaði með harðri löggjöf og hertri löggæslu? Við takmörkum aðgengi að áfengi með því að stýra verðinu með ríkiseinokun en á meðan útilokum við hassistann og neyðum hann til að versla við vafasamt fólk í skúmaskotum og dimmum kjöllurum.

Kannski er kominn tími til að bjóða hassistanum inn í hlýjuna og leita nýrra lausna. Í stríðinu gegn fíkniefnum erum við komin í sjálfheldu. Neyslan er ekki að minnka, glæpamennirnir eru ekki að linast og virðast þvert á móti forhertari með hverjum deginum sem líður. Því finnum við öll fyrir. Ofbeldið sem við lesum um í fréttum verður sífellt grófara og býr til samfélag, neðanjarðar, sem við getum ekki sætt okkur við.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ósammála eigin flokki

Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, sagði á þingi í gær að hann hefði aldrei viljað breyta stjórnarskránni. Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, minnti hann á stefnu Framsóknar fyrir síðustu kosningar, en eitt af kosningamálum flokksins var að kjósa til stjórnlagaþings og breyta stjórnarskrá. Gunnar Bragi sagði mikinn mun á stjórnlagaþingi og stjórnlagaráði, en í hans flokki gætu menn haft mismunandi skoðanir á mismunandi málum. Sjálfur hefði hann ekki viljað fara þá leið sem flokkurinn ákvað að fara.



### Ósammála sjálfum sér

Gunnar Bragi upplýsti að hann hefði kosið með tillögu um að kosið yrði til stjórnlagaþings, gegn betri vitund, þar sem það væri stefna flokksins. Menn gætu spurt hvort hann hefði þá farið gegn eigin sannfæringu og svaraði: „Að einhverju leyti, en ég var hins vegar tilbúinn til þess að breyta ákveðnum ákvæðum í stjórnarskránni.“ Þetta er óvenju heiðarleg játning þingmanns um að hann hafi kosið gegn eigin sannfæringu.



### Verð

Steingrímur J. Sigfússon sagði, þegar hann tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér sem formaður Vinstri grænna, að hann ætlaði að vera áfram á þingi. Þar vildi hann vera þegar iðjuver tæki til starfa á Bakka við Húsavík. Nú hefur hann lagt fram frumvarp sem ætti að tryggja að slíkt iðjuver taki til starfa á næsta kjörtímabili, en þar fer hann fram á heimildir til ívilnana vegna málsins. Iðjuverið á því ekki að binda hann lengur við þingið en eitt kjörtímabil enn.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Skaðleg áhrif niðurskurðar?

HEILBRIGÐISMÁL



**Eygló Ingadóttir**
formaður hjúkrunarráðs á Landspítala

Nýlega sögðu bæði velferðarráðherra og landlæknir að engin gögn sýndu fram á að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu hefði skert öryggi sjúklinga. Nokkrir starfsmenn spítalans hafa aftur á móti ítrekað sagt í fjölmiðlum að við séum komin fram á bjargbrún í heilbrigðiskerfinu og jafnvel lengra.

Þegar afleiðingar niðurskurðar fara að sjást í gögnum þá er það vegna þess að lífi og heilsu fólks hefur verið stefnt í voða. Það þarf að hafa gerst mörgum sinnum til þess að koma fram í marktækum tölulegum upplýsingum. Þess vegna þurfa heilbrigðisyfirvöld að leggja við hlustir þegar hver heilbrigðisstarfsmaðurinn á fætur öðrum varar við ástandinu. Þið verðið að trúa okkur og bregðast við áður en það er um seinan.

**Skaðlegur niðurskurður**

Ég vil benda á nokkur dæmi um skaðleg áhrif niðurskurðar á Landspítala.

■ Fárveikir sjúklingar liggja á göngum þar sem erfitt er að hvílast og ná bata.

■ Sjúklingar eru færðir fram og til baka um spítalann. Oft er ekki pláss á þeim deildum þar sem sérþekking á viðkomandi sjúkdómi er til staðar. Fyrir vikið verður meðferðin ekki eins markviss.

■ Hvíldartími heilbrigðisstarfsmanna er ekki virtur og margir neyðast til að vinna lengur en þeir vilja eða geta. Oft eru þeir með umsjón yfir fleiri sjúklingum en þeir ráða við. Þreyttir og yfirkeyrðir starfsmenn eru líklegri til að gera mistök.

■ Sjúklingar eru útskrifaðir eins fljótt og hægt er, stundum of fljótt.

■ Mikil ólga er meðal heilbrigðisstarfsmanna vegna álags og kjaramála. Það leiðir til þess að við missum fært fagfólk frá spítalanum.

■ Tækjabúnaður er gamall og úr sér genginn. Fresta þarf rannsóknum og aðgerðum af þeim sökum.

■ Biðlistar hafa lengst. Afleiðingar þess geta verið alvarlegar.

Við megum ekki bíða eftir að dánartíðni aukist, biðlistar lengist úr hófi fram eða hvað eina sem mælir virkni heilbrigðiskerfisins. Of mikið hefur verið hagrætt á Landspítala og langlundargeð starfsmanna er á þrotum. Það mun kosta tíma og peninga að byggja aftur upp þjónustuna og snúa þessari óheillaþróun við.

**➜ Við megum ekki bíða eftir að dánartíðni aukist, biðlistar lengist úr hófi fram eða hvað eina sem mælir virkni heilbrigðiskerfisins.**

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Prófsteinn lýðræðisins

Í DAG
Jón Ormur Halldórsson
dósent



Þegar Jón Gnarr var kosinn borgarstjóri sagði útlendur stjórnmálarýnir á þá leið að það bæri vott um pólitískt heilbrigði á Íslandi að í miðju hruni kysu menn grínista frekar en rasista eða fasista. Okkur er ekki oft hælt fyrir pólitískan þroska af skiljanlegum ástæðum. En þarna var þó einhver innistæða, hvað sem mönnum kann að finnst um Jón. Hólið átti líka sitt alþjóðlega samhengi því einn meginótti manna við kreppuna á Vesturlöndum var sá að vaxandi andúð á flokkunum sem báru ábyrgð á henni myndi leiða til uppgangs öfgamanna. Kosningaúrslit hafa hins vegar fram undir þetta reynst lítið söguleg í flestum löndum.

### Einfaldar lausnir

Nú aukast áhyggjur manna aftur. Þó ekki vegna þess að öfgaöflum sé að vaxa fylgi heldur vegna þess að þolinmæði kjósenda virðist á þrotum. Þeir virðast því ginnkeyptir fyrir gylliboðum og töfralausnum. Loforð Grillo á Ítalíu snerust ekki um ísbirni. Berlusconi sló líka í gegn með loforðum um endurgreiðslu á sköttum. Einfaldar lausnir eru í boði víða í Evrópu og njóta fylgis. Þær eru orðnar snar þáttur í vandanum og gætu framlengt kreppuna.

### Grunntónar

Hávaðinn er mikill og ekki von á öðru. Sögurnar eru líka ólíkar, bankahrun og ónýtur gjaldmiðill á Íslandi, fasteignabólur á Spáni og Írlandi, spilling í Grikklandi og Ítalíu og magnað hatur á sköttum í Bandaríkjunum. Það er þó unnt að greina ákveðna grunntóna. Einn er sá að almenningur eigi ekki að borga skuldir samfélagsins. Og sums staðar að fólk í vanda eigi heldur ekki að borga eigin skuldir eða að þjóðir eigi ekki að greiða útlendum lánveitendum. Annar er að stjórnmálamenn séu stór hluti vandans og líka kerfið sem gat þá af sér.

### Vandi þótt sekt finnist

Þessar skoðanir eiga sínar orsakir, flestar vel skiljanlegar og sumar ígrundaðar. Lýðræðið virðist hins vegar skorta styrk til að leysa úr þeim sérstaka vanda sem af þeim leiðir. Málið snýst öðrum þræði um blekkingar og hver beri ábyrgð á þeim. Að hinu leytinu snýst það hins vegar um alvarlegan vanda sem er til staðar hverjum sem hann er að kenna, vanda sem fer ekki í burtu þótt sökudólgur finnist.

### Ímyndað góðæri

Góðæri Vesturlanda reyndist fengið að láni. Kakan stækkaði en þó hægar en algengt er að menn álíti. Hagvöxtur var til dæmis víðast á Vesturlöndum mun meiri bæði á sjötta og sjöunda áratugnum en á hinni nýgengnu og skammlífu gullöld sem drukknaði í hafsjó skulda fyrir nokkrum misserum. Þetta reyndist trix með einkavæddri margföldun á peningamagni, ekki gullöld.

### Laun í lágmarki

Það sem skildi hina ímynduðu gullöld þó mest frá fyrri vaxtarskeiðum var að sneiðin sem almenningi var sniðin af kökunni fór hlutfallslega minnkandi. Þarna er ein meginrót vandans. Hlutfall launa af landsframleiðslu náði sögulegu lágmarki á Vesturlöndum en hlutfall hagnaðar að sama skapi nýju hámarki. Þetta jók auðvitað stórlega ójöfnuð í flestum samfélögum. Tilfinning manna og þjóða um ábyrgðarleysi á eigin skuldum á rætur í þessari þróun. Það var vitlaust gefið, segja menn.

### Slegið fyrir neyslu

Lengi virtist þetta þó ekki koma að sök því að lánsfé var bæði auðfengið og ódýrt, einkum vegna uppgangs utan Vesturlanda. Neysluna var því hægt að auka, en út á krít. Þarna liggur önnur meginrót vandans. Vaxandi lántökur til húsnæðiskaupa mynduðu eignabólu sem fékk fólk til að trúa því að það væri að verða stórum ríkara en áður. Sem jók neysluna og skuldsetninguna enn frekar. Við vitum hvað gerðist næst.

### Blekkingin

Kjarni málsins er sá að almenningur lét blekkjast. Menn geta deilt lengi um hverjum eigi helst að kenna um þetta, stjórnmálamönnum, bankamönnum eða almenningi sjálfum. Sú deila breytir ekki þeirri niðurstöðu að almenningur lét blekkjast og heldur ekki hinni, þeirri að við sitjum uppi með afleiðingar sem ekki er hægt að galdra í burtu. Menn héldu sig ríkari en þeir voru. Auðvitað ekki nálægt því allir en nógu margir. Hvert land fyrir sig á sér sína sögu og sínar skýringar og það er enginn vafi á því að sviksemi einstaklinga og gáleysi, fákunnátta og dramb einstakra stjórnmálamanna gerði sums staðar illt stórum verra. En mynstrið ætti að sjást af því að flest ríki Vesturlanda lentu í vanda af svipuðu tagi á sama tíma. Blekkingin var í grunninn alls staðar sú sama.

> Hvernig sem menn snúa sér og hvort sem þeir hengja bakara eða smið þá er til staðar vandi sem mun valda venjulegu fólki um öll Vesturlönd verulegum óþægindum á næstu árum.

### Ræður lýðræðið við þetta?

Nú stendur lýðræðið frammi fyrir þeim vanda að í stað þess að hægt sé að halda uppi fölskum lífskjörum þarf að greiða upp skuldir hinnar ímynduðu gullaldar. Hvernig sem menn snúa sér og hvort sem þeir hengja bakara eða smið þá er til staðar vandi sem mun valda venjulegu fólki um öll Vesturlönd verulegum óþægindum á næstu árum. Það þarf mikið þrek til að segja kjósendum erfiðar fréttir og það eru að vonum fáir sem í það leggja. En þar er prófsteinn lýðræðisins. Lýðræði snýst ekki um að allir fái það sem þeir vilja helst. Ábyrgð er ekki síður grunnur þess en sjálft valið á milli kosta, ímyndaðra eða raunverulegra.

## AF NETINU

### Ertu ekki á hjólinu?

Alltaf hressandi að fá þennan ágæta brandara á dögum eins og þessum þegar fárviðri gengur yfir: „Ertu ekki á hjólinu?“. Ég tek því mjög vel og læt öllum finnast eins og þeir séu fyrstir til að fatta þessa hnyttni.

Undirliggjandi er samt kannski alvarlegri misskilningur. Hann er sá að við sem berjumst fyrir hjólastígum og betri aðstöðu fyrir þá sem vilja hjóla, viljum í raun að ALLIR hjóli ALLTAF. Það er auðvitað ekki rétt.

http://eyjan.pressan.is
*Gísli Marteinn Baldursson*

### Kosningar – býður einhver betra veður?

Kosningar eru framundan. Sjálfstæðisflokkur og Framsókn bjóða gull og græna skóga. Niðurfellingar skulda, afnám verðtryggingar mörg ár aftur í tímann, betri heilbrigðisþjónustu og menntun, betri kjör fyrir lífeyrisþega og ýmislegt fleira gott fyrir alla.

Það á líka að fjárfesta meira og greiða niður gríðarlegar skuldir ríkisins.

Þetta á svo allt að fjármagna með skattalækkunum!

Hmmmm… Við erum sem sagt stödd í landi vúdú-hagfræða og sjónhverfinga.

Ég velti því fyrir mér í morgun hvort enginn ætlaði að bjóða upp á betra veður á þessari sundurtættu eyju.

Það væri verðugt viðfangsefni fyrir vúdú-menn stjórnmálanna…

http://blog.pressan.is/stefano/
*Stefán Ólafsson*

FJÓRHJÓLADRIFINN QASHQAI DÍSIL FRÁ 5.090 ÞÚS. KR.

NISSAN
SHIFT_
NISSAN QASHQAI



ENNEMM / SÍA / NM56940

ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jeppling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17“ álfelgur og margt fleira

Eldsneytisnotkun einungis frá 4,6l/100km.

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

# Einfaldara og réttlátara almannatryggingakerfi

ALMANNA-TRYGGINGAR



Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra

Í fjölmörg ár hefur verið rætt um brýna nauðsyn þess að endurskoða almannatryggingalöggjöfina í heild. Með margvíslegum breytingum sem á henni hafa verið gerðar í gegnum árin hefur löggjöfin orðið æ flóknari og óaðgengilegri og raunar illskiljanleg flestum. Henni hefur verið líkt við stagbætta flík, enda hafa stjórnvöld ítrekað gefið fögur fyrirheit um að endurskoða hana frá grunni. Má þar minnast áforma frá síðustu aldamótum sem minna varð úr en að var stefnt.

Nú er brotið í blað þar sem fram er komið á Alþingi frumvarp sem felur í sér heildarendurskoðun almannatryggingalaga. Róttækar breytingar eru lagðar til á núverandi kerfi sem gera lagaumhverfið einfaldara, skýrara og gegnsærra. Undirbúningur hófst árið 2007 þegar verkefnisstjórn um endurskoðun almannatrygginga var skipuð. Hún skilaði tillögum sínum í október 2009 og voru í kjölfarið stigin stór skref til úrbóta fyrir lífeyrisþega og einföldunar á löggjöfinni, til dæmis með afnámi makatenginga. Í apríl 2011 var skipaður nýr starfshópur til að ljúka verkinu og semja drög að heildstæðu frumvarpi um málaflokkinn. Þar sátu fulltrúar þingflokkanna, ýmissa hagsmunaaðila auk starfsmanna velferðarráðuneytisins. Í júní 2012 samþykkti hópurinn tillögur um einföldun bótakerfisins og er frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi byggt á þeim.

### Aðgengileg löggjöf

Breytingar samkvæmt nýju frumvarpi eru fjölmargar. Þær stærstu snúa að margvíslegum réttindamálum ellilífeyrisþega sem munu styrkja stöðu þeirra og einfalda kerfið til muna.

Bótaflokkarnir ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót verða sameinaðir. Dregið verður úr tekjutengingum og frítekjumörk verða afnumin. Ekki verður lengur horft til þess hvaðan tekjurnar koma, heldur lækkar lífeyrir nú um 45% af tekjum, hvort sem það eru atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur eða fjármagnstekjur. Nú mega ellilífeyrisþegar sem fá greidda uppbót vegna framfærslu sæta því að uppbótin lækki um krónu á móti krónu fái þeir einhverjar tekjur. Samkvæmt frumvarpinu verður dregið úr þessum áhrifum tekna í áföngum. Hlutfallið lækkar í 80% við gildistöku laganna 1. júlí 2013, verður síðan tug lægra 1. janúar ár hvert til ársins 2016 og lækkar loks í 45% hinn 1. janúar 2017.

Í gildandi löggjöf skortir ákvæði um markmið almannatryggingakerfisins, framsetning laganna er óaðgengileg og vart nema á færi sérfræðinga að skilja og skýra réttindi hvers og eins lífeyrisþega. Umboðsmaður Alþingis hefur bent á að gagnvart lífeyrisþegum sé sérstaklega brýnt að ákvæði laga um réttindi þeirra séu skýr og að fyrir hendi séu almennar, aðgengilegar og skýrar reglur um inntak þeirrar aðstoðar sem fólk á rétt á samkvæmt lögunum. Í frumvarpinu er áhersla lögð á að mæta þessum ábendingum. Skýrt er kveðið á um markmið og tilgang laganna, framsetningin er öll bætt og einfölduð, ítarlega er kveðið á um málsmeðferð og stjórnsýslu og áhersla lögð á leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu stjórnvalda.

### Orð skulu standa

Mikilvægt er að halda því til haga að lífeyrisþegar eiga rétt á kjarabótum í óbreyttu kerfi sem svarar því að útgjöld ríkisins aukast um 3,7 milljarða króna á næstu tveimur árum. Þetta er vegna samkomulags stjórnvalda og lífeyrissjóða um hækkun frítekjumarks vegna tekna úr lífeyrissjóðum og vegna bráðabirgðaákvæðis frá árinu 2009 sem jók skerðingarhlutfall tekjutryggingar og fellur úr gildi í ársbyrjun 2014. Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarp til almannatryggingalaga er horft fram hjá þessu sem veldur því að ráðuneytið ofmetur aukin útgjöld hins opinbera vegna kerfisbreytingarinnar sem nemur framangreindri fjárhæð. Hvort sem nýtt frumvarp verður að lögum á þessu þingi eða síðar þá eiga orð að standa.

**➜ Ekki verður lengur horft til þess hvaðan tekjurnar koma, heldur lækkar lífeyrir nú um 45% af tekjum, hvort sem það eru atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur eða fjármagnstekjur. Nú mega ellilífeyrisþegar sem fá greidda uppbót vegna framfærslu sæta því að uppbótin lækki um krónu á móti krónu fái þeir einhverjar tekjur.**

Langþráðum áfanga er náð með frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar. Ég treysti því að þrotlaus vinna sem liggur að baki verði virt að verðleikum og frumvarpið nái fram að ganga enda snýst það um mikilvæga réttarbót og úrbætur sem eru löngu tímabærar.

# Menntun og Leiðarvísar í íslensku atvinnulífi

ATVINNA



Guðlaug Kristjánsdóttir
formaður BHM

Í skýrslu sem alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið McKinsey&Company gaf út síðasta haust um hagvaxtarmöguleika Íslands er bent á að efla þurfi hinn alþjóðlega hluta vinnumarkaðarins, enda sé þar að finna mikla vaxtarmöguleika sem ekki eru háðir nýtingu náttúruauðlinda.

Bent er á þörf fyrir tæknimenntun til að styrkja vinnumarkað, auk þess að minna á mikilvægi þess að menntakerfið taki í auknum mæli mið af þörfum atvinnulífsins, svo stuðla megi að öflugri uppbyggingu og langtímaáætlanagerð.

Undanfarin ár hafa aðgerðir í vinnumarkaðsmálum öðru fremur einkennst af viðbrögðum við neyð sem kom til vegna hrunsins og alvarlegra áhrifa þess á hluta vinnumarkaðarins.

Meðal þessara viðbragða var opnun menntatækifæra, eins og sjá má í átaksverkefnum á borð við Nám er vinnandi vegur sem velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Vinnumálastofnun hafa haft forgöngu um ásamt aðilum vinnumarkaðar.

Allt ber þetta að sama brunni, að stærri hluti íslensks vinnumarkaðar muni búa yfir langskólamenntun, iðn- og tæknimenntun á komandi árum.

### Menntun og atvinnuleysi

Atvinnuleysi háskólamenntaðra hefur ekki verið í brennidepli á Íslandi, meðal annars á þeim rökum að tíðni atvinnuleysis er minni eftir því sem menntun er meiri. Tölur um atvinnuleysi segja þó ekki alla söguna þegar þörf fyrir störf sem krefjast háskólamenntunar er annars vegar. Samkvæmt skýrslu OECD „Education at a glance“ (2010) voru árið 2007 21% 25-29 ára íslenskra kvenna og 11% karla sem höfðu lokið háskólamenntun í störfum sem ekki krefjast háskólamenntunar, t.d. í skrifstofu- eða þjónustustörfum. Áhugavert verður að sjá þróun þessarar tölfræði eftir því sem háskólamenntuðum á vinnumarkaði fjölgar.

Menntun veitir forskot þegar sótt er um starf, hvort sem starfið krefst menntunar eður ei. Ef ekki er hugað að uppbyggingu starfa fyrir langskólagengna, er því hætt við að starfstækifæri þeirra sem ekki hafa menntun verði færri.

### Leiðarvísar

Í nágrannalöndum okkar er farið að bera talsvert á því að nýútskrifað fólk úr háskólum fær ekki starf við hæfi innanlands og leitar því út fyrir landsteinana. Þetta á ekki hvað síst við um hinn alþjóðlega hluta atvinnulífsins, sem ekki er bundinn af landamærum eða staðbundnum náttúrulegum auðlindum.

Í Danmörku hefur á undanförnum árum verið unnið að eflingu atvinnulífsins fyrir ungt háskólamenntað fólk undir formerkjum þess að tengja saman hefðbundnar atvinnugreinar og nýja þekkingu. Dönsk stjórnvöld hafa veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum

**➜ Allt ber þetta að sama brunni, að stærri hluti íslensks vinnumarkaðar muni búa yfir langskólamenntun, iðn- og tæknimenntun á komandi árum.**

styrki til að ráða til sín starfsfólk með menntun á grundvelli áætlana um útvíkkun og þróun starfseminnar. Verkefni þetta gengur undir nafninu Videnpiloterne (hér þýtt sem „Leiðarvísarnir“) og upplýsingar um það má meðal annars finna á vef danska menntamálaráðuneytisins.

Verkefnið var afmarkað í tíma, en hefur verið endurtekið og þróað með góðum árangri. Athygli hefur vakið að þekking sú sem nýst hefur til að breikka grundvöll hefðbundinna fyrirtækja svo sem í iðnaði, hefur ekki bara verið af raunvísindalegum, markaðs- eða hagfræðilegum toga, heldur hafa hugvísindi og heimspeki meðal annars komið sterkt inn.

### Leiðarvísar í íslensku atvinnulífi

Hérlendis eru þegar til dæmi um nýtingu nýrrar þekkingar í hefðbundnum greinum, t.d. hvað varðar vinnslu hönnunar-, lækninga- og húðvara úr fiskafurðum. Eins eru þekktir svokallaðir klasar, t.d. á sviði sjávarútvegs og jarðvarma, þar sem fólk og fyrirtæki með ólíkan bakgrunn kemur saman til að skapa ný sóknarfæri. Vaxandi fyrirtæki með alþjóðlega skírskotun geta þannig byggt styrk sinn jafnt á reynslu rótgróinnar atvinnustarfsemi, nýrrar þekkingar og skapandi frumkvæðis.

Ísland hefur sett sér það markmið að auka hlutdeild menntunar á vinnumarkaði. Fjöldi verkefna til að efla þekkingu vinnandi fólks stefnir að því marki. Fyrr en síðar þarf að fara að huga að því að hvetja til þess að störfum fyrir háskólamenntaða verði fjölgað með markvissum hætti.

Slík uppbygging mun jafnframt gera íslensku atvinnulífi kleift að nýta sóknartækifæri á sviði alþjóðlegrar starfsemi og nýtingar þeirrar mikilvægu auðlindar sem við eigum og ekki er bundin við landamæri, sem er ungt vel menntað fólk.








**MEÐ BREMSUM**

Vnr. 88015719-20
SPIDER snjóþota
með bremsum, blá eða rauð.
**1.990kr.**



Vnr. 55900147
NORLAND snjóskófla með tréhandfangi, 26 cm.
**1.990kr.**

Vnr. 55629783
SONNECK snjóskúffa, svört.
**1.290kr.**

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# LÁGT VERÐ
## – ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

**ALLIR ÚT AÐ LEIKA**



Vnr. 88015721-2
Snjóþota, diskur,
blá eða rauð.
**990kr.**

Vnr. 88015724-5
Barnasleði með baki,
blár eða rauður.
**3.890kr.**

Vnr. 88015723
Rassþota, ýmsir litir.
**370kr.**

Vnr. 42374319
Skíðagleraugu,
svört eða hvít.
**3.890kr.**



Vnr. 55900158
Skófla með
trefjahandfangi.
**3.790kr.**

Vnr. 42377785
Skófla með stuttu
tréhandfangi.
**2.990kr.**

**GÓÐ Í BÍLINN**

Vnr. 55900160
Ísskafa með
tréhandfangi.
**3.490kr.**

Vnr. 55900150
Skófla með tré-
handfangi, 30 cm.
**2.890kr.**

Vnr. 55629784
Snjóskúffa, gul.
**4.890kr.**



**4 LÍTRAR**

Vnr. 42301980
Rúðuvökvi, 4 l.
**589kr.**

**4 KG**

Vnr. 42303619
Hálkusalt, 4 kg.
**590kr.**

Vnr. 42364688
Dráttartaug með
krókum, 4,5 m, 2500 kg.
**2.990kr.**

**EINN KUBBUR DUGAR 2,5 KLST.**

**5 STK.**

Vnr. 42308344
Brennikubbar, 5 stk.
**1.990kr.**
1 stk. 590 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa




# YFIR HAFIÐ OG HEIM

## – og nú með strandsiglingum við Ísland

### Helstu breytingar á siglingakerfinu

Vikulegar strandsiglingar með beinni tengingu við Færeyjar, Bretland og meginland Evrópu

Siglt með ferskan fisk vikulega frá Íslandi og Færeyjum

Aukin þjónusta við olíuiðnaðinn með siglingum til og frá Skotlandi

Tíðari ferðir og styttri siglingatími til og frá Bandaríkjunum

Ný höfn í Bandaríkjunum, Portland, Maine

Möguleg viðkoma á Ísafirði og Akureyri á leiðinni frá Noregi

Fíton / SÍA

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is




# frá og með 14. mars 2013

Ný viðkoma í Vágum í Færeyjum og Hamborg í Þýskalandi

Ný þjónusta fyrir uppsjávarfisk með beinum siglingum inn á Eystrasalt

Regluleg viðkoma í Murmansk
Aukin afkastageta í línukerfi

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM




# Fjármagnshöftin og kröfur í bú fallinna fjármálafyrirtækja

FJÁRMÁL



**Arnór Sighvatsson**
aðstoðar-seðlabankastjóri

Því er stundum haldið fram að áætlun um losun fjármagnshafta hafi engan árangur borið, þau verði að losa strax, en í sömu andrá fullyrt að skrifa verði kröfur kröfuhafa/vogunarsjóða í bú fallinna fjármálafyrirtækja verulega niður. Dæmi um málflutning af þessu tagi er grein sem Heiðar Guðjónsson skrifar í Fréttablaðið 5. mars sl. en þar segir: „Sem betur fer tókst að afstýra undirritun nauðasamninga sl. haust, en þar mátti litlu muna, því Seðlabankinn leyfði kröfuhöfum að flytja yfir 300 milljarða, um 2.500 milljónir dollara, úr landi í september og ætlaði að hleypa margfaldri þeirri fjárhæð úr landi fyrir áramót. Þarna var komið í veg fyrir stórslys.“ Þessar fullyrðingar Heiðars fara í veigamiklum atriðum á svig við staðreyndir málsins og röklegt samhengi atburða. Rétt er því að taka eftirfarandi fram:

### Frumkvæði Seðlabankans

1. Það var að frumkvæði Seðlabankans sem bú fallinna fjármálafyrirtækja voru færð frekar undir lög um gjaldeyrismál (hér eftir gjaldeyrislög) í mars árið 2012. Hefði það ekki verið gert hefðu innlend stjórnvöld nú lítil tök á greiðslum úr þrotabúum gömlu bankanna, sem gætu valdið umtalsverðum óstöðugleika á gjaldeyris- og fjármálamörkuðum verði ekki rétt staðið að málum.

2. Í meðförum Alþingis, undir þrýstingi frá slitastjórnum gömlu bankanna, voru sett inn undanþáguákvæði varðandi tilteknar gjaldeyrisinnstæður þrotabúanna í Seðlabanka Íslands (300 milljarðarnir sem HG talar um) og sú kvöð sett á Seðlabanka Íslands að setja almennar reglur sem myndu heimila útgreiðslur endurheimts gjaldeyris af erlendum eignum þrotabúanna.

3. Mótaðar hugmyndir um að ljúka slitum fallinna fjármálafyrirtækja með nauðarsamningi komu ekki fram fyrr en eftir að fyrrnefndar breytingar á gjaldeyrislögum urðu að veruleika, þótt sá möguleiki hafi vissulega verið viðraður af hálfu kröfuhafa. Hins vegar er ljóst að mikill meirihluti kröfuhafa hefur nú áhuga á því að ljúka slitum búanna með nauðasamningi.

4. Það er á valdi dómstóla en ekki Seðlabankans að samþykkja nauðasamninga. Nauðasamningur hefur hins vegar enga þýðingu fyrir kröfuhafa nema Seðlabankinn veiti undanþágur frá gjaldeyrislögum. Það og vilji kröfuhafa til ljúka slitum með nauðasamningi gefur færi á að tryggja að slitin verði með hætti sem ekki veldur óstöðugleika í gjaldeyrismálum og gæti þannig flýtt fyrir losun gjaldeyrishafta.

5. Þegar Seðlabankinn veitir undanþágur ber bankanum skv. lögum að horfa til tveggja meginsjónarmiða, annars vegar hagsmuna þess sem um undanþáguna biður og hins vegar þeirra áhrifa sem undanþága kann að hafa á stöðugleika í gengis- og peningamálum. Bankanum ber, með öðrum orðum, að horfa til málefnalegra raka við afgreiðslu undanþága.

6. Um hina fyrrnefndu hagsmuni þarf ekki að fjölyrða, en ljóst er að hægt er að tryggja stöðugleika í gjaldeyrismálum með öðru af tvennu, mjög löngum endurgreiðslutíma krafna sem búin eiga á innlenda aðila eða verulegri lækkun þeirra krafna í erlendum gjaldeyri mælt. Blanda af hvoru tveggja kemur einnig til greina. Seðlabankinn mun ekki samþykkja neina undanþágu sem teflir stöðugleika í gjaldeyrismálum eða fjármálastöðugleika í tvísýnu. Þetta vita fulltrúar kröfuhafa fullvel.

7. Ljóst er að verðmætustu innlendu eignir þrotabúanna eru tveir viðskiptabankar, Íslandsbanki og Arion, og skuldabréf á milli gamla og nýja Landsbanka. Eignarhald á bönkum varðar mikilvæga almannahagsmuni sem kallar á aðkomu pólitískra stjórnvalda. Seðlabankinn mun því ekki veita undanþágu vegna nauðarsamninga nema að undangengnu samráði við ríkisstjórn. Í lögum um fjármálafyrirtæki eru ákvæði um virka eignarhluti í fjármálafyrirtækjum, en þar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið meti hæfi aðila til að fara með virka eignarhluti. Þeir sem telja hættu á því að bankarnir geti, þrátt fyrir fyrrnefnd ákvæði laga, fallið í hendur ótraustra aðila sem ekki hafa langtímasjónarmið að leiðarljósi ættu að íhuga hvort ástæða sé til að skerpa ákvæði laga nr. 161/2002 um eignarhald fjármálafyrirtækja.

**→ Í umræðunni um slit fallinna fjármálafyrirtækja er mikilvægt að missa ekki sjónar á aðalatriðum og staðreyndum máls. Ella er hætt við að umræðan hverfist um aukaatriði.**

8. Að erlendir vogunarsjóðir (eða fjármálafyrirtæki sem að einhverju leyti gætu talist af því tagi) hafi eignast u.þ.b. helming krafna í bú fallinna fjármálafyrirtækja hefur enga lögformlega þýðingu og skiptir því litlu máli um framgang málsins. Um er að ræða kröfur á íslensk þrotabú sem lúta íslenskum lögum, þ.á m. lögum um gjaldþrotaskipti og gjaldeyrislögum, að því marki sem gjaldeyrisviðskipti eða fjármagnshreyfingar á milli landa koma við sögu. Þau málefnalegu sjónarmið sem ráða för við hugsanlega veitingu undanþágu frá gjaldeyrislögum varða fyrst og fremst áhrif slitanna á gjaldeyris- og fjármálastöðugleika. Þar mun Seðlabankinn standa vörð um þjóðarhagsmuni og kalla eftir allri þeirri sérfræðiþekkingu, hvort heldur innan eða utan bankans, sem nauðsynlegt er að hafa á valdi sínu til að markmiðum verði náð.

### Staðreyndir málsins

Í umræðunni um slit fallinna fjármálafyrirtækja er mikilvægt að missa ekki sjónar á aðalatriðum og staðreyndum máls. Ella er hætt við að umræðan hverfist um aukaatriði sem höfða fremur til tilfinninga fólks en rökvísi. Því er mikilvægt að þeir sem taka þátt í umræðunni kanni vel staðreyndir málsins áður en þeir geysast fram á ritvöllinn. Þannig stuðla þeir að hófstilltri og málefnalegri umræðu og breiðri samstöðu og sátt um hagsmuni Íslands.

# Er heimilt að mismuna ef það einfaldar málið?

FÆÐINGARORLOF



**Edda H. Harðardóttir**
í fæðingarorlofi frá því fyrir áramót

Í lok desember 2012 samþykkti Alþingi að hækka hámarksgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs til foreldra í fæðingarorlofi úr kr. 300.000 í kr. 350.000. Þetta þýðir að hámarksgreiðsla sjóðsins er orðin jafnhá og hún var fyrir skerðinguna sem núverandi ríkisstjórn framkvæmdi eftir kosningarnar 2009. Einn grundvallarmunur er þó á ákvörðun sömu stjórnar frá 2009 um að skerða greiðslurnar og þeirri ákvörðun sem tekin var fyrir síðustu áramót um að hækka þær aftur. Í nýju lögunum er kveðið á um að þau öðlist gildi 1. janúar 2013 og eigi aðeins við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2013 eða síðar. Þetta þýðir að hámarksgreiðsla úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra barns sem fæddist 31. desember 2012 er 14% lægri en til foreldra barns sem fæddist daginn eftir.

Árið 2009, þegar sama ríkisstjórn skerti greiðslurnar um sömu fjárhæð, var ekkert slíkt ákvæði í lögunum. Skerðingin tók gildi 1. janúar 2010 og gilti fyrir alla sem þá áttu rétt til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði, óháð fæðingardegi barns.

Velferðarráðherra hefur skýrt forsendur þessarar mismununar. Á dv.is, hinn 17. desember 2012, er orðrétt haft eftir honum: „Það kemur alltaf upp þetta álitamál við hvaða tímamörk á að miða og við höfum fundið það út að það er einfaldast um leið og lögin eru samþykkt að gefa þann tíma.“ Skýringin á því að mismuna foreldrum með þessum hætti er sem sagt sú að ríkisstjórnin fann það út eftir athugun á málinu að þetta væri „einfaldast“. Ekki fylgdi þó sögunni hvers vegna sérstaklega flókið var talið að láta breytinguna gilda gagnvart öllum sem eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum, óháð því hvenær barnið fæðist. Ekki fylgdi heldur sögunni hvers vegna ekki var einfaldast árið 2009 að láta skerðingu á hámarksgreiðslunni eingöngu ná til foreldra þeirra barna sem fæddust eftir 1. janúar 2010.

### Fær ekki staðist

Ofangreind skýring velferðarráðherra fær ekki staðist. Stæðist hún myndi það sama væntanlega gilda um aðrar sambærilegar greiðslur frá hinu opinbera. Atvinnuleysisbætur voru t.d. hækkaðar 1. júní 2011. Því mætti hugsa sér að sá sem varð atvinnulaus 1. janúar 2011 fengi lægri atvinnuleysisbætur en sá sem missti vinnuna 1. ágúst 2011 vegna þess að það væri „einfaldast“. Fjárhæðir bóta almannatrygginga hækka um flest áramót. Með sama hætti og að framan greinir ætti öryrki, sem hóf að þiggja bætur frá Tryggingastofnun 1. janúar 2012, ekki rétt á þeim hækkunum sem urðu 1. janúar 2013, af því að það er „einfaldast“.

**→ Það er mismunun ef foreldrar barna fá mismunandi háa greiðslu úr fæðingarorlofssjóði, þrátt fyrir að eiga rétt til hámarksgreiðslu.**

Það er mismunun ef foreldrar barna fá mismunandi háa greiðslu úr fæðingarorlofssjóði, þrátt fyrir að eiga rétt til hámarksgreiðslu. Samkvæmt stjórnarskrá eru allir jafnir fyrir lögunum og hvers kyns ómálefnaleg mismunun er bönnuð. Þess er reyndar ekki getið berum orðum þar að óheimilt sé að mismuna fólki ef það má vera til einföldunar fyrir hið opinbera. Undirrituð leyfir sér þó að efast um að það sé málefnaleg mismunum og skorar á svonefndu velferðarstjórnina að leiðrétta þessa mismunun.


HEIMA ER BEST
3 FYRIR 2
AF SNYRTIVÖRUM
VERÐLÆKKUN
LITLI HAAG
295 CM
169.900
ÁÐUR 189.900
HAAG FJÖLSKYLDUSÓFI
330 CM
199.990
VAL UM VINSTRI EÐA HÆGRI TUNGU
MATARSTELL
MARGAR GERÐIR
BOLLAR FRÁ
490
3 FYRIR 2 AF PÚÐUM
SKÁLAR FRÁ
790
DISKAR FRÁ
890
TILBOÐ
Á STÓLUM 7.-10. MARS
NÝTT NÝTT NÝTT
YORK
TUNGUSÓFI
BJALLA
79.900
the PIER
30%
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Af hverju stofnum við ekki Ofbeldisvarnaráð?

OFBELDI



**Stefán Ingi Stefánsson**
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Ofbeldi í sínum fjölmörgu birtingarmyndum er ein helsta ógn sem steðjar að börnum á Íslandi: Kynferðislegt ofbeldi, einelti, vanræksla og heimilisofbeldi.

Í áranna rás hafa stjórnvöld álitið ýmsar ógnir nógu alvarlegar til að berjast markvisst gegn þeim. Lagður hefur verið tími, orka og fé í að koma í veg fyrir að börn og fullorðnir verði þeim að bráð, enda sé það samfélagslega mikilvægt og skili sér margfalt til baka. Þannig er sem dæmi starfræktur Lýðheilsusjóður sem vinnur markvisst að forvörnum. Inn í hann runnu meðal annars Tóbaksvarnaráð og Áfengis- og vímuvarnaráð.

Dæmin sýna að með forvörnum er sannarlega hægt að hafa áhrif á hegðun fólks. Við vitum að vel er hægt að breyta viðteknum viðmiðum í samfélaginu og á sama tíma vitum við að ofbeldi er gríðarleg ógn. Er þá svo fjarlægt að hugsa sér að koma á fót Ofbeldisvarnaráði í einhverri mynd?

### Ofbeldi og áhrif þess

Stofnun Ofbeldisvarnaráðs er ein af sextán tillögum í viðamikilli skýrslu UNICEF á Íslandi sem út kom í morgun. Skýrslan ber heitið Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir, og hana má nálgast á heimasíðunni www.unicef.is.

Í skýrslunni er að finna sláandi tölfræði um ofbeldi gegn börnum hér á landi. UNICEF fékk gögn greind sem þegar lágu fyrir hjá Rannsóknum og greiningu, Stígamótum, Skólapúlsinum og Barnahúsi. Of yfirgripsmikið er að rekja niðurstöðurnar í heild en meðal þess sem í ljós kemur er að nær helmingi stúlkna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi finnst framtíðin oft eða nær alltaf vera vonlaus, og tæplega 70% stúlkna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðinna eru oft eða nær alltaf einmana. Eins má nefna að skv. tölum frá Rannsóknum og greiningu frá í fyrra sögðust 5,1% stúlkna og 2,1% drengja í 9. og 10. bekk hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu jafnaldra. Í skýrslunni er sömuleiðis að finna kortlagningu á tengslum ofbeldismanns við brotaþola og hvar kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á sér helst stað. Þetta er breytilegt miðað við aldur.

Ætla má að heimilisofbeldi sé algengara hér á landi en almennt er gert ráð fyrir. Tengsl heimilisofbeldis við vanlíðan og áhættuhegðun barna eru sláandi og má sem dæmi nefna að 6,6 sinnum líklegra er að stúlkur sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi hafi neytt kannabisefna en stúlkur sem ekki hafa orðið fyrir slíku ofbeldi.

Vanræksla er ólík öðrum tegundum ofbeldis að því leyti að um er að ræða athafnaleysi sem leiðir til skaða eða er líklegt til að skaða barnið. Þrátt fyrir að á hverju ári berist talsvert fleiri tilkynningar til barnaverndarnefnda hér á landi um vanrækslu en annað ofbeldi hefur minna verið fjallað um vanrækslu í almennri umræðu.

Loks má nefna enn aðra tegund andlegs og líkamlegs ofbeldis: einelti. Þegar gögn sem Skólapúlsinn hefur safnað saman voru greind fyrir UNICEF kom meðal annars í ljós að rúm 40% þeirra barna sem verða fyrir einelti sýna sterk einkenni vanlíðanar og kvíða.

Þegar allt er samantekið sýna gögnin í skýrslu UNICEF að skýr tengsl eru á milli andlegrar vanlíðanar barna og þess að hafa orðið fyrir ofbeldi. Þetta er grafalvarlegt mál og kallar á skýr viðbrögð samfélagsins.

### Reglulegar mælingar

Á meðal tillaga í skýrslunni er að reglulega verði framkvæmdar mælingar á umfangi og eðli ofbeldis gegn börnum. Enn fremur að þeim gögnum sem þegar eru til verði safnað saman og þau greind með skipulögðum hætti. Þetta er nauðsynlegt til að bæta stefnumótun í málaflokknum og skilja betur eðli vandans. Áður en vinnan við skýrsluna hófst höfðu gögnin frá Barnahúsi sem dæmi aldrei verið greind með þeim hætti sem nú er gert – sökum fjárskorts.

Tillögurnar í skýrslunni eru afurð samstarfs við fjölmarga fagaðila og sérstakan sérfræðihóp barna. Við erum öllu þessu fólki hjartanlega þakklát fyrir ómetanlegt framlag sitt.

### Næstu skref

UNICEF á Íslandi fagnar þeim jákvæðu skrefum sem stjórnvöld hér á landi hafa þegar tekið, m.a. með vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og skipan verkefnastjórnar í eineltismálum. Um leið hvetjum við stjórnvöld til að taka næstu skref: líta á ofbeldi í víðu samhengi, festa forvarnir í sessi og færa þær frá því að vera átaksverkefni yfir í að vera hluti af öflugri baráttu til frambúðar.

Tillögur UNICEF á Íslandi rötuðu nýlega inn í ályktanir stjórnmálaflokka á landsfundum. Þannig ályktaði Samfylkingin að koma skyldi á fót Ofbeldisvarnaráði og Vinstri græn fögnuðu tillögum um aðgerðir gegn ofbeldi, þ.á m. um stofnun umrædds ráðs. Sjálfstæðisflokkurinn ályktaði um mikilvægi þess að „sporna gegn hvers kyns ofbeldi“ og að forvarnir og rannsóknir skiptu þar miklu máli.

**➜ Í skýrslunni er sömuleiðis að finna kortlagningu á tengslum ofbeldismanns við brotaþola og hvar kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á sér helst stað. Þetta er breytilegt miðað við aldur.**

Getan til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum er sannarlega til staðar hér á landi. Helsta hindrunin í málaflokknum hingað til hefur verið skortur á pólitískum vilja og fjármagni. Við hjá UNICEF á Íslandi fögnum auknum pólitískum áhuga og vonum innilega að honum fylgi nauðsynleg framkvæmd.

Samkvæmt umferðaröryggisáætlun stefna stjórnvöld að 46% fækkun banaslysa og annarra alvarlegra slysa í umferðinni fram til ársins 2022. Þetta á m.a. að nást með miðlun upplýsinga, fræðslu og þátttöku vegfarenda um varnir gegn þessari vá – sem sé forvörnum. Undirmarkmið áætlunarinnar er að útrýma endanlega banaslysum og alvarlegum slysum á börnum. Þetta er frábært.

Væri ekki lag að gera það sama varðandi ofbeldi?

# Konur og kvikmyndagerð

MENNING



**Laufey Guðjónsdóttir**
forstöðumaður Kvikmyndastöðvar Íslands

Hin dæmigerða grillveisla: konan annast það „ósýnilega“ kaupir inn, saxar, blandar sósur og marineringu. Undirbýr og heldur utan um allt ferlið þar til komið er að því að grilla. Þá stígur karlinn fram, grillar og hlýtur aðdáun gestanna. Sama má að mörgu leyti heimfæra á kvikmyndagerð á Íslandi: Konur framleiða margar þeirra mynda sem gerðar eru, ná saman fjármagni hér heima og erlendis, skipuleggja upptökur og framleiðsluferlið, ráða starfsmenn og sjá um reiknings- og bókhald. Gera úttektir og annast félagsstörf. Gera það sem gera þarf.

Þær konur sem hafa lagt fyrir sig listrænu störfin í kvikmyndum hafa náð langt í faginu, sest í leikstjórastólinn, skrifað handrit, klippt, kvikmyndað, samið tónlist, hannað búninga. En þær eru langtum færri en karlmenn og frá sjónarhorni okkar sem störfum hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, er hlutfallið ekki aðeins lágt þegar styrkveitingar eru taldar heldur líka fjöldi þeirra sem sækja um.

Skýringar á minni þátttöku kvenna en karla í listrænum lykilstöðum eru eflaust fjölmargar og ekki eitt svar til heldur samspil fjölmargra þátta. Ástandið er svipað víðast hvar erlendis, t.d. var það tíundað sérstaklega þegar sýndar voru heilar fjórar myndir eftir konur í aðaldagskrá kvikmyndahátíðarinnar í Cannes og var það umtalsverð fjölgun frá fyrri árum.

Við erum komin langt í jafnréttismálum miðað við margar aðrar þjóðir þótt enn sé langt í land. Margar okkar hafa upplifað að brotið hefur verið á okkur í málum sem varða kjör og aðgengi að störfum. Vandann hér á landi verðum við sjálf að leysa og það er knýjandi, því eins og Kristín Jóhannesdóttir, heiðursverðlaunahafi á nýliðinni Edduhátíð, sagði: þjóðfélag verður aldrei heilt með karlagildi ein í öndvegi.

### Færri umsóknir frá konum

Það er staðreynd að Kvikmyndamiðstöð Íslands berast mun færri umsóknir frá konum sem eru handritshöfundar og/eða leikstjórar en frá körlum í sömu störfum. Þegar hlutfall af umsóknum er skoðað fá fleiri konur styrki en karlar. Fyrir nokkrum mánuðum var veitt hæsta vilyrði um framleiðslustyrk til þessa vegna myndarinnar Silungapollur en handritið er eftir og mun verða leikstýrt af Guðrúnu Ragnarsdóttur auk þess sem fyrirtækið sem framleiðir er í eigu tveggja af reyndustu framleiðendum landsins, sem báðar eru konur.

Kvikmyndamiðstöð Íslands er ætlað samkvæmt reglugerð um Kvikmyndasjóð að veita styrki til framleiðslufyrirtækja sem hafa atvinnu af kvikmyndagerð. Það er mikilvægt að skoða leið kvenna þangað. Ein skýring er hversu erfitt er að framleiða myndir hér á landi. Þrátt fyrir styrkveitingar er kvikmyndagerð áhættusöm. Þeir sem að greininni koma þurfa að leggja í torfæru við gerð sérhverrar myndar. Kvikmyndagerðarmenn hafa lagt mjög mikið inn við uppbyggingu greinarinnar og þar er þáttur kvenna í vexti og viðgangi kvikmyndagerðar ótvíræður og auðsær ef að er gáð.

Ég tel mikilvægt að hefja markvissa kennslu í kvikmyndalæsi og öðrum þáttum miðilsins strax á grunnskólastigi. Allir vita að myndmiðlar eru ráðandi í samtímanum, kvikmyndir, tölvuleikir, skilaboð/leiðbeiningar og afþreying. Þekking til að greina myndmál gerir fólki kleift að átta sig á mismunandi sjónarhornum og framsetningu, þ.m.t. staðalímyndum.

### Kvikmyndasmiðjur í grunnskóla

Jafnframt ætti að feta í fótspor nágrannaþjóða okkar og stofna kvikmyndasmiðjur á grunnskólastigi. Ætla má að þar væri hægt að veita stelpum (og strákum) mikilvæga hvatningu til að miðla sínum sögum og sjónarhorni. Með nýrri tækni krefst það ekki mikils kostnaðar að koma smiðjum upp og reka. Framtak Bjarkar, að vinna með krökkum við forritun á iPad, er til fyrirmyndar hér.

Kvikmyndagerð er valgrein í nokkrum framhaldsskólum auk Kvikmyndaskóla Íslands. Er hægt að þjappa stelpum saman á þeim vettvangi? Konum sem lokið hafa formlegu námi frá fremstu kvikmyndaskólum hefur fjölgað, þó eru þær enn þá mun færri en karlmenn. Tengslanet þarf að verða til og það er ein af forsendum hópeflis á flestum sviðum. Konur sem starfa í kvikmyndum og sjónvarpi hafa myndað með sér samtök sem vinna með alþjóðlegum samtökum kvenna í kvikmyndagerð, WIFT. Á þeim vettvangi hafa myndast mikilvæg tengsl fagkvenna með reglulegu starfi. Einnig fjölgar konum í samtökum kvikmyndaleikstjóra hægt og bítandi.

**➜ Kvikmyndamiðstöð Íslands er ætlað samkvæmt reglugerð um Kvikmyndasjóð að veita styrki til framleiðslufyrirtækja sem hafa atvinnu af kvikmyndagerð. Það er mikilvægt að skoða leið kvenna þangað.**

Mikilvægt er að kortleggja stöðuna, m.a. til að kanna hvers vegna konur sækja síður í fagið en karlar. Jafnframt að fundin verði leið til að hvetja konur reglulega til að sækja um styrki fyrir eigið efni til handritagerðar og framleiðslu kvikmynda, heimildarmynda og sjónvarpsþátta.

Frumkvæði er mikils um vert, það þarf að stilla saman krafta.

ÞÚ STYRKIR OKKUR
ÞEGAR ÞÚ
SPILAR
Þegar þú spilar í kössunum okkar styrkir þú Rauða krossinn, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg.
18+




Íslandsspil



## NÝR DÓMARI

**Fyrirsætan Heidi Klum hefur tekið að sér dómarastöðu í þættinum America's Got Talent. Aðrir dómarar í þættinum verða Howard Stern, grínistinn Howie Mantel og kryddpían fyrrverandi Melanie Brown. Þær Heidi og Melanie koma í stað Sharon Osbourne.**


TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




# LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Lambaborgari með bernaise-sósu og djúpsteiktum laukhringjum er nýjasti rétturinn á Texasborgurum Grandagarði.*

Lambaborgari er kannski ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann í tengslum við ekta amerískan hamborgarastað. Íslenska lambið hefur samt fengið heiðurssess á Texasborgurum við Grandagarð í samvinnu við íslenska sauðfjárbændur, enda vorið á næsta leiti og ferðamenn sólgnir í þetta úrvalskjöt af íslenskum heiðum, eins og Íslendingar sjálfir.

Lambaborgararnir kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru bornir fram í brauði með djúpsteiktum laukhringjum, hamborgara- og kryddsósu úr leynieldhúsi Texasborgara, jöklasalati, tómötum og rauðlauk. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaise-sósa.

„Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið á Íslandi," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Lambið kemur einstaklega vel út í þessu samhengi við amerísku hefðina. Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamborgara úr því án nokkurra aukaefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér. Með þessu framtaki vil ég líka stuðla að því í góðu samstarfi við bændur að lambið verði notað meira í skyndibita en gert hefur verið fram að þessu. Möguleikarnir eru endalausir."

Texasborgarar eru bæði með vefsíðu, texasborgarar.is, og á Facebook þar sem meðal annars er hægt að skoða matseðilinn.

**LANGBESTA KJÖTIÐ**
„Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið á Íslandi," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður.
MYND/GVA



**FRÁBÆRT VERÐ**
Lambaborgari með laukhringjum, bernaise og frönskum kostar aðeins 1.390 kr.




Hugsaðu vel um fæturna

Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: „ Annapolis" Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi. Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18
Opið laugardaga 10-14

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



Ný sending frá

ZEITLOS by LUANA®

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGIHLUTUM MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.



GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

VALHÖLL
Svæðisskipt heilsudýna
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum
Stærð 120x200 cm
Tilboðsverð kr. 74.900.-

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum


TOMMY LEE JONES


JUSTIN THEROUX


BEN AFFLECK


GEORGE CLOONEY


BRADLEY COOPER

# SÆTIR MEÐ SKEGG

**TÍSKA** *Á nýafstaðinni Óskarsverðlaunahátíð í Hollywood var eftir því tekið hversu margir leikarar voru alskeggjaðir.*

Hvort þetta er ný tíska í leikarastétt skal ósagt látið en flestum þessara sjarmatröllа fer skeggvöxturinn vel. Það er ágætt að minna á það núna þegar allmargir íslenskir karlmenn skarta skeggi á efri vör í svokölluðum Mottumars.

Konurnar klæddust glæsikjólum á rauða dreglinum og mikið hefur verið fjallað um þá en að venju herrarnir allir eins klæddir. Það bar því helst til tíðinda í þeirra röðum hversu margir voru skeggjaðir. Samkvæmt því sem tískulöggurnar segja fer skegg vel við smóking og þykir meira að segja nokkuð kynþokkafullt.

Þeir sem þóttu flottastir með skeggið voru Bradley Cooper, George Clooney og Ben Affleck. Einnig má nefna Tommy Lee Jones og Justin Theroux, kærasta Jennifer Aniston. Allir þessir herramenn eru „heitar“ stjörnur þessa dagana og sannarlega leiðandi í tískunni.


Föndur úrvalið er hjá okkur



Föndurlist

Holtagörðum, s. 553-1800
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-15
www.facebook.com/fondurlist

Parísartízkan
fagnar 50 ára afmæli um þessar mundir.
Full búð af nýjum vörum og
50% afsláttur
af völdum vörum.



BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

AÐHALDSFATNAÐUR
Í MIKLU ÚRVALI



Kjólar, buxur, bolir og leggings
Stærðir 40-56
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

Full búð af nýjum vörum



MOMO
Laugavegi 42. 5521818
Vertu vinur
MOMO Konur

Vissir þú að...
ofbeldi brýtur börn niður
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

oasis

FERMINGAR
ÁRSHÁTÍÐIR
VINNAN
SKÓLINN


Ekta leðurjakki, kr. 39.900.-


Celeste draktarjakki, kr. 19.900, buxur í stíl kr. 14.900.-


Blúndukjóll, kr: 17.900


Grár klæðskerasniðinn kjóll kr. 16.900.-


Kjóll, ekta leður: 25.900.-

oasis
KRINGLAN & SMÁRALIND

# LOPINN SLÓ Í GEGN

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Erna Einarsdóttir fatahönnuður var ráðin hjá Yves Saint Laurent í kjölfar lokaverkefnis hennar frá Central Saint Martins-skólanum. Hún hefur verið ráðin yfirhönnuður hjá Geysi og sýnir á HönnunarMars.*



Ég setti mér það markmið að nota íslensku ullina sem tískuvöru en ekki sem handavinnu og sýna fram á að það sé fullvel hægt að nota íslenskan lopa í tískufatnað. Það er íslensk, eða allavega skandinavísk aðferð, að prjóna peysur á hringprjón svo engir saumar eru á flíkinni og ég notfærði mér það. Bæði peysurnar og pilsin eru ein heild og engir saumar,“ útskýrir Erna Einarsdóttir fatahönnuður, en hún sýnir útskriftarlínu sína frá Central Saint Martins-skólanum í London í versluninni Geysi á HönnunarMars.

Erna hefur ekki sýnt línuna hér á landi áður en hún hlaut talsverða athygli fyrir hana þegar hún útskrifaðist fyrir ári síðan og Erna landaði starfi hjá Yves Saint Laurent strax eftir útskrift.

„Línan mín var valin ein af bestu línunum í útskriftarárganginum og svo fékk tilboð um að koma í viðtal til Yves Saint Laurant. Ég var þá á leiðinni heim til Íslands eftir 8 ára nám úti og hlakkaði mikið til að koma heim. Ég ákvað þó að skella mér í viðtalið því ég hafði aldrei komið til Parísar. Ég fékk starfið og var byrjuð að vinna tveimur vikum seinna. Þá komst ég líka að því að ég var ólétt. En það gekk bara fínt að vera ólétt í París og tíminn leið hratt. Ég kom heim í september og átti í október,“ segir Erna hress. Hún hefur nú verið ráðin yfirhönnuður hjá Geysi og segist hlakka til að taka þátt í uppbyggingunni á íslenskri fatahönnun.

„Það eru spennandi hlutir að gerast í fatahönnun á Íslandi og mikil vitundarvakning um hvað sé hönnun og hvað ekki. Hér er mikið af flottum hönnuðum sem hafa alla burði til að ná langt og mér finnst að mætti styðja meira við. En mér finnst Fatahönnunarfélagið að gera góða hluti og þá er HönnunarMars frábær vettvangur til að sýna á og er kominn til að vera.“



**SÝNIR ÚTSKRIFARLÍNUNA** Erna Einarsdóttir fatahönnuður landaði starfi hjá Yves Saint Laurent í París út á útskriftarlínu sína. Hún sýnir línuna nú í fyrsta skipti hér á landi, í versluninni Geysi á HönnunarMars. Erna hefur störf sem yfirhönnuður hjá Geysi á næstu vikum. Peysurnar eru prjónaðar eftir íslenskri hefð, engir saumar og allt handgert. Pilsin eru úr silfurlituðu gervileðri sem í eru leysigeislaskorin göt. Íslenskur lopi er svo handsaumaður í leðrið með krossaumi. MYND/STEFÁN

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427



# PAUL SMITH FYRIR BOWIE

**HÖNNUN**

**Tískuhönnuðurinn Paul Smith hefur tekið höndum saman við góðvin sinn, söngvarann David Bowie. Smith mun framleiða opinberan stuttermabol sem kemur í verslanir samhliða nýjum hljómdiski Bowies, The Next Day, sem verður gefinn út 11. mars. Myndin á bolnum er innblásin af umslagi plötunnar Heroes frá 1977. David Bowie hefur oft klæðst fötum Paul Smith í gegnum tíðina. Þeir félagar ætla sér að starfa meira saman á árinu.**






**TVEIR GÓÐIR** Paul Smith og Bowie eru góðir vinir.


# NORÐUR**KRILL**

**OMEGA 3 getur gengt lykilhlutverki þegar kemur að því að efla stoðkerfið, huga- og heilastarfsemi, hjarta og æðakerfi.**
**NORÐURKRILL ein öflugasta uppspretta af OMEGA 3 úr hafinu unnið úr krilli (ljósátulýsi)**

Aðeins þarf 1-2 hylki á dag til að mæta dagsþörfinni og það er ekkert eftirbragð, uppþemba eða magaólga sem oft fylgir inntöku á fiski- og jurtaolíum.




**20%** afsláttur 1 – 15 mars



## Hressari á morgnana!

„Í heilsueflingu minni sem hófst í ágúst 2011 hef ég notað Norðurkrill omega 3 gjafa og ég fann mjög fljótt mikinn mun á mér.

Ég hafði lengi átt við skammdegisþunglyndi að stríða, var kraftlaus, síþreyttur og fann til í liðamótum. Eftir að ég byrjaði að taka inn Norðurkrill er miklu auðveldara að vakna á morgnana, liðverkir eru horfnir, lundin er léttari og ég finn gríðarlegan mun á heilsunni.

Þetta var eins og punkturinn yfir i-ið og ég ætla klárlega að halda áfram að nota Norðurkrill í minni heilsueflingu.

Ég verð 40 ára á árinu og hef sjaldan verið í jafngóðu andlegu og líkamlegu formi."

*Björn Ólason*

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is

PRENTUN.IS

NORÐUR**KRILL** er fáanlegt í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna




**GLÆSIKLÆÐNAÐUR** Sýningin spannar fjörutíu ára feril Jean Paul Gaultier sem tískuhönnuðar.

NORDICPHOTOS/GETTY

# HÖNNUN GAULTIERS

*Sýning sem tileinkuð er verkum Jean Paul Gaultier verður opnuð í Barbican í London á næsta ári.*

Sýningin sem ber heitið; The Fashion World of Jean Paul Gaultier: From The Sidewalk To The Catwalk, spannar fjörutíu ára feril Gaultiers sem tískuhönnuður. Sýningin var fyrst opnuð í Bandaríkjunum 2011 og hefur síðan verið sett upp í Kanada og víða í Evrópu. Nú er komið að Lundúnum, nánar tiltekið Barbican þar sem sýningin verður sett upp í apríl á næsta ári.

Á sýningunni gefur að líta margar frægar flíkur. Helst ber að nefna heimsþekkt lífstykki Madonnu með keilulaga skálunum sem hún klæddist á tónleikaferð sinni Blonde Ambition árið 1990. Þá verða þrír aðrir búningar á sýningunni sem Gaultier hannaði sérstaklega fyrir söngkonuna. Þá má einnig nefna fatnað sem hönnuðurinn bjó til fyrir Kylie Minogue og Dita Von Teese. Alls verða um 140 hátísku- og hvunndagsklæðnaðir til sýnis en flest eru fötin úr einkaeigu hönnuðarins sjálfs.





**MADONNA** Á sýningunni má meðal annars líta lífstykki sem Gaultier hannaði fyrir söngkonuna Madonnu.





# Dúnmjúkur draumur

100% dúnsæng á fermingartilboði

**Létt og hlý dúnsæng sem færir þér einstakan svefn. Eingöngu 100% náttúruleg efni, bómull & dúnn.**

**Stærð 140x200**
790 gr ofnæmisprófaður dúnn

**Fermingartilboð**
**24.990 kr** (áður 33.490 kr)

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is Sendum frítt úr vefverslun á næsta pósthús**





# STUTTBUXURNAR SÍKKA OG VÍKKA

**ÞÆGILEG SUMARTÍSKA** *Þröngu stuttbuxurnar eru á undanhaldi og víkja fyrir síðari, víðari og þægilegri buxum.*

Víðar bermúdabuxur, hangandi á mjöðmum, hafa verið áberandi á tískupöllunum. Þær eru þeim kærkomnar sem treystu sér ekki í stuttu og níðþröngu galla- og leðurstuttbuxurnar sem hafa notið vinsælda síðustu ár. Þetta er einstaklega þægileg og hentug tíska sem á örugglega eftir að ná til almennings.

Sumar buxurnar ná alveg niður að hnjám en á öðrum nema skálmarnar við mið læri. Flestar eru víðar og svolítið rykktar og oft er hægt að stinga höndum þægilega í vasann.

Íslensk sumur bjóða ekki alltaf upp á bera leggi en við því má sjá með hnausþykkum sokkabuxum og þannig ganga buxur sem þessar árið um kring.

**KLÆÐILEGT**
Þessi tíska nær langt út fyrir tískupallana enda klæðir hún flesta.

**ÞÆGINDIN Í FYRIRRÚMI**
Sumar buxurnar ná alveg niður að hnjám en aðrar nema við mið læri.

**TÖFF**
Stuttbuxnadraktir þykja smart.




**RETRO-STEMNING** Ekki þykir verra ef buxurnar virðast notaðar. Þær eru flestar víðar og svolítið rykktar og oft er hægt að stinga höndum þægilega í vasann.

**FLOTTAR VIÐ SOKKABUXUR**
Íslensk sumur bjóða ekki endilega upp á bera leggi en við því má sjá með þykkum sokkabuxum.




„Ég hafði ekki gert mér grein fyrir að ég væri að missa af lífinu og get ég ekki ímyndað mér hvernig lífið væri nú hefði ég ekki farið í Heilsuborg."

*Sólveig Sigurðardóttir*

# 35 kílóum léttari en fyrir ári síðan

"Mér fannst allt gott, hafði enga stjórn á skammtastærðum og hafði lítið þrek. Ég var farin að óttast um heilsu mína og langaði ekki að vera svona illa á mig komin lengur," segir Sólveig sem vildi læra að borða rétt og lifa í sátt við sjálfa sig.

„ Þegar ég fór að ná árangri, léttast og líða betur hugsaði ég tíðum hví í ósköpunum ég hefði ekki tekið í taumana fyrr. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir að ég væri að missa af lífinu og get ég ekki ímyndað mér hvernig lífið væri nú hefði ég ekki farið í Heilsuborg."

"Að breyta um mataræði er mikil vinna í fyrstu og ég hef reynt að boð og bönn virka ekki. Ég hætti að vera svöng þegar ég lærði að borða reglulega og langar sjaldnast í nammi því mér líður svo vel að borða rétt," segir Sólveig, 35 kílóum léttari en fyrir ári síðan.

*Sólveig Sigurðardóttir*



# Ætlar þú að **breyta** um **lífsstíl?**

**Heilsulausnir**
Henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

- Heilsulausnir hefjast mánudaginn 18. mars
- Mán, mið og fös kl. 07:20, 12:00 eða 17:30
- Hópþjálfun 16-25 ára á mán, mið og fös kl. 15:30
- Verð kr. 16.900 pr. mán í 12 mán
- Skráning í síma 560 1010
  eða á mottaka@heilsuborg.is

Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar.

**Kynningarfundur mánudaginn 11. mars kl. 17:30 – Allir velkomnir!**

***Ert þú óviss með næstu skref?***
*Pantaðu tíma í Heilsumat og hjúkrunarfræðingur fer yfir stöðuna á þinni heilsu og aðstoðar með næstu skref.*

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



FORD Expedition EL Limited. Árgerð 2008, ekinn 88 Þ.KM, bensín, ssk, hrikalega vel búinn bíll. Verð 5.990.000. Rnr.204466.



SSANGYONG Musso Wagon. Árgerð 2000, ekinn aðeins 77 Þ.KM, Sjálfskiptur. Verð 790.000. Rnr.206189.



LAND ROVER Range Rover Sport Supercharged . Árgerð 2007, ekinn aðeins 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Lækkað verð 5.990.000. Rnr.206059.



JEEP Grand Cherokee SRT8. Árgerð 2007, ekinn 105 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Lækkað verð 3.590.000. Rnr.103755.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento dísel beinskiptur. Árgerð 2010, ekinn 42 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.590.000. Rnr.140351.



HONDA Cr-v panorama. Árgerð 2007, ekinn 102 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.990074.



FORD Explorer xlt 4wd. Árgerð 2003, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.160373.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bílasala
100bilar.is



NÝ COLEMAN SEDONA 8 FET, Ný fellihýsi, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á ótrúlegu verði aðeins 1.399.000kr, Komdu og skoðaðu

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Ford Escort 2002. Nýskoðaður. Lítið ekinn. Sjálfskiptur. Verð 450 þúsund eða tilboð. Upplýsingar í síma 893 7474.



BÍLAR og TÆKI TIL SÖLU VELAMIDSTODIN.IS maggi@metanbill.is S:5 800 439




### 250-499 þús.



**GÓÐUR 4X4 JEPPI - 390ÞÚS**

Nissan Terrano II 33" 2,4 bensin árg' 97 ek. aðeins 174 þús, beinskiptur, leðurklæddur, 7 manna, flott og ryðlaust eintak verð 390 þús s.841 8955



**SSK VOLVO S40 -350 ÞÚS**

VOLVO S40 1,8 16v SEDAN, árg.'97 ek.170 þús. sjálfskiptur, ný skoðaður 14, nýtt í bremsum ofl snyrtilegur og góður vagn, verð 350 þús. s. 841 8955.

### 2 milljónir +



Til sölu dodge coronet 500. Árgerð 1967. Bíll í góðu ástandi. Nánari upplýsingar í 866 2689. Gunnar.

### Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Vinnuvélar



SAMASZ snjóplógar og tennur. Mikið úrval. Búvís sími: 465 1332 www.buvis.is

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Varahlutir




Sendu eina fyrirspurn á 50 PARTASaLa og þeir svara þér ef hluturinn er til. www.partasalar.is

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavia árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**JAPANSKAR VÉLAR**
**DALSHRAUN 26, 220.**

Erum að rífa m.a. parjero ,03, outlander ,04, L-200 ,02-'07, sorento ,08, sporage ,06, picanto ,06, swift ,04-'10, vitara ,98-'05, kyron ,07, avensis ,04, xtrail ,08. Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is japvel@carparts.is

### Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

**STIGAGANGAHREINSUN.IS**

Teppahreinsun, veggjahreinsn, bónvinna. Pawel S. 842 6522.

### Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

### Bókhald

rekstur & skattskil
Þarftu aðstoð?
BÓKHALD, LAUN, VSK OG SKATTFRAMTALSGERÐ.
Rekstur og skattskil sf. Suðurlandsbraut 16
S. 587 7600 • 860 9900
jon@rekstur-skattskil.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.490 0095 www.accountant.is

Öll bókhaldsþjónusta, VSK, uppgjör, framtöl, launavinnsla, ráðgjöf, eignaumsýsla og stofnun fyrirtækja. Ábyrg þjónusta - Vönduð vinnubrögð Korrekt viðskiptaþjónusta Borgartúni 24, sími 445 5500

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**TRÉSMÍÐAR**

Erum mjög vanir breytingavinnu og allri almennri viðhaldsvinnu. Hagstætt tímakaup eða tilboð. GS Verktakar S: 864 4789

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Er raki í gluggasillum vandamál hjá þér ? Við hjá Selju höfum þróað nýja aðferð til þess að koma í veg fyrir þennan hvimlega vanda. Uppl. í síma 869 4479.




### Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

### Nudd

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669-0802

### Spádómar

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. s. 891 8727 Stella.

**SPÁSÍMI LÁRU 907 2012**

Spámiðlun, tarotlestur, hvað viltu vita á nýju ári ? Algjör trúnaður. Opið frá 13-23.

### Rafvirkjun




**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna vönduð vinnubrögð. ahraf@ahraf.is Hannes s: 845-7711 Arnar s: 897-9845

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Önnur þjónusta



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**

Þunnu mjúku peysurnar komnar í sumarlitum í stærðum frá Small - 3X Útsölulok 30-50% afsláttur sími 6956679 www.beautyinblack.is



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150

## KEYPT & SELT

### Til sölu




Haltá Ketti er ný netverslun með barna og unglingavörur. Fatnaður og Leikföng. Ekkert sendingargjald.




**KYMCO 2013 !**

Enn betra og skemtilegra hjól hlaðið aukabúnaði. Veglegur aukahlutapakki sem fylgir er. Öflugt spil. Dráttarkúla og prófíltengi. Sæti og sætisbak fyrir farþega. Álfelgur og 26" Maxxis Bighorn dekk. Götuskráð hjól tilvalið í leik eða starf. VDO Borgartún 36 105 Reykjavík. S:5889747 www.vdo.is




Gámar til sölu 20 - 40 fet. Uppl. e. kl. 14 S. 666 0055 vinnugamar@hotmail.com

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**BÓKHALDSÞJÓNUSTA**
fyrir fyrirtæki, einstaklinga og félagasamtök
Fagleg og vönduð þjónusta á sanngjörnu verði.
GAIUS BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Sími 892 5784
Síðumúli 31 • 105 Reykjavík
gaiusehf@gmail.com

GB TJÓNAVIÐGERÐIR
Gæðavottað réttingar og málningarverkstæði
Tjónaskoðun. Bílaleiga
GB Tjónaviðgerðir ehf. s : 567-0690 tjon@tjon.is tjon.is Dragháls 6-8 110 Rvk

Uppgjör & skattskil
Sími: 577-3434
Alhliða bókhaldsþjónusta fyrir fyrirtæki, einstaklinga, húsfélög og félagasamtök.
*Vönduð og fagmannleg vinnubrögð á sanngjarnu verði.*
Nethyl 2b, 110 Reykjavík - uppgjorogskattskil.is

**Pottlok**
Saumum yfir heita potta úr sterkum pvc dúk, sem þolir mikin þunga. Mjög létt að opna og rúlla segli upp.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

- *Steypusögun*
- *Kjarnaborun*
- *Múrbrot*
- *Hellulagnir*
- *Jarðvegsvinna*
- *Öll almenn- verktakavinna*

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
*Brotafl ehf*
*Símar 894 8040*
*894 8044*
*Fax 565 0050*
*Netfang: brotafl@simnet.is*

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*
**Sími: 565-7070**

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

Sturlaugur Jónsson & Co
TÚRBÍNUR
Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.
www. sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhellu 13 Hafnarfirði

**PALLAR.IS**
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR
Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
***Varahlutaþjónusta***
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**SPARAÐU BENSÍN!**
**Metan uppfærðu bílinn þinn**
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

- *Hjólbarðaviðgerðir*
- *Smurþjónusta*
- *Bremsur*
- *Demparar*
- *Rafgeymar*
- *o.fl.*

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
*GENERAL HJÓLBARÐAR*

**Erum að rífa þessa bíla!!**
Subaru Impreza/Legacy, Nissan Almera/Micra
Toyota Yaris/Corolla/Avensis
Mitsubishi Pajero/Lancer
Ford Focus
Opið Laugadaga 10-16 • Allar Almennar viðgerðir
Bílar og Partar • Iðavellir 9c • 230 Reykjanesbæ
s. 421-7979 • www.bilarogpartar.is

*Rafstilling ehf*
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
*Dugguvogi 23 - s: 5814991*
*rafstilling@rafstilling.is*

ALFA ROMEO
FIAT
***VARAHLUTIR***
***S. 5 400 800***
DODGE CHRYSLER Jeep FIAT

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-*þjónusta* www.bilasprautun.is

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Vélfræðingar – hugvitsmenn – hönnuðir
Helac-vökvaliðurinn gefur ykkur ótal möguleika til að opna eða velta til þungum búnaði. Hafið Helac í huga.
Helac leysir vandann.
ÁSAFL EHF
Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfj.
s. 562 3833 - 863 5512
www.asafl.is - asafl@asafl.is
HELAC
Helac snúningstilt

EYJALIND
*Varahlutir í vinnulyftur*
*S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is*

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golfist@golfist.is | www.golfist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald
Bona

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

**Uppl. í síma 699-6869 og www.rafeindir.is**

**Ný náttfatalína frá Vanity Fair**
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
Erum á Facebook
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

## Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**ÓSKA EFTIR SVARTFUGLI**
Allt frá 10-500 stk., borga vel fyrir fuglinn. S. 895 7350 Bjarki.

## Verslun




## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Þjónusta



**VARANLEGT REYKSTOPP EFTIRFYLGNI Í 1 ÁR**
Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi. www.theta.is. Upplýsingar í s. 694-5494.

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Klassískt slökunarnudd rvk 101, s: 8416795 Júlija

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 3ja herb. íbúð í seljahverfi. Garðskáli. Uppl. s. 777 0750.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

# fasteignir

## DEKKJAVERKSTÆÐI TIL SÖLU

Rótgróið dekkjaverkstæði í eigin húsnæði til sölu. Um er að ræða afar vel staðsett og þekkt dekkjaverkstæði, miklir möguleikar á að bæta við og vera með einhverjar smáviðgerðir samhliða. Gott 350 fm húsnæði með 3 innkeyrsludyrum. Framundan er besti tími ársins.
**Allar nánari upplýsingar veitir Kristberg Snjólfsson á skrifstofu Landmark eða í síma 892-1931.**



Hafðu samband
**KRISTBERG SNJÓLFSSON** Sölufulltrúi
Sími: 892 1931 – kristberg@landmark.is



**MAGNÚS EINARSSON**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

**LANDMARK**
**FASTEIGNASALA**
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS**

## Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

**Þverholt 14, 105 Reykjavík**







Til leigu um 330 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð sem skiptist í móttöku, 10 lokaðar skrifstofur, rúmgott eldhús, stórt fundarherbergi og skjalageymslu. Til viðbótar er unnt að leigja um 365 fm. skrifstofuhúsnæði á sömu hæð sem er innréttað á svipaðan hátt, eða samtals um 695 fm. hæð. **Laust strax!**

**Allar nánari upplýsingar veitir**
**Helgi Már Karlsson, lögg. fasteignasali**
**í s. 534 1024/897 7086**
**eða hmk@atvinnueignir.is**

534 1020
www.atvinnueignir.is

## Norðurbakki 21. Hafnarfirði

### Glæsilegar íbúðir við höfnina.



### Opið hús í dag 7. mars frá kl. 17-18

- Fullbúnar sýningaríbúðir.
- Glæsilegar útsýnisíbúðir.
- 3ja til 4ra herbergja íbúðir.
- Tvennar svalir.
- Stærð frá 107 fm. til 160 fm.
- Vandaðar íslenskar innréttingar.
- Til afhendingar sumar 2013.
- Nokkrar seldar nú þegar.
- Sérbílastæði í bílastaðakjallara fylgir öllum íbúðum.
- Gott aðgengi og lyfta.
- Sölumenn: Hilmar s. 892-9694, Hlynur s. 698-2603, Þorbjörn Helgi s. 896-0058.

**Verð frá kr. 27,6 milljónir**

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
- stofnað 1983 -

**Bæjarhrauni 10**
**Hafnarfirði**
**Sími 520 7500**
**www.hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali.**

# atvinna

Fjórðungssamband Vestfirðinga

## Verkefnastjóri
## Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

*Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks bs. (BsVest) er byggðasamlag sveitarfélaga á Vestfjörðum og er rekið á grundvelli laga um málefnum fatlaðra nr. 59/1992 og lögum um sveitarfélög nr 138/2011. Stjórn og framkvæmdastjórn BsVest er rekin sameiginlega með Fjórðungssambandi Vestfirðinga.*

*Staðsetning starfstöðvar verkefnastjóra er á Vestfjörðum og miðað er við að viðkomandi geti hafið störf hið allra fyrsta. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.*

**Starfssvið**:
Verkefnastjóri BsVest hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðs fólks og ber ábyrgð á því gagnvart framkvæmdastjóra og stjórn BsVest að honum sé framfylgt. Verkefnastjóri stýrir vinnu verkefnahóps félagsþjónustusvæða sveitarfélaga er standa að BsVest.

**Hæfniskröfur**:
Krafist er háskólaprófs sem nýtist í starfi auk reynslu í félagsþjónustu og þekkingar og áhuga á málefnum fatlaðs fólks. Stjórnun og þekking á rekstri verkefna á tilgreindu starfsviði er æskileg.
Góð tölvuþekking er nauðsynleg, þ.m.t. excel, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.

Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu-og skipulagshæfileika. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði.

**Helstu verkefni:**
- Vinna að stefnumótun og framþróun málaflokksins fyrir starfssvæðið
- Setja og fylgja eftir gæða-og þjónustumarkmiðum þannig að skjólstæðingar fái þá þjónustu sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni.
- Vinna að gerð fjárhags-, rekstraráætlana og skýrslugerð vegna starfseminnar.
- Eftirlit með því að fjárhagslegar skuldbindingar séu samkvæmt ákvæðum þjónustusamnings og stofnanir sem veita fötluðu fólki þjónustu starfi innan ramma laga og

Umsjón með ráðningu hefur Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga adalsteinn@fjordungssamband.is sími 450-3001 eða 862-6092.
Umsóknarfrestur er settur til og með 11. mars 2013, umsóknir sendist á skrifstofa@fjordungssamband.is

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**APARTMENT K**
**NIGHT PORTER**
**JOB DESCRIPTION**
Applicant will be responsible for the smooth, efficient running and security of the hotel during the night. Duties will include portering, security, reception, laundry assisting staff and guests in any way possible. The ideal applicant will be able to lead by example, have excellent customer service skills and be able to work in a team or on own initiative.

Salary is according to union agreement.

**Please sent your c.v. to sales@apartmentk.is**

**ÞJÓNN ÓSKAST!**
Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Upplýsingar í s. 899 1965**

ginger

**GINGER LÁGMÚLA**
Vantar hressan aðstoðarkokk sem getur unnið á vöktum, getur byrjað strax, er reyklaus og ekki yngri en 20 ára.
**Ef þú hefur áhuga komdu þá til okkar í Lágmúla (inni í 10-11) og fylltu út starfsmannaumsókn.**

Markaðsstarf fyrir hótel og ferðaþjónustu. Tímabundið verkefni. S. 696 9696.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan**
**S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlsögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

Björt framtíð óskar eftir að komast í samband við frjálslynda sjálfstæðismenn með tilbreytingu í huga. Áhugasamir merkið x við A 27 apríl.

## tilkynningar

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í SÚÐAVÍKURHREPPI

**Tillaga að deiliskipulagi á Hlíð í Álftafirði**

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. febrúar 2013 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi á Hlíð í Álftafirð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 15 lóðum fyrir frístundahús, 6 fyrir stök hús ofan þjóðvegar og 9 lóðum neðan þjóðvegar. Á 8 lóðum neðan þjóðvegar er gert ráð fyrir stökum frístundahúsum en á einni er gert ráð fyrir sambyggingu fjögurra frístundahúsa. Á einni lóð neðan þjóðvegar er gert ráð fyrir geymslu fyrir báta og flotbryggju. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir skjólbeltarækt til að draga úr áhrifum vinda og umferðarhávaða á svæðinu.

Tillagan ásamt greinargerð verður til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 1-3, Súðavík, virka dag frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá og með 8. mars til og með 20. apríl 2013.

Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Súðavíkurhrepps, www.sudavik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 25. apríl 2013.

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Súðavíkurhrepps Grundarstræti 1-3, 420 Súðavík.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillöguna.

**F.h. Súðavíkurhrepps**
**Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða skólastjóra við Melaskóla

**Umsóknarfrestur um stöðu skólastjóra við Melaskóla er framlengdur til 17. mars 2013.**
Melaskóli er í vesturbæ Reykjavíkur. Í skólanum eru um 550 nemendur í 1.-7. bekk. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Vellíðan, samvinna, metnaður og sköpunargleði eru grundvallargildi skólastarfs Melaskóla og þar er lögð áhersla á læsi í víðum skilningi. Í skólanum er unnið að markmiðum Grænna skrefa Reykjavíkurborgar og eftir Olweusaráætluninni gegn einelti. Í Melaskóla er bekkjakerfi þar sem fjölbreyttir kennsluhættir og náið samstarf eru í fyrirrúmi. Útikennsla, raungreinar og list- og verkgreinar eru mikilvægir þættir í starfsemi skólans. Skólinn er í grónu hverfi og er samstarf við heimili, félagasamtök og stofnanir í nærumhverfinu með miklum ágætum.

Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða skólann inn í framtíðina, býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur góða og víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Óskað er eftir því að með umsókninni fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið. Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2013.**
**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2013.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111.
Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða skólastjóra við Háaleitisskóla

**Umsóknarfrestur um stöðu skólastjóra Háaleitisskóla er framlengdur til 17. mars 2013.**
Háaleitisskóli er í austurbæ Reykjavíkur. Skólinn hóf starfsemi sína árið 2011 eftir sameiningu Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Skólinn starfar á tveimur starfsstöðvum, Álftamýri (1.-10. bekkur) og Hvassaleiti (1.-7. bekkur). Í skólanum eru um 480 nemendur. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Áræðni, virðing og ábyrgð eru grundvallargildi skólastarfs Háaleitisskóla. Teymi kennara vinna saman og er litið á árganga sem heild með sveigjanlegar hópaskiptingar. Með þessu fyrirkomulagi gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða sem stuðla að vellíðan og árangri nemenda. Útikennsla, list- og verkgreinar eru mikilvægir þættir í starfsemi skólans. Skólinn er í grónum hverfum og er samstarf við heimili, félagasamtök og stofnanir í nærumhverfinu með miklum ágætum.

Leitað er að einstaklingi sem hefur kunnáttu og færni til að leiða faglegt starf við sameinaðan skóla, býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur góða og víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Óskað er eftir því að með umsókninni fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið. Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2013.**
**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2013.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111.
Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Jarðbundin sýn á orkulindir

ORKUMÁL



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

Er Ísland ríkt af vatnsorku og jarðvarmaorku? Svarið felur í sér afstætt mat. Norðmenn hafa næstum fullvirkjað sín vatnsföll. Heildaraflið er um 30.000 MW. Afl núverandi íslenskra vatnorkuvera er tæplega 2.000 MW, að meðtalinni Búðarhálsvirkjun. Í biðflokki eru um 385 MW og er þar um að ræða virkjanir á Suðurlandi og á Vestfjörðum. Aukið rennsli jökulvatna vegna hlýnunar gæti bætt tímabundið við einum 150-200 MW í núverandi virkjunum. Þetta merkir að fyrirsjáanlega nær virkjað vatnsafl ekki 10% af því norska.

Jarðvarmaorkuver framleiða núna um 710 MW af rafafli, auk varmaafls sem felst í heitu neysluvatni. Í undirbúningi og nýtingarflokki eru virkjanir með um 780 MW af rafafli. Til samanburðar má líta til Bandaríkjanna en þar eru um 3.200 MW rafafls framleidd með jarðvarma. Fyrirsjáanlega næði Ísland að framleiða innan við helming þess. Kína, með sinn 1,3 milljarð íbúa, nýtir yfir 3.000 MW af lágvarma, mest til hitunar, en aðeins 30 MW til raforkuframleiðslu.

Sennilega er hægt að framleiða hér um 4.000 MW í vatnsorku- og jarðhitaorkuverum eða innan við tvöfalt núverandi rafafl. Vissulega er það mikið miðað við íbúafjölda en lítið þegar þess er gætt að tvö og hálft breskt kjarnorkuver býr yfir sama afli. Við njótum þess að búa svona fá í landi með 11% jökulþekju (í bili!) og um 30 háhitasvæðum. Raforka þessara auðlinda er endanleg með núverandi tækni en ekki næstum ótæmandi eins og stundum mætti halda af óvarlegum orðum. Gætum að því.

### Aðrar leiðir

Líta má til annarra leiða í raforkuframleiðslu. Vindorka er sambærileg hér við mörg önnur lönd. Stóru myllurnar tvær við Búrfell framleiða innan við 2MW og það þyrfti um 90 slíkar til að ná sama afli og í nýju Búðarhálsvirkjuninni. Virkjun sjávarfallastrauma er kleif og ef til vill má líka framleiða nokkuð dýra raforku í himnuvirkjunum (osmósuvirkjunum) þar sem ferskt og salt vatn í árósum er nýtt.

Enn hefur íslenska djúpborunarverkefnið (IDDP) ekki opnað fyrir orkustrauma sem fræðilega séð eru á 5-6 km dýpi. Takist að virkja þá gæti jarðvarmaorkuforðinn margfaldast en það á eftir að koma í ljós.

Ef horft er, án gömlu sölumennskutakta hrunsins og af raunsæi, á þessar staðreyndir er ljóst að við verðum að vanda okkur. Vanda til þess hvernig fáein þúsund megavött af raforku eru notuð á næstunni en af henni fer fyrirsjáanlega yfir helmingur til orkufreks iðnaðar í eigu erlendra aðila. Eigum við að nefna innlendan iðnað, landbúnað með jarðvarma, eldsneytisframleiðslu og afl til að mæta mannfjölgun? Miðað við núverandi þróun þarf 500-600 MW, bara til að mæta almennri raforkuþörf fram til 2050.

Frá 2009 hefur verið unnið að uppbyggingu íslenska jarðhitaklasans. Þar koma um 80 stofnanir, fyrirtæki og sérfræðingar að samvinnu í geiranum. Þetta er afar mikilvægt starf (sjá www.gekon.is). Ég hef haft tækifæri til að snerta klasann örlítið á sviði umhverfismála. Samvinnan kristallar kunnáttuna hér heima í jarðhitafræðum og jarðhitanýtingu og í henni liggur útflutningsgeta okkar. Hún byggir m.a. á upplýsingum um staðreyndir, til dæmis um kosti og galla jarðvarmans, fyrirmyndum að varkárri og fjölþættri nýtingu og á jarðbundinni sýn á möguleikum Íslendinga sem og annarra þjóða.

**➜ Frá 2009 hefur verið unnið að uppbyggingu íslenska jarðhitaklasans. Þar koma um 80 stofnanir, fyrirtæki og sérfræðingar að samvinnu í geiranum.**

Í vikunni fer fram stór alþjóðleg jarðhitaráðstefna sem klasinn efnir til. Ísland er nýbúið að hafa forystu um að koma upp stóru alþjóðlegu samvinnuverkefni um nýtingu jarðhita í Austur-Afríku og hefur um langt skeið unnið að jarðhitaverkefnum í mörgum löndum. Það eru mikilvæg skref og jarðbundin.

# Píratar eru stjórnmálahreyfing internetsins

STJÓRNMÁL



**Jón Þór Ólafsson**
býður fram á lista Pírata í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Tölvunördar stofnuðu stórfyrirtæki upplýsingabyltingarinnar: Microsoft, Apple og Google. Tölvunördar sköpuðu stærstu samfélög internetsins: Facebook, Twitter og YouTube. Tölvunördar eru hetjurnar í dag og nú eru þeir ásamt stórum hópi tæknisinnaðs fólks um allan heim að færa sig inn á svið stjórnmálanna til að tryggja réttindi sín á internetinu.

### Stjórnmálaleg vakning

Peter Drucker, faðir nútímastjórnunar, skrifaði grein titlaða „Handan upplýsingabyltingarinnar“ rétt fyrir aldamótin síðustu. Þar benti hann á að upplýsingabyltingin hefði hegðað sér eins og iðnbyltingin og prentbyltingin þar á undan. Í hálfa öld var nýja tæknin nánast alfarið notuð til að gera hraðar og ódýrar sömu gömlu hlutina. Að því kom svo að tæknin var notuð til að gera eitthvað alveg nýtt sem gjörbylti sviði viðskipta, stjórnmála og samfélaginu í heild. Drucker sagði nánast öruggt að upplýsingabyltingin myndi hegða sér eins innan 20 ára, en enginn gæti enn árið 1999 spáð fyrir um hver nýjungin yrði.

Zbigniew Brzezinski, ráðgjafi Obama og gamall refur í alþjóðastjórnmálum, skrifaði svo níu árum á eftir Drucker grein í The New York Times sem hann titlaði: „Stjórnmálaleg vitundarvakning heimsins.“ Þar sagði hann að: „Í fyrsta skipti í sögunni er nærri allt mannkynið stjórnmálalega virkt, stjórnmálalega meðvitað og á stjórnmálaleg samskipti sín á milli.“ Þessi vakning hefur átt sér stað vegna Facebook, YouTube og annarra netsamfélaga sem komust fram hjá einokun margmiðlunarrisa og ríkisvalds á miðlun og túlkun upplýsinga. Rétt eins og prentvél Gutenbergs gerði fyrst Lúter og svo nýjum samfélögum, bæði trúar- og fræðimanna, fært að komast fram hjá einokun presta og prinsa á miðlun og túlkun upplýsinga. Stjórnmálaleg vakning prentbyltingarinnar færði í kjölfarið megnið af mannkyninu undan alræði presta og prinsa, og undir vald lýðræðislega kjörinna fulltrúa.

### Sjálfsvörn netsamfélaganna

Tvíeyki margmiðlunarrisa og ríkisvalds reynir nú á öllum vígstöðvum að fá í gegn lög, eins og SOPA á síðasta ári, sem gefa þeim heimildir til að loka samfélögum internetsins. Píratar eru stjórnmálaarmur internetsins sem rís upp til að verja notendur þess og netsamfélög. Þeim finnst þeir vera að verja heimili sitt og fátt skapar meiri samstöðu og seiglu. Aðeins sjö árum frá stofnun fyrsta stjórnmálaflokks Pírata eru 600.000 skráðir Píratar með fleiri en 250 kjörna fulltrúa á löggjafarsamkundum um allan heim. Pírötum mun svo óhjákvæmilega halda áfram að fjölga ár frá ári þegar nýr árgangur ungs fólks sem býr á netinu nær kosningaaldri. Svo verði þeim að góðu sem vilja reyna að spyrna gegn stjórnmálalegri vakningu upplýsingabyltingarinnar.

**➜ Framtíðin er í höndum fólks sem skilur internetið, og framtíðin sem það mun skapa er falleg. Á netinu, sem mótar gildismat þeirra, eru samfélög samhjálpar og sjálfsákvörðunar, þar sem fólk hefur rétt til upplýsinga og ákvörðunar um málefni sem það varðar.**

### Framtíðarsýn Pírata

Framtíðin er í höndum fólks sem skilur internetið, og framtíðin sem það mun skapa er falleg. Á netinu, sem mótar gildismat þeirra, eru samfélög samhjálpar og sjálfsákvörðunar, þar sem fólk hefur rétt til upplýsinga og ákvörðunar um málefni sem það varðar. Sívaxandi hluti þessa fólks er farinn að skipuleggja sig og hefur stofnað Pírataflokka í rúmlega sextíu löndum til að tryggja að stjórnkerfi og lög endurspegli þessi gildi netsamfélaganna. Hópur fólks sem vill slíkar lagabreytingar hérlendis tók nýlega upp merki Pírata og áherslur þeirra má sjá á piratar.is.

# Blákaldir hagsmunir Íslands

UTANRÍKISMÁL



**Teitur Björn Einarsson**
lögmaður

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, skrifar í Fréttablaðið þann 22. febrúar sl. og svarar gagnrýni minni á þversagnakenndar árásir hans á utanríkismálastefnu Sjálfstæðisflokksins. Í greinarbút hans má þó trauðla finna mótrök við gagnrýni minni og má helst lesa á milli lína að þar sé ráðherrann að koma á framfæri ákalli til Sjálfstæðisflokksins um að hjálpa sér við að koma Íslandi í ESB.

Áréttað var á nýafstöðnum landsfundi að Sjálfstæðisflokkurinn telur hagsmunum Íslands betur borgið fyrir utan ESB. Aðildarviðræður ríkisstjórnarinnar við ESB eru í ógöngum og því er beiðni Össurar um aðstoð í því máli skiljanleg. Sáttaboð Sjálfstæðisflokksins um þjóðaratkvæðagreiðslu til að skera úr um framhald viðræðnanna stendur enn og var ítrekað í ályktun landsfundar um utanríkismál þó með breyttu orðalagi um að hætta viðræðum í stað þess að gera hlé. Vilji Össur ekki einangra sinn flokk enn frekar er rétta leiðin að slást í lið með Sjálfstæðisflokknum og leggja málið fyrir þjóðina. Það er lýðræðisleg leið sem best er til þess fallin að skapa sátt um þetta mikla ágreiningsmál.

Utanríkisstefna Íslands á að felast í því að treysta stöðu þjóðarinnar með því að efla frjálsræði í viðskiptum og nýta þau margvíslegu tækifæri sem felast í vaxandi alþjóðastarfi og samvinnu við aðrar lýðræðisþjóðir sem hafa frið, frelsi og mannréttindi að leiðarljósi. Þetta er kjarninn í utanríkisstefnu Sjálfstæðisflokksins og um þetta markmið hafa sjálfstæðismenn og kratar haft ágætt samstarf gegnum tíðina. Þannig sér Össur, rétt eins og Sjálfstæðisflokkurinn, að fyrirhugaður fríverslunarsamningur milli ESB og Bandaríkjanna getur skapað grunn að miklum tækifærum í alþjóðaviðskiptum. Það eru því talsverðir hagsmunir í húfi fyrir Ísland að leita leiða til að koma að því borði og gerast aðili að slíkum samningi.

**➜ Vilji Össur ekki einangra sinn flokk enn frekar er rétta leiðin að slást í lið með Sjálfstæðisflokknum...**

Sjálfstæðismenn munu aldrei sætta sig við gjaldeyrishöft og þeim er full ljóst að við núverandi ástand efnahagsmála, eins og ríkisstjórnin kýs að skilja frá borði, verður ekki unað. Var ályktað á landsfundi að íslenska krónan í höftum getur ekki verið framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar ef taka á þátt í alþjóðlegri samkeppni og afla þjóðinni tekna á heimsmarkaði.

Aðalatriði er að inngangа í ESB felur ekki í sér neinar efnahagslegar lausnir sem við Íslendingar getum ekki sjálfir ráðist í að framkvæma. Það eru því blákaldir hagsmunir Íslands sem eiga að ráða för en ekki tálsýnin um töfralausn ESB-aðildar.



# danskir DAGAR







Gildir til 17. mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Elskuleg systir okkar,

**JÓHANNA GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR**
**Mýrum, Flóahreppi,**

andaðist sunnudaginn 3. mars á Landspítalanum við Hringbraut.

**Kristinn Sigurðsson**
**Sigríður F. Sigurðardóttir**
**Margrét Sigurgeirsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

**ÓSKAR INGÓLFUR ÁGÚSTSSON**
**múrarameistari**
**Sóleyjarima 3**

lést á Landspítalanum 1. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 11. mars kl. 15:00.

**Anna Jónsdóttir**
**Ómar Óskarsson** **Ásdís Petra Kristinsdóttir**
**Ósk Óskarsdóttir** **Númi Björnsson**
**Kristín Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HÓLMFRÍÐUR RÓSA JÓSEPSDÓTTIR**
**Fjarðarhorni, Hrútafirði,**

sem lést 28. febrúar sl., verður jarðsungin frá Prestbakkakirkju laugardaginn 9. mars kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs eða Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Sigurður Geirsson**
**Jósep Rósinkarsson**
**Sigurbjörg Rós Sigurðardóttir**
**Þorbjörg Helga Sigurðardóttir**
**Helgi Pétur Magnússon** **Elísabeth Inga Ingimarsdóttir**
**Andrés Smári Magnússon** **Rebekka María Jóhannesdóttir**
**Kristján Magnússon**
**Þórdís Sif Sigurðardóttir** **Gunnlaugur I. Gretarsson**
**Jósep Magnússon** **Ragnheiður Eyþórsdóttir**
**Þorvaldur Geir Sigurðsson** **Stefanía Anna Þórðardóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur hlýhug og stuðning í veikindum og við andlát eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**GUÐMUNDAR HALLGRÍMSSONAR**
**lyfjafræðings.**

Sérstaklega viljum við þakka starfsfólki hjúkrunarþjónustunnar Karítas og líknardeildarinnar í Kópavogi fyrir alúð og umhyggju.

**Anna Guðrún Hugadóttir**
**Vera Guðmundsdóttir** **Þórarinn Blöndal**
**Daði Guðmundsson** **Dianne Y. Guðmundsson**
**Hugi Guðmundsson** **Hanna Loftsdóttir**
**Alma Guðmundsdóttir**
**Eva Magnúsdóttir**
**Tinna Magnúsdóttir**
**Hildur Blöndal**
**Unnar Blöndal**
**Jóhanna Hugadóttir**
**Una Hugadóttir**



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÁRMANN EIRÍKSSON**
**Hörgsholti 33, Hafnarfirði,**

lést sunnudaginn 3. mars í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 11. mars kl. 15.00.

**Sigrún Gísladóttir**
**Jón Gestur Ármannsson** **Ásta Birna Ingólfsdóttir**
**Steinunn Eir Ármannsson** **Timothy William Bishop**
**Hermann Ármannsson** **Birna Rut Björnsdóttir**
**Hildur Hinriksdóttir** **Ingólfur Níels Árnason**
**Helgi Hinriksson** **Bryndís Fanney Guðmundsdóttir**
**Gísli Pétur Hinriksson** **Kristjana Vignisdóttir**
**og barnabörnin sextán.**



**ANNA KRISTINE** Ver sextugsafmælinu með nánustu ættingjum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fagna því að vera sextug

## Anna Kristine Magnúsdóttir er sextug í dag og tekur afmælisdeginum fagnandi.

„Ég ætla nú bara að vera með minni nánustu fjölskyldu í dag," segir Anna Kristine Magnúsdóttir, fjölmiðlakona og formaður Kattavinafélagsins, sem fagnar sextugsafmæli í dag. Anna Kristine segist taka hverjum afmælisdegi fagnandi. „Ég er alveg hræðilega mikið afmælisbarn og held alltaf upp á afmælið mitt. Ég held reyndar líka upp á nafnadaginn minn sem er 27. júlí og svo hef ég líka haldið upp á afmæli kattanna minna," segir Anna Kristine, sem hefur stundum blásið til heljarinnar stórveislu þegar hún hefur átt stórafmæli.

„Þegar ég var fimmtug bauð ég 250 manns í veislu og ég hélt 300 manna boð þegar ég varð fertug. Að þessu sinni verð ég hins vegar bara með mínum allra nánustu í kaffi og svo ætlar einkadóttir mín hún Lízella að bjóða mér út að borða í kvöld, á einhvern óvæntan stað," segir Anna Kristine, sem horfir björtum og jákvæðum augum á lífið.

„Ég fagna því að verða sextug og finnst bara að maður eigi að meta hvern dag, skítt með aukakíló og hrukkur. Það sem mestu máli skiptir er að eiga góða vini og fjölskyldu. Og það á ég svo sannarlega."

Anna Kristine greindist með parkinson-sjúkdóminn fyrir nokkrum árum. „Hann hefur tekið sinn toll auðvitað en mér gengur samt mjög vel að glíma við sjúkdóminn og mér líður bara mjög vel," segir Anna Kristine, sem er nýflutt úr 101, þar sem hún hefur alltaf búið, yfir í annað póstnúmer eins og hún orðar það sjálf. „Ég er nú komin yfir í 105 í fyrsta skipti og líkar alveg stórvel."

Það er skammt stórafmæla á milli hjá Önnu Kristine því síðastliðinn föstudag hélt hún upp á að hafa verið 36 ár í fjölmiðlum eða viðloðandi þá. „Ég skrifa enn greinar í lausamennsku stöku sinnum. Þetta er skemmtileg baktería, fjölmiðlabakterían, sem mjög erfitt er að losna við," segir Anna Kristine að lokum. sigridur@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 7. MARS 1965

# Mannréttindaganga stöðvuð með ofbeldi

Hinn 7. mars 1965 réðist 200 manna lið lögreglu og sjálfboðaliða í lögregluliði Alabama í Bandaríkjunum á 500 manna kröfugöngu svartra og hvítra þar sem krafist var aukinna mannréttinda. Fólkið vildi knýja á um jafnan rétt svartra og hvítra til að kjósa, en ganga átti frá borginni Selma til höfuðstaðar fylkisins, Montgomery.

Að minnsta kosti fimmtíu manns urðu fyrir meiðslum þegar lögreglan réðist til atlögu með táragasi, svipum og kylfum. Ríkisstjórinn hafði gefið skipun um að stöðva skyldi gönguna „til að tryggja öryggi almennings". Að minnsta kosti sautján voru lagðir á sjúkrahús með brákaðar höfuðkúpur og útlimi, auk þess sem fólk þjáðist af völdum táragassins.

Miðpunktur baráttunnar um jafnan kosningarétt til handa svörtum í Bandaríkjunum hafði síðan 1963 verið í Selmu. Mótmæli sem fram fóru í janúar og febrúar 1965 voru barin niður með valdi, en þar lést meðal annars baráttumaðurinn Jimmy Lee Jackson. Tveimur dögum eftir ofbeldisverkin í Selma stóð mannréttindafrömuðurinn dr. Martin Luther King fyrir annarri göngu. Hópur hans féll á kné og bað til guðs fyrir framan lögregluliðið sem stöðvaði gönguna, en ekki kom til átaka í það skipti.

Dr. King höfðaði síðan mál fyrir alríkisdómi þar sem hann vildi fá viðurkenndan rétt fólks til að ganga fylktu liði til Montgomery. Hinn 21. mars fór svo fram þriðja og síðasta gangan, þá undir vernd lögreglu. Í lok göngunnar voru fleiri



þúsund manns viðstaddir mótmælafund og í ágúst sama ár var kosningalögum breytt þannig að bannað var að viðhafa ólíkar aðferðir á kjörstað eftir litarhafti eða kynþætti kjósenda.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns og föður okkar,

**GÚSTAFS LÁRUSSONAR**
**Jöldugróf 8, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skógarbæjar fyrir hlýja og góða umönnun.

**Þórhildur Magnúsdóttir**
**Ásta Gústafsdóttir** **Eyjólfur Magnússon**
**Hildur Gústafsdóttir** **Björn Eymundsson**
**Hulda Smith** **Othar Smith**
**Auður Gústafsdóttir**
**Margrét Gústafsdóttir**
**Guðrún Gústafsdóttir** **Þorsteinn Hansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR SALVARSDÓTTIR**
**fyrrum húsfreyja í Vigur**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 1. mars. Útför hennar fer fram frá Ögurkirkju laugardaginn 9. mars kl. 11.

**Hafsteinn Hafliðason** **Iðunn Óskarsdóttir**
**Björg Baldursdóttir**
**Ragnheiður Baldursdóttir** **Óskar Óskarsson**
**Bjarni Baldursson**
**Salvar Baldursson** **Hugrún Magnúsdóttir**
**Björn Baldursson** **Ingunn Ósk Sturludóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU
KJÚKLINGUR
á góðu verði í Bónus
Vængir 279 kr.kg
Bringur 1979 kr.kg
Leggir 695 kr.kg
KYCKLINGFILÉ
ÓDÝRUSTU FROSNU KJÚKLINGA-BRINGURNAR
1579 KR. 900 GR
Í BÓNUS
Heill ferskur 759 kr.kg
GRANULATED SUGAR
215 KR. KG
EUROSHOPPER SYKUR 1 KG
Eigum birgðir sem bera ekki nýja sykurskattinn
100% HREINT UNG-NAUTAKJÖT
100% UNGNAUTASNITSEL
2198 KR. KG
100% UNGNAUTAHAKK
1398 KR. KG
100% UNGNAUTAGÚLLAS
2198 KR. KG
BAYONNE
1198 KR. KG
ALI BAYONNESKINKA
185 KR. KG
APPELSÍNUR FRÁ SPÁNI
298 KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR FRÁ USA
298 KR.KG
HAUST SLÁTRUN 2012
KS FROSIN LAMBAHJÖRTU
198 KR.KG
HAUST SLÁTRUN 2012
KS FROSIN LAMBALIFUR
Spareribs
998 KR. KG
FULLELDUÐ RIF, ÞARF AÐEINS AÐ HITA
ALI GRÍSA SPARERIBS
KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖ
HAUST SLÁTRUN 2012
1195 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** útmá, **6.** skst., **8.** pili, **9.** kvk nafn, **11.** átt, **12.** aðfall, **14.** fet, **16.** hróp, **17.** útsæði, **18.** nafar, **20.** tveir eins, **21.** rænuleysi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nýja, **3.** frú, **4.** afbrot, **5.** tunna, **7.** orðrómur, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** matur, **16.** hljóðfæri, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** afmá, **6.** no, **8.** rim, **9.** gró, **11.** sa, **12.** aðsog, **14.** skref, **16.** óp, **17.** fræ, **18.** bor, **20.** öð, **21.** óráð.

**LÓÐRÉTT: 1.** unga, **3.** fr, **4.** misgerð, **5.** áma, **7.** orðspor, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fæði, **16.** óbó, **19.** rá.




FÍTON / SÍA

FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 22:05

TVEIR + SEX

ALLT SEM ÞÚ VILDIR VITA UM KYNLÍF EN ÞORÐIR EKKI AÐ SPYRJA UM.

Nýr og spennandi þáttur um kynlíf ungs fólks. Þáttastjórnendur ræða málin, spyrja sérfræðinga og prófa sig áfram.

Popptíví fylgir frítt með áskrift að Stöð 2
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is


# Fordómar orðanna

**BAKPANKAR**
Friðriku Benónýs



Fyrirsögn á Vísi vakti athygli mína í gærmorgun: Samkynhneigð hjón fá hæli í Svíþjóð. Skilyrt hugsanaferli fór í gang og ég átti erfitt með að koma því heim og saman hvernig hjón gætu verið samkynhneigð. „Er hann þá hommi og hún lesbía?“ stóð ég mig að því að hugsa áður en það rann upp fyrir mér að auðvitað var verið að tala um tvo karlmenn sem eru giftir. Og, já, giftir hvor öðrum.

**ÞESSI** hugsun kom mér satt að segja algjörlega í opna skjöldu. Hjónabönd samkynhneigðra hafa lengi verið sjálfsagður hlutur í mínu nærumhverfi, enda margir af mínum bestu vinum hommar og lesbíur. Það var því ekki hugtakið hjónaband samkynhneigðra sem ég hafði eitthvað við að athuga. Nei, það er orðið hjón sem hefur þessi áhrif. Svo rækilega er það innprentað að hjón séu karl og kona; þau hjónin, að þegar besta vinkona mín giftist ástkonu sinni töluðum við alltaf um „þær hjónurnar“, ekki hjónin. Giftir hommar kallast þá væntanleg „þeir hjónarnir“. „Þau hjónin“ er enn einskorðað við hið hefðbundna gagnkynhneigða hjónaband.

**TUNGUMÁLIÐ** er ansi harður húsbóndi. Ákveðin orð hafa ákveðna merkingu og það er hægara sagt en gert að fá þau til að öðlast nýja vídd. Þótt samfélagið breytist og opnist fyrir nýjum hjónabandsformum harðneitar hugtakið hjón að taka þátt í þeirri breytingu. Þannig viðhelst sú hugsun að hjónaband konu og konu eða karls og karls sé ekki „alvöru“ hjónaband og jafnvel þeir sem þykir ekkert sjálfsagðara en að samkynhneigðir fái rétt til skilnaðar – eins og stóð á einu kröfuspjaldinu í stuðningsgöngu við frumvarp um hjónabönd samkynhneigðra í Frakklandi – hnjóta um þennan tungumálsþröskuld hefðarinnar og draga ósjálfrátt kolranga ályktun.

**ÉG** hef yfirleitt ekki kippt mér upp við það að rótgróin orð þýði eitthvað annað en nútíminn krefst, enda óttalegur íhaldsseggur þegar kemur að tungumálinu. Hef til dæmis aldrei séð neitt athugavert við það að konur séu kallaðar ráðherra, forstjóri, kennari, rithöfundur og svo framvegis. Konur eru menn og það má í þeim skilningi heimfæra þessi orð upp á þær með góðum vilja, hef ég tuðað aftur og aftur. Tittlingaskítur og hártoganir að vera að amast við því og búa til orðskrípi á borð við ráðfrú og forstýra. Þessi óþægilega hugsun í gærmorgun fékk mig þó til að efast um að það sé eitthvert kappsmál að halda tungumálinu í föstum skorðum hefðarinnar. Orð sem kynda undir fordómum og fastmótuðum siðum ættu kannski bara að hverfa og önnur ný sem túlka þann veruleika sem við búum við í dag að taka við. Kannski væri það stærsta skrefið í jafnréttisátt að afnema kyn orðanna.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 16 BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




SMELLTU Á KÖRFUNA

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA · FLOTTUSTU TÖLVURNAR · SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI · GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI · UPPFÆRÐU MEÐ STÆL · ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR · HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# TROÐFULL BÚÐ AF TILBOÐUM



16.989

Logitech

**Logitech MK710**
Þráðlaust lyklaborð og mús með Unifying sendi. LCD skjáborð sýnir helstu aðgerðir, rafhlöðustöðu o.fl. Mjúk armhvíla. Rúnaðir takkar. Ábrenndir íslenskir takkar.

15,6" INTEL FARTÖLVA FRÁ ASUS



69.989

**15,6" Intel fartölva - ASUS F501A-XX121V**
Intel Dual Core örgjörvi skilar góðum hraða í hefðbundinni tölvuvinnslu, 4GB vinnsluminni og 320 GB harður diskur fyrir gögnin. Mjög skemmtilega hönnuð, þunn og meðfærileg. USB3.0 tengi fyrir margfaldan gagnaflutningshraða og HDMI tengi fyrir sjónvarp og hljómtæki.

7.989



Dantax

**Dantax DVD817**
Nettur DVD spillari með HDMI, Scart, Composite, S-video, Component tengi, Digital coax út ofl.

17.989



EPSON

**Þráðlaus prentari, skanni og ljósritun – Epson XP402**
Hagkvæm prentun með möguleika á XL hylki. LCD skjár, kortalesari, iPrint og Epson tölvupóstprentun.

18.989



Logitech

**5.1 hátalarakerfi – Logitech X530**
Kraftmikið og stórt bassabox og 70W RMS. Frábært alhliða hljóðkerfi hvort sem það er fyrir bíómyndir, tónlist eða leikjaspilun.

14.989



JVC

**JVC KDR321**
24 bita MP3 bílgeislaspilari með hristivörn og FM/LW RDS útvarp með minnum. 4x50w MOS-FET magnari, tónjafnari, HS-IVi-tuner, Aux inng. að framan og aftan. Fjarlæga má framhlið. Bluethooth möguleiki.

14.989



JBL

**JBL ONSTAGE MICROIII**
iPod vagga með HÁTALARA, fjarstýringu, Odyssey Neodymium hátölurum, Aux tengi fyrir MP3, CD ofl.

49.989



JVC

**JVC GZE15**
Háskerpu stafræn tökuvél með 2,7" LCD skjá, CMOS upptökuflögu, 2.9-116.0 linsu með A.I.S. hristivörn og MPEG4/H.264 upptöku. 40x optical aðdráttur og 200x stafrænn aðdráttur. Innbyggður hljóðnemi.




199.989

**Panasonic TXL47E5**
47" FHD 1080p IPS Alpha LED LCD sjónvarp með Viera LIVE örgjörva og Viera Connect nettengingu o.fl.




69.989

**Toshiba 32AV933N**
32" HD LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn og 12.000:1 skerpu, Active Vision LCD, Ambient Light Sensor birtustillir og Wi-Fi Ready. Ótal tengimöguleikar.




49.989

**Philips 22HFL3232D**
22" HD-Ready LED sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1366 x 768p upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T móttakari. USB, HDMI, VGA, heyrnatólstengi o.fl.



VESTFROST

**Vestfrost CW140M**
85 sm kæliskápur með frystihólfi. 102L kælir. 2 glerhillur. 3 hillur í hurð. Grænmetisskúffa. 12L frystihólf. 2kg frystigeta á 24 klst. Orkuflokkur A+. Mál (hxbxd): 85 x 54 x 60 sm

39.989



BEKO

**Beko CSA22020**
144 sm kælir með frysti. 151L kælir. 3 hillur. 3 hillur í hurð. Grænmetisskúffa. 49L frystir. 2 skúffur. Orkuflokkur A+. 3kg frystigeta á 24 klst. Mál (HxBxD): 144 x 54 x 60 sm.

69.989



CANDY

**Candy EVO 1482 DS**
1400sn þvottavél 8kg A+. Hitastillir 30-90°. Hurðaropnun 180°. Hraðkerfi 30-44 mínútur. Ullarkerfi og skolstopp. Þvotthæfni A. Orkunýtni A+. Vinduhæfni A.

89.989

## 0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !

*Aðeins 3,5% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði*

# FERMINGARFJÖR

## 10 heppnir fá 10“ spjaldtölvu




**99.989**

**Philips 42PFL3007T**
42” LCD sjónvarp. Full HD 1920x1080p upplausn. 100 Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Ljósnemi fyrir birtu í rýminu. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 20 W RMS Ambi-wOOx hljóðkerfi. EasyLink. 3x HDMI og USB tengi.

**Allir sem versla í Max í mars fyrir 3.000 kr eða meira geta sett nafnið sitt í pott !**

**Fyrir páska er svo dregið úr og hljóta 10 heppnir viðskiptavinir 10“ spjaldtölvu í páskaglaðning.**

*Tilboðin gilda 7.-13. mars eða meðan birgðir endast.*

MAX RAFTÆKI

| | |
|---|---|
| Opið mán. - fös. | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

# Saga stórsveita

Námskeiði sem haldið verður um sígildar stórsveitir sögunnar lýkur með tónleikum Stórsveitarinnar.



SIGURÐUR FLOSASON

Endurmenntun Háskóla Íslands og Stórsveit Reykjavíkur standa að námskeiði sem er í höndum Sigurðar Flosasonar. Þar verður farið í gegnum sögu stórsveita í djasstónlist frá miðjum þriðja áratug síðustu aldar til nútímans. Þróun formsins verður rakin og fjallað um helstu stíla, hljómsveitir og mikilvæga einstaklinga. Kennt verður tvö kvöld, 18. og 25. mars, að Dunhaga 7. Skráningarfrestur er til 11. mars.

Námskeiðinu lýkur með tónleikum Stórsveitar Reykjavíkur í Hörpu laugardaginn 30. mars. Efnisskráin verður vörðuð gullmolum sögunnar. Tónleikamiði er innifalinn í námskeiðsgjaldi. - gun

**Bílgreinasambandið**

**Aðalfundur BGS 2013**
**Hótel Saga**
**fimmtudaginn 21. mars kl. 14:00**

**Kl. 14:00 – 15:30** **Sérgreinafundir**
Almenn verkstæði
Málningar- og réttingarverkstæði
Sölusvið
**Kl. 15:30 – 15:45** **Kaffihlé**
**Kl. 15:45 – 16:00** **Setning fundar:**
Sverrir Viðar Hauksson formaður BGS.
**Kl. 16:00 – 16:30** **Erindi:**
Katrín Júlíusdóttir, fjármálaráðherra
**Kl. 16:30 – 17:00** **Venjuleg aðalfundarstörf**
*Dagskrá skv. 8. gr. laga BGS*
1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar skýrðir og bornir upp til samþykktar.
3. Kosning formanns.
4. Kosning stjórnar.
5. Önnur mál.

**Stjórn BGS**

„Bók sem maður sér eftir að hafa lesið hratt þegar síðustu blaðsíðunni er flett …“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Frábær skáldsaga um íslenska fjölskyldu, sannleika og lygi.“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„… mjög flott verk hjá henni.“
EGILL HELGASON / KILJAN






KOMIN Í KILJU!

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



**VERÐLAUNIN VEITT** Jón Ólafsson að lokinni verðlaunaafhendingu Hagþenkis ásamt Ólafi K. Nielsen, náttúrufræðingi og formanni viðurkenningaráðsins. Verðlaunafé er ein milljón króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hugsar mest um gúlag og lýðræði

Jón Ólafsson prófessor og rithöfundur hlaut verðlaun Hagþenkis í gær fyrir bókina Appelsínur frá Abkasíu. Vera Hertzsch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu. Verðlaunin eru veitt fyrir besta fræðiritið ár hvert.

„Það er mjög ánægjulegt að hafa fengið þessi verðlaun,“ segir Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst, sem í gær hlaut verðlaun Hagþenkis fyrir bók sína Appelsínur frá Abkasíu. Vera Hertzsch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu, en Hagþenkir hefur frá árinu 1986 veitt verðlaun fyrir fræðirit sem skara fram úr.

Bókin byggir á áralöngum rannsóknum Jóns á viðfangsefninu en Vera Hertzsch sem var barnsmóðir Benjamíns Eiríkssonar bankastjóra og hagfræðings var tekinn höndum í Moskvu ásamt dóttur þeirra Benjamíns vorið 1938. Jón fór upphaflega að grennslast fyrir um afdrif hennar fyrir ættingja Benjamíns. „Þeir höfðu fengið upplýsingar sem reyndust svo ekki réttar. En í framhaldinu kannaði ég heimildir sem tengdust mæðgunum þegar ég var í Rússlandi og smám saman kviknaði sú hugmynd að segja sögu Veru. Ég hafði þó ekki áhuga á því að skrifa hefðbundna ævisögu heldur stefndi ég að því að nota sögu hennar til að varpa ljósi á lífið í gúlaginu og mekanisma valdsins í Sovétríkjunum á dögum Stalíns,“ segir Jón, sem fann gögn um dvöl Veru í gúlaginu en studdist einnig við heimildir um líf kvenna sem dvöldust í sömu búðum og Vera og höfðu þannig hugsanlega kynni af henni.

„Þetta er að mörgu leyti lesendavæn aðferð, að nálgast söguna út frá einstaklingum, og ég hef að mestu leyti fengið mjög jákvæð viðbrögð fyrir þó að ritdómarar hafi að sjálfsögðu líka gagnrýnt bókina. Það er bara gott að fólk sé ekki sammála um það hvernig vinna á hlutina eða hvaða aðferð er best til að segja sögu. En þetta er mín leið og ég vona bara að sem flestir kynni sér hana.“

Þrátt fyrir að verkinu um Veru sé lokið hefur Jón haldið áfram vinnu sinni við rannsóknir á fangabúðum Sovétmanna, gúlaginu. „Það er mikil gróska í rannsóknum í gúlaginu og hlutverki þess og fyrirferð í Sovétríkjunum. Eftir að skjalasöfn í Rússlandi opnuðust varð fræðimönnum kleift að rannsaka gúlagið ítarlegar. En ef gúlagrannsóknir eru bornar saman við rannsóknir á fangabúðum nasista er ólíku saman að jafna. Enn hefur svo miklu meira verið skrifað um þýskar fangabúðir.“

Gúlagið er þó ekki það eina sem á hug Jóns um þessar mundir, hann vinnur líka að rannsóknum um lýðræði. „Það má segja að þetta séu aðaláhugamálin þessa dagana: gúlag og lýðræði,“ segir hann að lokum.

sigridur@frettabladid.is

### → Lærði í Moskvu og New York

Jón Ólafsson hefur auk bókarinnar Appelsínur frá Abkasíu samið ritið Kæru félagar. Íslenskir sósíalistar og Sovétríkin 1920 til 1960, og árið 2009 gaf hann út greinasafnið Andóf, ágreiningur og áróður. Jón gegnir stöðu prófessors við Háskólann á Bifröst og hefur verið aðstoðarrektor frá 2011. Hann stundaði nám í heimspeki í Moskvu og New York.

# Yfirgefna konan finnur sig – eða ekki

BÆKUR ★★★☆☆

**Sumar án karlmanna**
Siri Hustvedt.
Þýðing: Nanna Þórsdóttir
**VAKA HELGAFELL 2013**



Siri Hustvedt er sennilega þekktust fyrir að vera eiginkona bandaríska rithöfundarins Paul Auster en hún er þó fínasti rithöfundur sjálf og hefur skrifað nokkrar merkilegar bækur. Sumar án karlmanna kom út árið 2011 og er í ýmsu frábrugðin fyrri bókum hennar. Hér er slegið á léttari strengi og reynt að skoða gömlu söguna um konuna sem eiginmaðurinn yfirgefur fyrir aðra yngri með nýjum gleraugum, blanda saman kómedíu í anda gamalla Hollywood-mynda, tilvitnunum í ýmis ljóðskáld, upptalningum á ýmsum fáránlegum kenningum sem settar hafa verið fram í gegnum tíðina um muninn á körlum og konum og segja í leiðinni sögu af konum sem glíma við heiminn hver á sinn hátt.

Söguþráðurinn er í stuttu máli sá að eftir að eiginmaðurinn yfirgefur aðalpersónuna Miu fær hún taugaáfall, er lögð á geðdeild og missir gjörsamlega fótanna í lífinu. Batnar þó furðu fljótt og heldur á æskuslóðir til að sinna aldraðri móður sinni og kenna ungum stúlkum ljóðlist. Tilvalin umgjörð til að segja sögur mismunandi kvenna á öllum aldri. Vandamálið er bara að þær kvennasögur sem hér eru sagðar eru orðnar nokkuð útjaskaðar og hafa komið fyrir í óteljandi bandarískum kvikmyndum og kvennabókum. Gömlu konurnar sem fyrst fengu tækifæri til að lifa sínu lífi eftir að eiginmennirnir kvöddu eða dóu og unglingsstelpnaklíkan sem leggur eina stelpu í einelti eru ekki sérlega frumlegur vinkill á lífssögur kvenna. Þegar við bætist að aðalsöguhetjan hefur í raun ekki áhuga á að setja sig inn í líf þessara kvenna sem hún er að reyna að lýsa heldur hugsar stöðugt um eiginmanninn svikula, sem hafði slegið þann varnagla áður en hann fór að hann þyrfti bara pásu frá hjónabandinu, er ekki von á góðu. Karlmannslausa sumarið er undirlagt af eiginmanninum þótt hann sé fjarverandi og konurnar eru aukapersónur. Niðurstaðan enn ein klisjan; kona sem ekki er elskuð er ekki hamingjusöm.

Það sem bjargar sögunni frá því að verða bara enn ein ameríska vellusagan er hvað Hustvedt er lipur penni, greind og víðlesin. Manni leiðist aldrei við lesturinn, glottir jafnvel út í annað við og við en hér er varla að finna nokkra hugmynd sem ekki hefur verið þaulnotuð áður né er nýju ljósi varpað á nokkurn hlut. Sem vissulega eru gríðarleg vonbrigði þegar höfundur eins og Hustvedt á í hlut.

Þýðing Nönnu Þórsdóttur er í alla staði prýðileg, rennur vel og ber engan keim af ensku frumtextans. Hún hefur lagt sig í líma við að finna íslenskar samsvaranir svolítið sérviskulegs málfars höfundarins og tekist það ótrúlega vel. Virkilega vel unnin þýðing.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Vel og skemmtilega skrifuð saga um útjaskað efni.


GEGGJAÐAR
FERMINGAGJAFIR!!!
ÚRVALS LJÓS-MYNDA-PAPPÍR
2.999 KR
PIONEER HM20 HLJÓMTÆKI
STÓRA TÖLVUORÐABÓKIN
Fyrir Windows, Mac og Linux
STÓRA TÖLVU-ORÐABÓKIN
7.499 KR
AÐEINS 149.900 KR.
FÁRANLEGT VERÐ 39.899 KR.
SAMSUNG 535U3C-A07 FARTÖLVA
I5 ÖRGJÖRVI OG 6GB VINNSLUMINNI
GÆÐA HÖNNUN ÚR ÁLI
AÐEINS 17,6MM OG 1,52KG
AÐEINS 79.900 KR.
ÍSLENSK ORÐABÓK
6.999 KR
LITRÍKUR PAPPÍR OG UMSLÖG FYRIR BOÐS-KORTIN
SAMSUNG 32" LCD D404 SJÓNVARP GLÆSILEGT TÆKI Á ÓTRÚLEGU VERÐI
SAMSUNG NX1000 HYBRID MYNDAVÉL
ATLAS OF THE WORLD
AÐEINS 98.900 KR.
4.699 KR
7.999 KR
20.3 MEGAPIXLAR
HÁGÆÐA 3" SKJÁR
INNBYGGT ÞRÁÐLAUST NET
30 - 50% AFSLÁTTUR AF FERÐATÖSKUM
Tilboð gilda til og með 17.03.13 og á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.
GRIFFILL ALLTAF ÓDÝR
GRIFFILL ALLTAF ÓDÝRARI
BT
UNDIR SAMA ÞAKI
GRIFFILL SÍMI: 533-1010 - WWW.GRIFFILL.IS - SKEIFUNNI 11 - BT SÍMI: 550-4444 - WWW.BT.IS

HELGAR-
SPRENGJA
AÐEINS
Í FJÓRA DAGA
7.–10. MARS

# HELGAR SPRENGJA



**COSMO** Hornsófi. Stærð 278 x 250 x H: 86 cm. Svart Bonded leður á slitflötum.

**COSMO**
Hornsófi 2h3
37% afsl.
**169.990**
FULLTVERÐ: 269.990

**WRITEX**
5 hillu vegghillur
50% afsl.
**9.995**
FULLTVERÐ: 19.990



**WRITEX** Hillur
B 63 D40 H188 cm
Svartlakkaður viður.



**DENNA**
Borðstofustólar
25% afsl.
**11.990**
FULLTVERÐ: 15.990

**DENNA** Borðstofustolar
Fjórir litir. Slitsterkt áklæði.
Krómfætur

**BODUM**
Chambord Kaffikann
33% afsl
**5.990**
FULLTVERÐ: 8.990



**BODUM** Chambord
kaffikanna. 4 bolla.



**BLOOMINGVILLE** Púði. Dökkblár

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17



LAZBOY

**IDAHO LAZBOY** Hægindastólar
Tveir litir. Slitsterkt áklæði. 78x75 cm
Hæð 103 cm.

**IDAHO & UTAH**
LAZBOY hægindastólar
**33% afsl.**
**59.990**
FULLTVERÐ: 89.990

LAZBOY

**UTAH LAZBOY** Hægindastólar
Tveir litir. Slitsterkt áklæði. 78x75 cm
Hæð 103 cm.



**BELINA**
Eldhúsborð hvítt
**45% afsl.**
**59.990**
FULLTVERÐ: 109.990

**BELINA** borðstofuborð
stækkanlegt með 2 stækkunum
L 170/270 B 100 H 74 cm.



**BABYLON**
Náttborð hvítt
**50% afsl.**
**19.990**
FULLTVERÐ: 39.990

**BABYLON** Náttborð. B52 D 40 H 57 cm



na
l.

**OOMINGVILLE**
ði 70x35 cm.
**0% afsl.**
**2.990**
FULLTVERÐ: 4.990

70x25 cm.



**CLUB LUX**
Stóll RIO-áklæði
**22% afsl.**
**34.990**
FULLTVERÐ: 44.990

**CLUB LUX** Stóll. B 74 D 70 H 74 cm

**HÚSGAGNAHÖLLIN**



## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson



**MAGNAÐUR** Colin Stetson spilar á Volta 17. mars.

# Spennandi heimsókn

Tónleikaárið 2013 hefur farið frekar rólega af stað ef undanskilin er Sónar-hátíðin sem lífgaði upp á annars daufan febrúarmánuð. Fram undan eru þó flottir tónleikar. David Byrne mun spila ásamt St. Vincent í Hörpu í ágúst. Það er strax hægt að fara að hlakka til. Sunnudagskvöldið 17. mars spilar svo saxófónleikarinn Colin Stetson á Volta. Stetson hefur gefið út nokkrar plötur með eigin tónlist en er líka þekktur fyrir að hafa mikið spilað með öðrum listamönnum. Hann hefur spilað inn á plötur með Tom Waits, Feist, Bon Iver og TV on the Radio. Þekktastur er hann samt sennilega fyrir samstarf sitt við Arcade Fire. Hann spilaði bæði inn á Neon Bible og The Suburbs og hefur mikið spilað með hljómsveitinni á tónleikum.

Stetson spilar á margar tegundir blásturshljóðfæra; klarinettu, bassaklarinettu, franskt horn og fleira. Hann er samt þekktastur fyrir saxófónleikinn. Hann spilar m.a. á bassasaxófón, sem er stærsti meðlimur saxófónafjölskyldunnar og frekar sjaldgæft hljóðfæri. Tónlistin á sólóplötum Stetsons er að stórum hluta leikin af fingrum fram. Hún er bæði framúrstefnuleg og tilraunakennd. Hljóðin sem hann nær út úr saxófóninum og tjáningin í spilamennskunni er einstök. Það má því gera ráð fyrir magnaðri tónleikaupplifun á Volta. Auk Stetsons spilar Úlfur á tónleikunum.

Colin Stetson hefur gefið út nokkrar stórar plötur. Hann er með fína vefsíðu (colinstetson.com) þar sem finna má hlekki yfir á bandcamp- og soundcloud-síðurnar hans. Á þeim er mikið af tónlist sem hægt er að hlusta á. Næsta plata Stetsons, New History Warfare Vol. 3: To See More Light, kemur út 30. apríl. Hún var tekin upp undir stjórn Bens Frost. Á henni spilar Stetson á altó-, tenór- og bassasaxófón en Justin Vernon úr Bon Iver syngur í fjórum lögum.

## Í spilaranum





**David Bowie** - The Next Day
**Ólafur Arnalds** - For Now I Am Winter
**Atoms For Peace** - Amok


## Vinnuumhverfi á þínum vinnustað

Vinnuvernd ehf. sinnir fræðslu og ráðgjöf á sviði vinnuverndar fyrir alla vinnustaði.

- **Fræðsla um líkamsbeitingu**
- **Vinnustaðaúttektir**
- **Ráðgjöf við gerð áættumats starfa**
- **Vinnuvistarráðgjöf**
- **Innleiðing og kennsla hléæfinga**

Vinnuvernd ehf. hefur um árabil sinnt fræðslu og ráðgjöf á sviði vinnuverndar, heilsuverndar og heilsueflingar.



Nánari upplýsingar í síma 578 0800 og á vinnuvernd.is

Vinnuvernd ehf. er viðurkenndur þjónustuaðili á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum.

VINNUVERND ehf vellíðan í vinnu




**ENDURKOMA** Justin Timberlake er mættur aftur með plötuna The 20/20 Experience. NORDICPHOTOS/GETTY

# Timberlake mættur aftur eftir sjö ára hlé

**Þriðja plata Justins Timberlake kemur út á næstunni. Eftirvæntingin er mikil.**

Þriðja sólóplata popparans Justins Timberlake, The 20/20 Experience, kemur út síðar í mánuðinum, heilum sjö árum eftir að FutureSex/LoveSounds leit dagsins ljós.

Samstarfsmenn hans eru upptökustjórarnir Timbaland og Jerome „J-Roc“ Harmon, sem báðir hafa unnið með honum áður, auk þess sem rapparinn Jay-Z syngur með honum í fyrsta smáskífulaginu, Suit & Tie. Platan er sú fyrsta frá Timberlake síðan hann færði sig um set frá Jive Records yfir til RCA Records.

FutureSex/LoveSounds kom út 2006 og hitti í mark bæði hjá gagnrýnendum og tónlistaráhugamönnum. Sex smáskífulög voru gefin út þar á meðal SexyBack, My Love og What Goes Around… Comes Around. Eftir að Timberlake lauk tónleikaferð sinni um heiminn til að fylgja henni eftir 2007 tók hann sér frí frá tónlistinni til að einbeita sér að leiklistinni. Einnig stofnaði hann útgáfufyrirtækið Tenman Records og var gestasöngvari í nokkrum lögum, þar á meðal 4 Minutes með Madonnu og Carry Out með Timbaland.

Árið 2011 keypti popparinn, ásamt fyrirtækinu Specific Media Group, vefsíðuna Myspace í von um að hefja hana til vegs og virðingar á nýjan leik. Hann hefur því langt því frá setið auðum höndum þess sjö ár, þrátt fyrir að aðdáendur hans um heim allan hafi beðið óþreyjufullir eftir nýrri tónlist frá honum í allt of langan tíma að þeirra mati.

Timberlake ætlar í tónleikaferð um Norður-Ameríku í sumar undir yfirskriftinni The Legends of the Summer ásamt Jay-Z og verða þeir fyrstu í Toronto 17. júlí. Skömmu áður, eða 12. júlí, spilar hann á Wireless Festival í Bretlandi, en stutt er síðan hann kom fram á Brithátíðinni í London við góðar undirtektir.

Popparinn nýtur mikillar hylli á Bretlandseyjum og fór nýjasta smáskífulagið hans, Mirrors, á toppinn á breska smáskífulistanum fyrir skömmu.

freyr@frettabladid.is

### Lagalistinn á The 20/20 Experience

1. Pusher Love Girl
2. Suit & Tie
3. Don't Hold the Wall
4. Strawberry Bubblegum
5. Tunnel Vision
6. Spaceship Coupe
7. That Girl
8. Let the Groove Get In
9. Mirrors
10. Blue Ocean Floor

## 28.2.2013 → 06.3.2013



### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Nýfallið regn* |
| ▶ | 2 | Pink / Nate Ruess | *Just Give Me a Reason* |
| ▲ | 3 | Valdimar | *Yfir borgina* |
| ▼ | 4 | Rihanna / Mikky Ekko | *Stay* |
| ▲ | 5 | Frank Ocean | *Lost* |
| ▲ | 6 | Jónas Sigurðsson | *Fortíðarþrá* |
| ▲ | 7 | Ragnar Bjarnas. /Lay Low | *Pannig týnist tíminn* |
| ▲ | 8 | Bruno Mars | *Locked Out of Heaven* |
| ▼ | 9 | Eyþór Ingi | *Ég á líf* |
| ▲ | 10 | Maroon 5 | *Daylight* |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▶ | 2 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▶ | 3 | Ýmsir | *Söngvakeppnin 2013* |
| ▲ | 4 | Raggi Bjarna | *Dúettar* |
| ▲ | 5 | Ýmsir | *Pottþétt 58* |
| ▶ | 6 | Hjaltalín | *Enter 4* |
| ▲ | 7 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▼ | 8 | Valdimar | *Um stund* |
| ▲ | 9 | Dimma | *Myrkraverk* |
| ▼ | 10 | Skálmöld | *Börn Loka* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# DEBENHAMS




## YvesSaintLaurent

## KYNNING Í DEBENHAMS 7. – 13. MARS



**Varalitataska**

Með hverjum seldum varalit fylgir falleg varalitataska með spegli

**Gjöfin þín***

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru 2 eða fleiri YSL vörur



**Kaupaukinn inniheldur:**
Top Secrets Gommage hreinsi sem losar um dauðar húðfrumur 15 ml., Top Secrets augnfarðahreinsi 30 ml., Forever Youth Liberator dagkrem 7 ml. og Shocking maskara ferðastærð.

* Gildir ekki með blýöntum. Gildir meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**FERÐAFÉLAGAR** Líf Sal Paradise breytist til muna þegar hann kynnist parinu Dean Moriarty og Marylou og ferðast með þeim þvert yfir Bandaríkin.

# Stolið nafn og ógleymanleg ferð

Auk Oz eru tvær myndir frumsýndar um helgina. Þær eiga það sameiginlegt að í báðum ferðast fólk þvert yfir Bandaríkin, í mismunandi erindagjörðum þó.

Gamanleikarinn Jason Bateman leikur kaupsýslumanninn kurteisa Sandy Patterson í gamanmyndinni Identity Thief, sem er frumsýnd um helgina. Sandy þessi neyðist til að ferðast þvert yfir Bandaríkin, frá Denver alla leið til Miami, til þess að standa uppi í hárinu á manneskjunni sem er að stela nafninu hans. Þar hittir hann hina sakleysislegu Díönu, sem er leikin af hinni sprenghlægilegu Melissu McCarthy, og í ljós kemur að hún er búin að lifa góðu lífi í dágóðan tíma á hans kostnað. Hann reynir öll brögð til að ná Díönu með sér aftur til Denver og þannig hreinsa nafn sitt, en það er ekki eins auðvelt og það hljómar því Diana er ekkert lamb að leika sér við.

Græna ljósið frumsýnir dramamyndina On the Road um helgina. Myndin er eftir Walter Salles og skartar þeim Sam Riley, Garrett Hedlund, Kristen Stewart og Amy Adams í aðalhlutverkum. Kirsten Dunst og Viggo Mortensen eru síðan á meðal annara leikara.

Myndin byggir á samnefndri bók Jacks Kerouac og segir frá rithöfundinum unga Sal Paradise. Líf hans breytist til muna þegar hann kynnist hinum frjálslynda Dean Moriarty og kærustunni hans Marylou.

Saman ferðast þremenningarnir um Bandaríkin og hitta fyrir fjölda fólks, sem allt á sinn þátt í því að gera ferðina ógleymanlega.

- trs



**STJÖRNUSTRÍÐ** Carrie Fisher, hér með þá Mark Hamill og Harrison Ford á milli sín, virðist tilbúin í meira Star Wars.

# Carrie Fisher fer aftur í prinsessubúninginn

Lilja prinsessa „gömul“ í nýju Star Wars-myndinni.

Leikkonan Carrie Fisher, sem fór með hlutverk Lilju prinsessu í upprunalega Stjörnustríðsþríleiknum á árunum 1977 til 1983, virðist reiðubúin að draga prinsessubúninginn fram á ný fyrir væntanlega Star Wars-mynd.

Í viðtali við Palm Beach Illustrated var Fisher spurð beint út hvort hún hygðist leika Lilju í nýju myndinni, sem leikstýrt verður af J.J. Abrams, og svaraði játandi. „Hún verður gömul,“ sagði Fisher, innt eftir því hvernig hún myndi koma fram í myndinni. „Hún er á elliheimili í geimnum. Ég hugsa að hún verði alveg eins og hún var, nema hægari og síður til í miklar orrustur.“

Einnig er talið líklegt að Mark Hamill og Harrison Ford, sem léku Loga Geimgengil og Hans Óla í gömlu myndunum, bregði sér einnig í sömu hlutverk í væntanlegri Star Wars-mynd en ekkert hefur verið staðfest í þeim efnum.


Verslunarhúsnæði til leigu



Gott 245m2 - 530m2 verslunarhúsnæði í Bolholti til leigu og afhendingar strax. Verslunin er í alfaraleið rétt fyrir ofan Laugaveginn með góðu aðgengi og bílastæðum beint við inngang. Húsnæðið getur leigst í 2 einingum, en það skiptist í 245m2 á jarðhæð með 105m2 bakrými á 2. hæð, auk samtengdri 180m2 óupphitaðri skemmu með stórum innkeyrsludyrum. Hentar vel verslunum sem þurfa að hafa vinnu-/sýningaraðstöðu og lagerinn við hendina.
**Verð tilboð.**

**Áhugasamir hafið samband við sölumenn okkar.**
**Sími 511 2900**

LEIGULISTINN
LEIGUMIÐLUN




**GÓÐ ENDURKOMA** Oz The Great And Powerful er forsaga hinnar sígildu sögu um Galdrakarlinn í Oz.

# Fín endurkoma til Oz

Kvikmyndin Oz the Great and Powerful verður frumsýnd annað kvöld. Myndin skartar James Franco í hlutverki galdrakarlsins og hefur fengið ágæta dóma.

Ævintýramyndin Oz the Great and Powerful verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin er í leikstjórn Sam Raimi og þykir minna um margt á stíl meistara Tim Burton.

Oz the Great and Powerful segir frá töframanninum Oscar Diggs, sem er þeytt frá Kansas af fellibyl til hins litríka lands Oz. Diggs telur sig hafa dottið í lukkupottinn enda er Oz töfrandi staður og íbúar landsins hafa lengi beðið eftir miklum töframanni sem gæti verið sjálfur Diggs. Hann hittir svo þrjár nornir, Theodóru, Evanóru og Glindu, sem eru fullar efasemda um að Diggs sé í raun sá mikli töframaður sem hann segist vera. Í kjölfarið flækist Diggs inn í þann vanda sem blasir við landinu og íbúum þess en með hæfileikum sínum og gáfum tekst honum ekki einungis að verða betri maður, heldir einnig umbreyta sér í hinn mikla galdramann sem allir þekkja.

Stórstjörnur fara með helstu hlutverk myndarinnar og má þar helst nefna James Franco í hlutverki töframannsins Oscar Diggs. Michelle Williams leikur nornina Glindu, Rachel Weisz fer með hlutverk nornarinnar Evanóru og Mila Kunis leikur Theodóru. Að sögn Williams þótti henni sérlega gaman að fá tækifæri til að leika „góðu nornina“ og þá sérstaklega vegna þeirra viðbragða sem hún fékk frá börnum þegar hún var í fullum skrúða. Kunis sagðist ekki hafa fengið sömu viðbrögð við sinni persónu. „Persónurnar taka allar breytingum í gegnum myndina, hvort sem þær eru líkamlegar eða andlegar. Börn brostu ekki til mín þegar ég var komin í búninginn, það get ég sagt ykkur,“ sagði hún í viðtali við vefsíðuna Yahoo! Movies.

Leikstjóri myndarinnar, Sam Raimi, er ekki ókunnugur því að leikstýra kvikmyndum sem byggðar eru á skáldskap því hann hefur leikstýrt þremur kvikmyndum um Köngulóarmanninn; Spider-Man, Spider-Man 2 og Spider-Man 3. Síðasta mynd hans var hrollvekjan Drag Me to Hell frá árinu 2009 sem hlaut einstaklega góða dóma.

Oz the Great and Powerful hlýtur 67 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes.com og 7.2 á vefsíðunni Imdb.com. Gagnrýnandi Village Voice var lítt hrifinn af myndinni og sagði að við áhorfið hafi hann lengt eftir þeim töktum sem Raimi sýndi í Drag Me to Hell. Annar gagnrýnandi segir Oz the Great and Powerful aftur á móti vera ánægjulega endurkomu til Oz.

- sm

# Leikstýrir kvikmynd

John Stewart þreytir frumraun sína sem leikstjóri.

Grínistinn og þáttastjórnandinn vinsæli, John Stewart, hyggst taka sér stutt frí frá The Daily Show í sumar til að leikstýra sinni fyrstu kvikmynd. Myndin ber titilinn Rosewater og er handrit hennar byggt á bókinni Then They Came for Me: A Family's Story Of Love, Captivity And Survival eftir fréttamanninn Maziar Bahari.

Bókin segir frá því þegar Bahari heimsótti Íran árið 2009 í þeim tilgangi að flytja fréttir af forsetakosningunum þar í landi. Bahari átti aðeins að dvelja í viku í landinu en var handtekinn fyrir njósnir og fangelsaður í 118 daga.

Stewart skrifar einnig handrit myndarinnar en Scott Rudin mun framleiða hana.



**TEKUR SÉR FRÍ** John Stewart tekur sér frí frá The Daily Show til þess að leikstýra sinni fyrstu kvikmynd. NORDICPHOTOS/GETTY

5. APRÍL Í HÖRPU

# LADDI LENGIR LÍFIÐ

AÐALHLUTVERK ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON HANDRIT KARL ÁGÚST ÚLFSSON LEIKSTJÓRN SIGURÐUR SIGURJÓNSSON LEIKMYND EGILL EÐVARSSON TÓNLIST & HLJÓÐHÖNNUN ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON FRAMLEIÐENDUR ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON & BERGSVEINN JÓNSSON

EINLEIKIN GAMANSEMI EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS



MIÐASALAN OPNAR Í **DAG KL. 12**

OPNUNARTILBOÐ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐANN Á AÐEINS
2.475,-
EF ÞÚ KAUPIR 4 MIÐA SAMAN
FYRSTA MIÐASÖLUDAGINN
NÁNAR Á SENA.IS/LADDI

**FRUMSÝNING**
Föstudagur 5. apríl **kl. 20.00**
Laugardagur 6. apríl **kl. 20.00**
Miðvikudagur 10. apríl **kl. 20.00**

Fimmtudagur 11. apríl **kl. 20.00**
Laugardagur 20. apríl **kl. 20.00**
Föstudagur 3. maí **kl. 20.00**
Laugardagur 4. maí **kl. 21.30**

Sýningar fara fram í Kaldalóni, Hörpu. Einungis 180 miðar í boði á hverja sýningu.
Miðaverð er 3.900 kr. Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sena



# Kynlífið breytist eftir því sem aldurinn færist yfir

**?** Við erum hjón á fertugsaldri. Vandamálið hjá honum er það að tólin eru bara orðin eitthvað þreytt. Hann er nýfarinn að finna fyrir því að hann á erfitt með að halda stinningu allan tímann meðan við stundum samfarir og svo ef hann fær fullnægingu þá er það bara eitthvað slef. Þar af leiðandi hefur áhuginn hjá honum minnkað. Kynlífið hefur alltaf verið mjög gott og fjölbreytt hjá okkur svo þetta er algjört sjokk. Ekki þykir mér hann nú gamall svo ég vil ekki kenna aldrinum um. Er möguleiki á að þetta geti verið eitthvað tímabundið? Hvað er til ráða?

**SVAR** Kynlíf breytist og þróast eftir því sem við eldumst. Líkaminn breytist og slíkt getur haft áhrif á getu, löngun og stundum smekk. Það er alltaf erfitt að ætla fara greina slíkt í bréfaskrifum og því lítið annað í stöðunni en að kíkja til þvagfæralæknis og mögulega í framhaldinu, í ráðgjöf hjá kynfræðingi. Læknisskoðun mun geta skorið út um hvort vandamálið sé líffræðilegs eðlis og þá gefið ykkur viðeigandi ráðleggingar, jafnvel lyf. Rannsóknir benda til þess að karlmenn veigri sér við læknisskoðun og því gæti stuðningur þinn skipt sköpum í að bæta úr þessu vandamáli.

Kynfræðingur mun spjalla við ykkur um kynlífið ykkar og spyrjast fyrir um ýmislegt líkt og forleik og hversu lengi samfarir standa yfir. Það erfitt að tala um einn mælikvarða um hvað sé ásættanleg tímalengd samfara þar sem það fer oft eftir parinu og væntingum þeirra. Ein þýsk rannsókn leiddi í ljós að meðallengd samfara væri um þrjár mínútur en að konur upplifðu það sem fimm mínútur. Þessi niðurstaða segir hvorki til um gæði samfaranna né unað kvennanna og því takmarkað hægt að nýta sér niðurstöðurnar sem mælikvarða. Því er gott að ræða þetta og kanna fleiri en eina hlið kynlífsins. Oftar en ekki glíma pör við misræmi í væntingum til kynlífs, en einnig til löngunar og upplifunar og því getur spjall við sérfræðing verið mjög hjálplegt.

Kynlíf getur haft mikil áhrif á lífsgæði sem og gæði sambands, sérstaklega ef þið glímið við vandkvæði sem tengjast því. Ég hvet ykkur því til að leita til fyrrgreindra sérfræðinga og munið, ekki gera ekki neitt. Gangi ykkur vel.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



**100** er fjöldi viðburða á HönnunarMars.

**500** manns sækir fyrirlestrardag HönnunarMars í Þjóðleikhúsinu.

**30** þúsund gestir sóttu HönnunarMars í fyrra samkvæmt könnun Capacent.

**300-400** hönnuðir sem taka þátt í HönnunarMars.

**50** erlendir blaðamenn sækja HönnunarMars 2013.

# Fjölbreyttur HönnunarMars fram undan

Yfir 100 viðburðir fara fram á HönnunarMars í ár og dagskráin fjölbreytt dagana 14-17.mars. Þessi allsherjar hönnunarhelgi hefur fest sig í sessi hér á landi enda mikil gróska í hönnunarsenunni. Fréttablaðið tók saman nokkra viðburði sem hönnunarunnendur mega ekki láta framhjá sér fara í næstu viku. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðunni honnunarmars.is.



**VÍK PRJÓNSDÓTTIR**
**Þjóðmenningarhúsið, bókasalur**
Vík Prjónsdóttir kynnir með stolti nýja útgáfu af Selshamnum í samstarfi við bresk-japanska hönnunarteymið Eley Kishimoto. Frumsýndir eru einnig nýir treflar og teppi. Opnun sýningarinnar er fimmtudaginn 14. mars kl. 16.
Vík Prjónsdóttir býður einnig á opinn málfund föstudaginn 15. mars kl. 13 í Bókasal Þjómenningarhússins þar sem fjallað verður um íslensku ullina, iðnaðinn og framtíðina. Fundarstjóri er Ari Trausti Guðmundsson.



**SAMSUÐA**
**Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa**
Opnunarhóf fimmtudaginn 14. mars kl. 20.
Félag Vöru- og iðnhönnuða státar af rúmlega 100 félagsmönnum sem vinna á mjög ólíkum sviðum. Á samsýningu þeirra í ár frumsýna 18 hönnuðir ólík verk, frá húsgögnum til upplifunarhönnunar, kertum til gervilima.
Þátttakendur: Björg í bú, IHANNA HOME–Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir og Halla Björk Kristjánsdóttir, Stefán Pétur Sólveigarson, RIM–Ragnheiður I. Margeirsdóttir, Össur-Sindri Páll Kjartansson, Krukka–Linda Mjöll Sigmundsson og Daníel Hjörtur Sigmundsson, Hamskipti–Anna Þórunn Hauksdóttir og Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, Inga Sól Ingibjargardóttir, Klettur–Hildur Steinþórsdóttir og Rúna Thors, María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir, Oddný Magnea Arnbjörnsdóttir, Hanna Jónsdóttir, Berg-Þórunn Árnadóttir, Gulleik Lövskar, María Manda og Ratdesign–Ragnheiður Tryggvadóttir.



**VERÐLAUNA-OG UPPSKERUHÁTÍÐ FHI,**
Félag húsgagna- og innanhúsarkitekta
**Listasafn Reykjavíkur–Kjarvalsstaðir, Flókagötu**
Verðlaunaafhending og opnunarhóf föstudaginn, 15. mars frá kl. 16-18
Verðlauna- og uppskeruhátíð Fhi fer fram í fyrsta sinn í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, á HönnunarMars 2013. Hönnunarverðlaun Fhi eru veitt fyrir framúrskarandi verkefni félagsmanna unnin á árunum 2007-2012. Á sýningunni má sjá valin verkefni húsgagna- og innanhússarkitekta. Markmið sýningarinnar er að auðga skilning og þekkingu almennings á því sem býr að baki starfi innanhússarkitekta. Um leið örva upplifun og efla vitund þeirra um gildi innanhússarkitektúrs sem er ein þeirra sjónlista sem helst hefur mótandi áhrif á sjónrænt umhverfi okkar og daglegt líf.
Verkefnin sem taka þátt í Hönnunarverðlaunum Fhi eru flokkuð í fjóra yfirflokka. Dómnefnd velur vinningshafa fyrir hvern flokk sem og þau verkefni sem til sýnis verða.




# Viltu takast á við sykurfíknina?

**GUÐRÚN BERGMANN** rithöfundur og fyrirlesari kennir leiðir til að takast á við þessa földu fíkn, sem hefur ótrúlega eyðileggjandi áhrif á heilsuna og sýnir hvernig hægt að eiga „sætt" líf án sykurs!

**Fimmtudaginn 14. mars**

*Á námskeiðinu verður farið vandlega yfir:*

- Hvernig sykurfíknin birtist og þau skaðlegu áhrif hún hefur á heilsuna.
- Hvernig hægt er að forðast sykur í mat með því að þekkja „dulnefni" hans hjá framleiðendum matvæla.
- Mismunandi sykurstuðla fæðuflokka og hvaða sætuefni ber að nota.
- Hvernig frelsið frá fíkninni veitir þér aukna líkamlega orku, heilbrigðari og stinnari húð, bætta meltingu og betra skap.

**Staður og stund:** Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 18:30 - 21:00. Námsgögn með viðtækum upplýsingum innifalin. Verð 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldri.is

*Vegna mikillar eftirspurnar höfum við bætt við námskeiði!*

heilsuhúsið


**HRINGRÁS**
**Mokka kaffi, Skólavörðustíg**
15 grafískir hönnuðir og myndskreytar sýna á hinu fornfræga Mokka Kaffi við Skólavörðustíg. Fjallað er um hringrás í víðu ljósi og hver hönnuður túlkar hringrás á sinn hátt í einu myndverki. Sýningin verður einnig sett upp í TastyS-pace í Las Vegas í apríl. **Þátttakendur í sýningunni eru:** Þorleifur Gunnar Gíslason, Bobby Breiðholt, Signý Kolbeinsdóttir, Elli Egilsson, Siggi Odds, Hrefna Sigurðardóttir, Kristín Agnarsdóttir, Dóri Andrésson, Kristjana S Williams, Hrafn Gunnars, Sig Vicious, Jónas Valtýsson, Erla María Árnadóttir, Alli Metall, Ragnar Freyr og Halldór Andri Bjarnason.



# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 7. MARS 2013**

## Sýningar

**14.00** Sýningin Ormurinn ógnarlangi, Söguheimur norrænnar goðafræði, opnar í húsnæði Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans við Dalbraut.

## Upplestur

**18.00** Ögmundur Jónasson les 26. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

## Uppákomur



**12.15** Hrefna Sætran matreiðslumeistari velur og segir frá uppáhaldsverki sínu á sýningunni Flæði á Kjarvalsstöðum.

**20.00** Lionsklúbburinn Ýr í Kópavogi stendur fyrir kvöldstund með Þórhalli miðli í Lundi, Auðbrekku 25. Aðgangseyrir er kr. 2.000 og rennur allur ágóði til líknarmála.

## Málþing

**16.30** Haldið verður framtíðarþing um farsæla öldrun í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Þingið er á vegum fjölmargra aðila sem starfa að málefnum aldraðra og verður það með þjóðfundarsniði.

## Tónlist

**20.00** Hljómsveitin Búddabítlarnir stígur á svið á Café Haiti. Flutt verða lög The Beatles og aðgangur er ókeypis.

**20.00** Söngkonan Unnur Sara heldur tónleika á Hemma og Valda ásamt DJ. flugvél og geimskip. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Hljómsveitirnar World Narcosis og Klikk koma fram á þungarokkskvöldi á Ellefunni. Aðgangur er ókeypis.



**21.00** Svavar Knútur og sænska söngkonan Magpie Marvin skemmta á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitirnar Árstíðir og 1860 halda tónleika á Faktorý með tónlistarmanninum Hjalta Þorkelssyniþ

**22.00** Hjalti Þorkelsson og Eðvarð Lárusson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

## Fyrirlestrar

**12.00** Steinunn Sigurðardóttir talar um nýjustu skáldsögur sínar, Jójó og Fyrir Lísu, í stofu 105 á Háskólatorgi.

**12.00** Dr. Suelette Dreyfus heldur opinn fyrirlestur í Norræna húsinu um Uppljóstranir og áhrif tækniþróunar á dreifingu upplýsinga.

**16.00** Nobuyoshi Mori, prófessor við Tokai-háskóla í Japan flytur fyrirlestur í stofu 101 í Odda HÍ. Fyrirlesturinn er á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og ber hann yfirskriftina Vandinn að þýða íslensk ljóð á japönsku. Flutningur verður á ensku og allir eru velkomnir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Opna vinnustofurnar sínar

**Akureyringar og ferðamenn í bænum eiga þess kost að heimsækja vinnustofur lista- og handverksmanna milli klukkan 16 og 20 í dag.**

Nokkrir myndlistarmenn, ljósmyndarar, hönnuðir og húsgagnasmiðir á Akureyri ætla að opna vinnustofur sínar fyrir gestum og gangandi í dag, fimmtudaginn 7. mars milli klukkan 16 og 20. Fólk getur gengið á milli, kíkt í heimsóknir og skoðað það sem verið er að framleiða og bjóða upp á. Stefnt er að því að gera þetta að mánaðarlegum viðburði.

Stofurnar eru í Kaupvangsstræti 12, Listasafnshúsinu, gengið inn úr portinu baka til, í Flóru Hafnarstræti 90, á Ráðhústorgi 7, fyrirtækinu Mublum, húsgagnaviðgerðum að Brekkugötu 13 og í Hvítspóa að Brekkugötu 3a.

„Við prófuðum þetta fyrir mánuði síðan og það heppnaðist rosalega vel, var heilmikið rennerí milli húsa,“ segir Elín Hulda Einarsdóttir, ein þeirra sem er með vinnustofu í Flóru, og kveðst vona að veðrið verði hagstætt gangandi vegfarendum.

Hún bendir á að veitingastaðir séu á hverju strái, Bautinn styrki til dæmis viðburðinn og sé með tilboð. -gun



**HLUTI HÓPSINS Í FLÓRU** Hlynur Hallsson, Sigurjón Már Svanbergsson, Kristín Þóra Kjartansdóttir, Elín Hulda Einarsdóttir, Marta Kusinska og María Franksdóttir.



# Keppir í jójólistinni úti um allan heim

Páll Valdimar Guðmundsson Kolka er 21 árs Hafnfirðingur og einn mesti jójósnillingur landsins. Hann er nýkominn heim eftir frækna för til Búdapest þar sem hann lenti í 4. sæti af 120 á Evrópumeistaramótinu í jójó.

„Þetta var bara alveg geðveikt og minn besti árangur hingað til,“ segir Páll Valdimar Guðmundsson Kolka sem nýverið lenti í fjórða sæti á Evrópumeistaramótinu í jójó sem fór fram síðustu helgi í Búdapest.

Um 120 manns kepptu á Evrópumótinu þar sem Páll var í svokölluðum A-hópi fyrir færustu keppendurna. Páll hefur iðkað jójólistina síðastliðin átta ár, en það sem byrjaði sem saklaust áhugamál hefur aldeilis undið upp á sig. Páll er nú kominn á samning hjá kanadíska jójóframleiðandanum CLYW sem bæði skaffar honum jójó og styrkir hann til keppnisferða víðs vegar um heiminn. „Það var árið 2006 sem ég fattaði að ég gæti gert meira úr þessu áhugamáli mínu. Þá fór ég sem áhorfandi á keppni í Flórída með vini mínum og komst í samband við fólk í þessum geira. Svo keppti ég í minni fyrstu alvöru keppni árið 2010,“ segir Páll, sem er iðinn við að halda út í heim að sýna jójólistir sínar. „Í fyrra keppti ég í Flórída, Tékklandi, Japan og á Spáni svo það er nóg að gera. Það munar miklu að vera með styrktaraðila sem hjálpar til við ferðakostnaðinn.“

Páll hefur hannað sitt eigið jójó sem CLYW framleiðir og er vinsælt meðal annarra iðkenda. Hann segist semja sín jójótrix sjálfur og telur mikilvægt að sýna hversu skapandi hann er þegar kemur að stigagjöf dómara. „Svo finnur maður skemmtilega tónlist undir og býr til atriði. Allt snýst þetta um að búa til skemmtilega sýningu fyrir áhorfendur.“


**HÁLFGERÐUR ATVINNUMAÐUR** Páll Valdimar Guðmundsson Kolka lenti í fjórða sæti á Evrópumeistaramótinu í jójó í Búdapest um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Páll starfar sem vaktstjóri hjá Dominos en hættir í lok mánaðarins. Hann hyggst einbeita sér að uppgangi jójólistarinnar hér á landi. Að sögn Páls er jójó vinsælast í Tékklandi, Japan og Rússlandi en á Íslandi er hann bara rétt að byrja að breiða út boðskapinn. „Mig langar að búa til alvöru senu á Íslandi og ég stefni á að halda Norðurlandamótið í jójó hér á landi á næsta ári.“

alfrun@frettabladid.is

## Jójóæði skýtur upp kollinum

Fyrsta jójóið var búið til í Grikklandi til forna en það varð fyrst vinsælt sem leikfang og afþreying á þriðja áratug síðustu aldar í Bandaríkjunum. Fyrsta sérhæfða jójófyrirtækið sem vitað er um, Yo-yo Manufacturing Company, var opnað í Santa Barbara í Kaliforníu árið 1929 og síðan hefur jójóæði gripið æskufólk af og til í gegnum söguna, meðal annars hér á Íslandi í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar.





# Martröð Mikkelsen

BÍÓ ★★★★☆

**Jagten**
Leikstjórn: Thomas Vinterberg
Leikarar: Mads Mikkelsen, Thomas Bo Larsen, Alexandra Rapaport, Annika Wedderkopp, Susse Wold.

Það sem margir óttast mest af öllu er að vera sakaðir ranglega um hræðilegan glæp. Hin martraðarkennda Jagten fjallar einmitt um það, og segir frá Lúkasi, leikskólakennara í litlu þorpi, sem grunur leikur á að hafi brotið kynferðislega gegn barni í sinni umsjá. Við þessar ásakanir fer líf hans algjörlega á hvolf og smám saman er honum útskúfað úr samfélaginu.

Umfjöllunarefni myndarinnar er vandmeðfarið, enda er það hagsmunamál allra að grafa ekki undan trúverðugleika barna sem segja frá ofbeldi. Á köflum er erfitt að njóta myndarinnar án þess að spóla í þeim hugsunum. En Jagten er ekki pólitísk yfirlýsing heldur þrælspennandi og hádramatísk kvikmynd með frábærum leikhópi.

Mads Mikkelsen er ekki bara einn allra besti núlifandi leikarinn frá Danmörku, heldur alþjóðlegur stórleikari sem virðist geta tekist á við hvaða hlutverk sem er. Hin unga Annika Wedderkopp gefur honum lítið eftir og leikstjórinn passar að persóna hennar detti ekki í einhvern grautfúlan klisjupytt um „illa barnið“. Afleiðingar orða hennar eru hrikalegar, en áhorfandinn áttar sig á því að hún er óviti.

Og óneitanlega hugsar maður til athugasemdakerfa vefmiðlanna þegar íbúar smábæjarins ráðast gegn Lúkasi, fullir af heilagri reiði og sjálfsréttlætingu. Erfiðar senur að horfa á, sérstaklega þegar áhorfandinn veit betur.

Það hefðu ekki allir getað tæklað Jagten jafn vel og Thomas Vinterberg, og þegar myndin færir sig hægt og rólega inn á slóðir spennutryllisins verður hún bara sterkari ef eitthvað er. Lokasenan er síðan kynngimögnuð, en ég held henni fyrir mig að svo stöddu.

Haukur Viðar Alfreðsson

**NIÐURSTAÐA:** Mögnuð mynd sem situr lengi í áhorfandanum.

FÁÐU GÓÐ RÁÐ VIÐ OFNÆMI
NEUTRAL.IS



ÍSLENSKA SIA.IS NAT 62719 01.2013

Dönsku astma- og ofnæmissamtökin

NORDISK MILJØMÆRKNING

Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral®

# Lögsóttur vegna Beyoncé-leka

## Útgáfurisinn Sony fer fram á 29 milljónir í skaðabætur frá Svía.

Útgáfurisinn Sony hefur lögsótt sænskan mann fyrir að dreifa plötu söngkonunnar Beyoncé á netinu áður en hún var gefin út opinberlega. Sony fer fram á rúmar 29 milljónir króna í skaðabætur. Frá þessu er greint á vefsíðu tónlistartímaritsins NME.

Lögfræðingar Somy halda því fram að hinn 47 ára gamli maður frá Gautaborg hafi „lekið“ plötunni 4 með Beyoncé á netið hinn 8. júní árið 2011, rúmum tveimur vikum áður en platan var gefin út opinberlega. Nafn Svíans hefur ekki verið gert opinbert en talið er líklegt að hann starfi innan tónlistargeirans.

Sony heldur því fram að athafnir mannsins hafi haft margvíslegar neikvæðar afleiðingar í för með sér, þar á meðal fyrir sölutekjur af plötunni og markaðsherferð fyrir kynningu hennar. Sony heldur því einnig fram að lekinn hafi skaðað samband fyrirtækisins við söngkonuna og að orðspor Beyoncé hafi beðið hnekki fyrir vikið.

Fyrr á þessu ári voru tveir enskir menn dæmdir í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og hundrað klukkustunda samfélagsvinnu fyrir að niðurhala ólöglega um 7.000 skjölum með tónlist frá Sony, meðal annarra plötum með Michael Jackson, Elvis Presley og téðri Beyoncé.



**BEYONCÉ** Sony heldur því fram að orðspor söngkonunnar hafi beðið hnekki vegna leka á óútkominni plötu hennar.



**HÉLT HANN FRAMHJÁ?** Sagan segir að Liam hafi haldið framhjá Miley með January Jones.

## Búið spil?

Svo virðist sem ástarloginn hafi slokknað hjá stjörnuparinu Miley Cyrus og Liam Hemsworth.

Sögur hafa verið á kreiki um það að undanförnu að parið hafi gengið í það heilaga í laumi, eftir að Miley ýjaði að því í viðtali í marsútgáfu tímaritsins Cosmopolitan. Nú hefur heimildarmaður nákominn parinu látið hafa eftir sér við blaðið US Weekly að þau séu hætt saman. Sá heimildarmaður sagði ástæðu sambandsslitanna vera tímaleysi beggja og röng forgangsröðun.

Parið byrjaði saman árið 2009 en hefur gengið í gegnum miklar hæðir og lægðir síðan.

## Sýnt úr nýjum þætti Heru

Leikkonan unga og efnilega Hera Hilmarsdóttir er gestur Ragnhildar Steinunnar í Ísþjóðinni í kvöld. Þátturinn var tekinn upp á síðasta ári þar sem Ragnhildur fór meðal annars út til Bretlands og fylgdist með Heru í tökum á sjónvarpsseríunni Da Vinci‘s Demons sem verður sýnd með vorinu í Evrópu og Bandaríkjunum.

Sýnishorn úr þáttunum verður einnitt frumsýnt í þættinum sem og stikla úr stórmyndinni Anna Karenina þar sem Hera leikur samhliða Jude Law og Keiru Knightly. Hera er búsett í Bretlandi en er stödd hér á landi þessa dagana við tökur á myndinni Vonarstræti.



**LEIKKONA** Hera Hilmarsdóttir leikur þessa dagana í kvikmyndinni Vonarstræti.




SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| ÞETTA REDDAST | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| BEAUTIFUL CREATURES VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| FLIGHT | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| WARM BODIES | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 8:20 | 16 |
| PARKER | KL. 10:50 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| MONSTERS INC ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL TAL | KL. 6 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:20 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 | 12 |
| FLIGHT | KL. 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL | kl. 6 | 12 |
| IDENTITY THIEF | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| ARGO | kl. 5:20 - 8 - 9 | 14 |
| WARM BODIES | kl. 10.40 | 12 |
| BEAUTIFUL CREATURES | kl. 5.20 | 12 |
| FLIGHT | kl. 8 – 10.40 | 16 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ÞETTA REDDAST | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:40 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL TAL | KL. 6 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:10 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 | 12 |
| FLIGHT | KL. 10:30 | 12 |

FJÖLSKYLDUDAGAR Í SAMBÍÓUNUM
590.kr miðinn




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| IDENTITY THIEF LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.40 | L |
| THIS IS 40 | KL. 6 | 12 |
| DIE HARD 5 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.40 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 10.40 | 12 |
| LINCOLN | KL. 6 - 9 | 14 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.20 - 8 | 10 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 21 AND OVER | KL. 5.50 - 8 - 10 | 14 |
| THIS IS 40 KL. 8 12 / DIE HARD 5 | KL. 10.20 | 16 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.50 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| IDENTITY THIEF | 8, 10.20 | 12 |
| 21 AND OVER | 8, 10 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | 6 | L |
| VESALINGARNIR | 6, 9 | 12 |


# Raf- og taktvæddar Árstíðir

★★★☆☆

**Árstíðir**
Tvíeind
EIGIN ÚTGÁFA



Árstíðir er ein af þessum harðduglegu íslensku hljómsveitum sem fjármagna plöturnar sínar sjálfar og spila úti um allar trissur. Tvíeind er þriðja plata hljómsveitarinnar sem var stofnuð 2008, en hún hefur þegar spilað á tónleikum mjög víða í Evrópu, auk þess sem fyrri plötunnar hennar tvær voru endurútgefnar af þýska fyrirtækinu Beste Unterhaltung í fyrra. Tvíeind er EP-plata með endurgerðum af fimm lögum af annarri plötunni, Svefns og vöku skil. Platan kom upphaflega bara út stafrænt og var seld á Gogoyoko, en vegna mikils áhuga var ákveðið að gefa hana út á föstu formi líka.

Endurgerðirnar á Tvíeind eru nokkuð ólíkar. Fjórar þeirra eru „remix“ en ein er alveg ný útgáfa. Tvö laganna fá trommu- & bassayfirhalningu, annars vegar Ljóð í sand í meðförum Danans Sakaris og hins vegar Lost In You sem Rússinn Veell endurgerir. Ruxpin (Days & Nights) og Kippi Kanínus (Shades) vinna báðir mjög vel úr stemningunni í frumútgáfunum í sínum endurgerðum þó að þær séu ólíkar. Loks er það hljómsveitin Iamthemorning frá St. Pétursborg, en hún gerir alveg nýja útgáfu af laginu Á meðan jörðin sefur. Söngkona sveitarinnar syngur lagið á íslensku.



Tónlist Árstíða er undir venjulegum kringumstæðum sambland af órafmögnuðu indískotnu þjóðlagapoppi og klassík. Breytingin hér er þess vegna töluverð. Það er búið að raf- og taktvæða tónlistina. Þó að endurgerðirnar séu ólíkar þá eru þær allar vel heppnaðar og bæta miklu við frumgerðirnar. Fín plata. Trausti Júlíusson

**NIÐURSTAÐA:** Fimm áhugaverðar endurgerðir af tónlist Árstíða.

# Frábært tækifæri til að styrkja Stígamót

## Nemar úr tómstundafræði í HÍ halda styrktartónleika í Fríkirkjunni þar sem fram koma nokkur stór nöfn.



**STÓR NÖFN** Meðal þeirra sem fram koma á tónleikunum eru Páll Óskar og Monika, Lay Low og Eyþór Ingi.

„Um leið og ég heyrði að það væri verkefni í áfanganum sem sneri að því að skipuleggja og setja upp viðburð datt mér þetta í hug,“ segir tómstundafræðineminn Jón Skúli Traustason, sem ásamt samnemendum sínum Signýju Árnadóttur og Sirrý G.S. Sigurðardóttur stendur að baki styrktartónleikum fyrir Stígamót í Fríkirkjunni í Reykjavík hinn 4. apríl næstkomandi.

Viðburðastjórnun er einn kúrs sem þremenningarnir taka í tómstundafræðinámi sínu í HÍ og segir Jón Skúli að hann hafi ekki verið mjög spenntur fyrir áfanganum áður en hann hófst en sú skoðun hafi þó fljótlega breyst. „Að setja upp þessa tónleika er eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert, þó að þetta hafi vissulega verið mikil vinna,“ segir hann. Hann telur þau þó hafa sloppið frekar vel, þar sem allt hafi gengið draumi líkast. „Allir sem við höfum talað við um að aðstoða okkur við tónleikana hafa sagt já og auk þess hafa listamennirnir verið duglegir við að ráðleggja með hitt og þetta, sem er ómetanlegt,“ segir hann en þetta er fyrsti stóri viðburðurinn sem Jón Skúli, Signý og Sirrý standa fyrir.

Páll Óskar, Monika, Eyþór Ingi, Vala Guðna, Andrea Gylfa, Lay Low og Ellen Kristjáns stíga á stokk á tónleikunum og öll gefa þau vinnu sína. Exton styrkir tónleikana um hljóðkerfið og afnot af Fríkirkjunni eru einnig endurgjaldslaus. „Það eru allir glaðir að geta styrkt þetta verðuga málefni,“ segir Jón Skúli. „Ég þekki það sjálfur hvað er unnið ótrúlega mikilvægt starf þarna þar sem fólk nákomið mér hefur þurft að leita sér hjálpar hjá Stígamótum. Mér finnst því frábært að fá tækifæri til að styrkja þau á þennan hátt,“ bætir hann við. Miðasala á tónleikana hefst í dag á Midi.is. - trs

# Gummi og Kippi spila

## Guðmundur Pétrus og Kippi Kaninus með tónleika.

Gítarleikarinn Guðmundur Pétursson og Kippi Kaninus halda tónleika á Faktorý Bar annað kvöld.

GP! band Guðmundar hefur starfað frá útkomu plötunnar Elabórat árið 2011. Hljómsveitin leikur einnig efni af Ologies sem kom út 2008 en báðar plöturnar hafa vakið athygli fyrir nýstárlega blöndun ólíkra tónlistaráhrifa. Á tónleikum er ferðast milli þaulskipulags og spuna af ættum progs, síðrokks, blúss og glam-djass.

Kippi Kaninus hefur verið starfandi í tólf ár og fengist við tilraunaglaða raftónlist. Hann var einn á báti til ársins 2011 þegar trommarinn Magnús Trygvason Eliassen gekk til liðs við hann. Síðan þá hafa fleiri meðlimir bæst við, eða þeir Pétur Ben, Óttar Sæmundsen, Ingi Garðar Erlendsson og Sigtryggur Baldursson. Þeir hafa nýlokið upptökum á plötu sem kemur út á árinu.

Tónleikarnir annað kvöld hefjast kl. 23 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.



**SPILA Á FAKTORÝ** Guðmundur Pétursson og Kippi Kaninus spila annað kvöld.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




| | | |
|---|---|---|
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| BEYOND THE HILLS | (16) | 21:30 |
| KON-TIKI | (12) | 20:00, 22:10 |
| HVELLUR | (L) | 19:00 |
| ST. SIG: STRIGI OG FLAUEL | (L) | 17:45, 20:15 |
| RISE FLUGUVEIÐIHÁTÍÐIN | (L) | 20:00 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!


David Byrne & St. Vincent
HARPA/ELDBORG
18. ÁGÚST KL. 20.00
MIÐASALA HEFST Í DAG!
HARPA.IS OG MIDI.IS

## Brynjar Björn kominn til KR



**FÓTBOLTI** Brynjar Björn Gunnarsson fékk í gær félagaskipti yfir í KR og er því orðinn löglegur með félaginu. Brynjar kemur til félagsins frá Reading, þar sem hann hefur verið síðan árið 2005. Hann gerði tveggja ára samning við KR.

Brynjar er uppalinn KR-ingur en hleypti heimdraganum árið 1998 er hann gekk í raðir norska félagsins Vålerenga. Á löngum atvinnumannaferli hefur hann einnig leikið með Moss, Örgryte, Stoke, Nottingham Forest og Watford.

Þessi fyrrverandi landsliðsmaður er orðinn 37 ára gamall. Til stóð að hann kæmi heim síðasta sumar en við það var hætt er Reading vildi framlengja samning við hann. Brynjar Björn lék 74 A-landsleiki á sínum tíma. **- hbg**

## Tap fyrir Bandaríkjunum á Algarve

**FÓTBOLTI** Ísland tapaði fyrsta leik sínum í Algarve-keppninni í ár en liðið mætti Ólympíumeisturum Bandaríkjanna. Eftir markalausan fyrri hálfleik lauk leiknum með 3-0 sigri Bandaríkjanna.

Tvö markanna komu með skalla eftir hornspyrnu og það síðasta eftir að sóknarmaður Bandaríkjanna komst inn í sendingu aftur til Þóru B. Helgadóttur í íslenska markinu.

Það var þó jafnræði með liðunum fyrsta hálftímann en eftir það fór að draga í sundur. Besta færi Íslands fékk varamaðurinn Sandra María Jessen sem komst í gegn eftir sendingu Rakelar Hönnudóttur. Sandra komst framhjá bandaríska markverðinum en skaut framhjá markinu.

Fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir hvíldi í leiknum í gær og bar Sara Björk Gunnarsdóttir fyrirliðabandið í hennar fjarveru. Edda Garðarsdóttir lék á miðjunni og þar með sinn 98. landsleik frá upphafi. Aðeins Katrín hefur spilað fleiri leiki.

Ísland leikur í B-riðli á mótinu en í hinum leik riðilsins gerðu Svíþjóð og Kína 1-1 jafntefli. Ísland mætir Svíum á föstudaginn og verður leikurinn sýndur beint á Eurosport. **- esá**



**3-0 SIGUR** Leikmenn Bandaríkjanna fagna en fremst er hin sautján ára Glódís Perla Viggósdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**FÉKK RAUTT** United-menn voru afar ósáttir við rauða spjaldið sem Nani fékk gegn Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY

## United tekið fyrir hjá UEFA

**FÓTBOLTI** Manchester United verður mögulega refsað fyrir að fara ekki að reglum eftir leik liðsins gegn Real Madrid í Meistaradeild Evrópu á þriðjudagskvöldið. Real Madrid vann leikinn, 2-1, en hvorki knattspyrnustjóri United, Alex Ferguson, né leikmenn liðsins mættu í viðtöl eftir leik.

United-menn voru ósáttir við rauða spjaldið sem Nani fékk í leiknum fyrir brot á Alvaro Arbeloa. Aganefnd UEFA tekur nú málið fyrir og ákveður hvort Nani fái meira en eins leiks bann, sem er lágmarksrefsing fyrir rautt spjald.

Mike Phelan, aðstoðarstjóri Ferguson, mætti á blaðamannafund eftir leikinn og sagði Ferguson og leikmenn United niðurbrotna eftir leikinn. Madrídingar unnu rimmuna samanlagt, 3-2, og komast þar með í fjórðungsúrslit keppninnar. **- esá**

## ÚRSLIT

### ALGARVE-BIKARINN

**BANDARÍKIN - ÍSLAND 3-0**
1-0 Rachel Buehler (48.), 2-0 Shannon Boxx (62.), 3-0 Abby Wambach (74.).

**Lið Íslands:** Þóra B. Helgadóttir – Dóra María Lárusdóttir, Sif Atladóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Hallbera Guðný Gísladóttir – Fanndís Friðriksdóttir (46. Rakel Hönnudóttir), Sara Björk Gunnarsdóttir (83. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir), Katrín Ómarsdóttir (73. Edda Garðarsdóttir), Hólmfríður Magnúsdóttir – Dagný Brynjarsdóttir (78. Guðný Björk Óðinsdóttir) – Harpa Þorsteinsdóttir (73. Elín Metta Jensen).

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**KKÍ** ákvað eftir samráð við lögregluna að fresta öllum leikjum gærkvöldsins vegna veðurs.

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**16-LIÐA ÚRSLIT**

**JUVENTUS - CELTIC 2-0**
1-0 Alessandro Matri (24.), 2-0 Fabio Quagliarella (65.).

**Juventus** komst áfram, 5-0 samanlagt.

**PSG - VALENCIA 1-1**
0-1 Jonas (55.), 1-1 Ezequiel Lavezzi (66.).

**PSG** komst áfram, 3-2 samanlagt.

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

# Þarf að bíta í tunguna

Helgi Már Magnússon, spilandi þjálfari KR, segir stundum erfitt að vera báðum megin við línuna. Nýverið voru gerðar breytingar á þjálfarateyminu og leikmanninum Helga gefið meira svigrúm í liði KR-inga.

**KÖRFUBOLTI** Helgi Már Magnússon segir að það hafi reynst jafnvel erfiðara en hann átti von á að vera spilandi þjálfari KR í Dominos-deild karla. Frammistaða liðsins hefur valdið vonbrigðum á yfirstandandi tímabili og á mánudag var skipt um aðstoðarþjálfara. Gunnar Sverrisson var látinn fara og Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari kvennaliðs KR, settur inn í hans stað.

„Það var leiðinlegt að þetta hafi bitnað á Gunnari en það þurfti að gera breytingar og þetta er sú ákvörðun sem stjórnin tók," sagði Helgi Már við Fréttablaðið.

Helgi og Finnur munu sjá um að setja upp æfingar liðsins í sameiningu en Finnur mun svo stýra þeim, sem og leikjunum. Það er gert svo að Helgi geti einbeitt sér betur að hlutverki sínu sem leikmaður.

„Ég hef kannski verið fullmikið að skipta mér af og það tók aðeins frá mér sem leikmaður. Við teljum því betra að ég einbeiti mér að því að vera leikmaður á æfingum og í leikjum," segir Helgi.



**ÞJÁLFARINN Í ELDLÍNUNNI** Helgi Már Magnússon er í lykilhlutverki hjá KR sem leikmaður en hann er einnig þjálfari liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Reynslan er ómetanleg

Hann segir að það sé ekki auðvelt að blanda þessum tveimur hlutverkum saman. „Ég vissi að þetta yrði krefjandi en þetta tekur svolítið á. Það eru alls konar mál utan körfuboltans sem maður þarf að pæla í en þetta er engu að síður búið að vera mjög skemmtilegt, auk þess sem reynslan er ómetanleg."

Helgi segist alltaf haft gaman að því að vera hluti af leikmannahópi í liðsíþrótt eins og körfubolta. En hann er nú í annarri stöðu en aðrir leikmenn.

„Ég hef alltaf haft mjög gaman að því gríni og glensi sem ríkir inn í klefanum. En maður hefur aðeins þurft að halda aftur af sér og bíta í tunguna. Það er kannski það helsta sem ég sakna nú," segir Helgi. „Það er stundum fín lína á milli leikmanna og þjálfara en ég þarf að vera báðum megin við hana. Ég reyni bara að gera mitt besta."

### Tveir sigrar í sjö leikjum

KR er í sjötta sæti deildarinnar með 20 stig, jafn mörg og Njarðvík sem er í sjöunda sæti. KR endar ekki neðar en í sjöunda sæti og ólíklegt að það nái fimmta sætinu úr þessu, enda aðeins þrjár umferðir eftir af deildarkeppninni.

KR hefur aðeins unnið tvo af síðustu sjö leikjum sínum en Helgi vonar að með breyttum áherslum í þjálfuninni horfi nú til betri vegar. „Á þessum tímapunkti ættu liðin að vera að fínpússa sinn leik en við erum kannski aðeins eftir á í því ferli. Ég er samt vel gíraður fyrir úrslitakeppnina og allt liðið líka. Þetta verður ekki auðvelt en það er ekkert annað í stöðunni en að takast á við það."

### Þjálfarar sem ólu mig upp

Eins og staðan í efri hlutanum er nú horfir beinast við að KR muni mæta annaðhvort Þór Þorlákshöfn eða Snæfelli, þó svo að það gæti vissulega breyst. Þjálfarar þeirra liða, Ingi Þór Steinþórsson og Benedikt Guðmundsson, eru báðir gamlir KR-ingar. „Og menn sem ólu mig upp á körfuboltavellinum," segir Helgi í léttum dúr. „Bæði lið eru vel þjálfuð og því ættu þetta að vera ansi spennandi. Við erum tilbúnir og ég tel að við verðum öðrum liðum erfiðir í úrslitakeppninni." **eirikur@frettabladid.is**

**+10,9**
Munurinn á framlagsstuðli Helga Más í sigurleikjum (19,3) og tapleikjum (8,4) KR.

# Algjör óheppni því áreksturinn var ekki harður

Darri Hilmarsson missir af úrslitakeppninni með Þór Þorlákshöfn eftir að hafa meiðst illa í síðasta leik.

**KÖRFUBOLTI** Darri Hilmarsson spilar ekki meira með liði Þórs Þorlákshafnar í Domino's-deildinni á þessu tímabili, en einn allra mikilvægasti íslenski leikmaðurinn í deildinni varð fyrir slæmum meiðslum í leik á móti Tindastól á dögunum.

„Þetta var óheppni og bara partur af því að spila körfubolta því maður getur alltaf lent í svona slysi. Auðvitað er hrikaleg tímasetning á þessu rétt fyrir úrslitakeppnina, sem er ekki nógu gott. Það er svekkjandi og gerir þetta mjög erfitt fyrir okkur," segir Darri, en leikstjórnandinn Baldur Þór Ragnarsson þurfti að fara í aðgerð vegna kviðslits.

„Þegar ég lendi í þessum árekstri heyri ég mikið brak og fæ mikinn verk. Þá vissi ég strax að þetta væri ekki eitthvað sem maður myndi harka af sér. Maður hefur verið heppinn með meiðsli og aldrei lent í neinu svona alvarlegu. Það hefur alltaf verið eitthvert smá hnjask á manni en ekki eitthvað alvarlegt. Maður er hálffatlaður og getur ekkert notað hægri höndina almennilega. Þá er erfitt að spila körfubolta," segir Darri. Hann meiddist í upphafi leiksins á móti Tindastóli en félögum hans tókst samt að landa sigri.

„Við ætluðum okkur að enda ofarlega í deildinni og reyna að gera einhverja skemmtilega hluti í úrslitakeppninni. Það var planið nú er þetta aðeins erfiðara fyrir okkur fyrst að við Baldur dettum út," segir Darri, sem var ekki að lenda í sínu fyrsta samstuði á ferlinum.

„Þetta var ekkert sérlega harður árekstur og maður hefur lent í fullt af árekstrum og ekkert fundið fyrir því. Þarna var ég með öxlina á undan mér og var að teygja mig í boltann. Ég lendi þá á Hreini og finn strax eitthvert brak. Þetta hefur verið einhver algjör óheppni því áreksturinn var ekkert harður. Höggið var mjög skrítið," segir Darri, sem þarf nú að hvetja liðið frá hliðarlínunni.



**MIKILVÆGUR** Darri Hilmarsson er lykilmaður í bæði varnar- og sóknarleik Þórs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er mjög furðulegt að geta ekki haft áhrif á leikinn og hjálpað til af einhverju viti heldur vera að kalla inn á völlinn og reyna að styðja strákana," sagði Darri.

„Það er mikilvægt fyrir okkur að vera allavega inni á topp fjórum og fá heimavallarrétt í fyrstu umferð. Það væri geggjað ef að við myndum halda öðru sætinu," segir Darri að lokum. **- óój**

# YFIR 100 GERÐIR AF FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM



SNERTISKJÁR

ASUS

## VIVOBOOK FARTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ!

Lægsta verð sem við höfum náð á fartölvu með snertiskjá. Snertiskjárinn fullkomnar notkunarmöguleika Windows 8 stýrikerfisins. Vegur aðeins 1.4 kg og mjög nett og meðfærileg - hentar vel í skóla. 11,6" vandaður snertiskjár með Intel i3 örgjörva, 4GB 1600MHz vinnsluminni, Intel HD 4000 skjákort og 500 GB harður diskur. Löng rafhlöðuending - allt að 7 klukkutímar. USB3.0 tengi, HDMI, mini VGA og kortalesari.

**129.990**



6 GB MINNI OG 640GB DISKUR

TOSHIBA SAT C855D-12P

Sterkbyggð og öflug 15,6" fartölva með AMD E2 örgjörva, 6GB vinnsluminni og góðu skjákorti.

**99.990**



i3 ULTRABOOK

TOSHIBA

SAT U940-104

Örþunn og meðfærileg 14" fartölva með Intel i3 og WiDi þráðlausum háhraðaflutningi. Löng rafhlöðuending.

**119.990**

15,6"



INTEL i7 QUAD CORE

TOSHIBA Toshiba SAT L850-1K8

Ein sú öflugasta frá Toshiba með Intel i7, 6GB minni og 2GB AMD Radeon HD7670M leikjaskjákorti

**159.990**

VINSÆLASTA SPJALDTÖLVAN OKKAR

UNITED

UNITED TAB1012 BK



10" spjaldtölva á ótrúlegu verði með Android 4.0 og Google Play. 5 punkta snertiskjár með 1024x600 punkta upplausn. 4GB minni sem hægt er að stækka um 32GB með micro SD.

**19.990**

NEXUS 7

ASUS



Mjög öflug 7" Google spjaldtölva frá Asus með Tegra 3 fjögurra kjarna örgjörva, IPS skjá og 32GB minni. Frábær myndgæði, sterkbyggð og mjög hröð í öllum aðgerðum.

**54.990**

PÁSKA LEIKUR

3 TOSHIBA FARTÖLVUR OG 100 PÁSKAEGG AF STÆRSTU GERÐ FRÁ NÓA SÍRÍUS Í VINNING!



tl.is

## WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!

PROMENNT

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.



TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |



**SPILAR HANN?** Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Spurs í síðasta leik og stóð sig vel. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tottenham mætir Inter

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Evrópudeildar UEFA hefjast í kvöld. Talsvert af sterkum liðum er eftir í keppninni og þar af þrjú ensk lið. Aðeins Liverpool féll úr leik í 32 liða úrslitunum af ensku liðunum.

Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Tottenham eiga erfitt verkefni fyrir höndum, en þeir leika gegn ítalska stórliðinu Inter.

Andre Villas-Boas, stjóri Tottenham, segir að sitt lið muni mæta með sjálfstraustið í botni. Skal engan undra þar sem Spurs hefur aðeins tapað einum af síðustu sextán leikjum sínum og lagði nágranna sína í Arsenal um síðustu helgi. „Þessi leikur kemur á flottum tíma fyrir okkur. Þetta er stórleikur, okkur gengur vel og viljum endilega spila sem flesta stórleiki. Við erum líklega að mæta stærsta félaginu sem eftir er í keppninni.“

Inter-liðið er ekki eins sterkt og oft áður. Það hefur misst marga sterka menn upp á síðkastið eins og Wesley Sneijder, Thiago Motta og Lucio.

„Inter er að byggja upp nýtt lið. Þeir hafa fjárfest í ungum strákum en eru samt enn með í þremur keppnum. Ég veit að þessi keppni skiptir þá miklu máli rétt eins og okkur. Við þurfum að varast þeirra styrkleika og þeir verða líka að passa sig á okkur. Við megum helst ekki fá á okkur mark. Strákarnir eru samt spenntir og ég er viss um að þetta verður flottur leikur.“ - hbg

### LEIKIR KVÖLDSINS

| | |
|---|---|
| 17.00 Anzhi - Newcastle | Sport 3 |
| 18.00 Steaua - Chelsea | Sport HD |
| *Sýndur í opinni dagskrá* | |
| 18.00 Stuttgart - Lazio | |
| 18.00 Viktoria Plzen - Fenerbahce | |
| 20.05 Tottenham - Inter | Sport HD |
| 20.05 Benfica - Bordeaux | |
| 20.05 Levante - Rubin Kazan | |
| 20.05 Basel - Zenit | |

# Nýjasti meðlimurinn í heimsklassaklúbbnum?

Gareth Bale hefur spilað frábærlega með Tottenham á síðustu vikum og liðsfélagi hans segir hann vera kominn í úrvalshóp með þeim Ronaldo og Messi. Tíu mörk í síðustu átta leikjum segja sína sögu.

**FÓTBOLTI** 20. október 2010 varð Gareth Bale að stjörnu þegar hann skoraði þrennu í 3-4 tapi á móti Internazionale á San Siro í Meistaradeildinni. Þá sýndi hann án nokkurs vafa að þar var á ferðinni leikmaður sem gat spjarað sig á stóra sviðinu. Undanfarna mánuði höfum við aftur séð fullþroskaðan leikmann sem hefur gert útslagið í hverjum leiknum á fætur öðrum. Fyrir vikið eru Gylfi Þór Sigurðsson og félagar komnir í lykilstöðu í baráttu um meistaradeildarsæti í ensku úrvalsdeildinni og mæta í kvöld Internazionale í sextán liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

### Betri en Messi og Ronaldo

Heimsklassamaður telst meðal annars vera maður sem býr til eitthvað rosalegt úr engu eða gerir útslagið í jöfnum leikjum. Þetta höfum við séð Lionel Messi og Cristiano Ronaldo gera margoft á síðustu árum og síðasta mánuðinn erum við farin að sjá þetta nánast í hverjum leik hjá Gareth Bale.

Gareth Bale er meira segja búinn að gera betur en þeir Cristiano Ronaldo og Lionel Messi á síðustu fimm vikum enda með tíu mörk í síðustu átta leikjum sínum fyrir Wales og Tottenham. Hann hefur skorað í þeim öllum og flest markanna hafa verið af dýrari gerðinni þar sem skotkraftur, snerpa og áræðni þessa 23 ára leikmanns hefur verið til sýnis.

### 24 leikir án sigurs

Það hefur mikið breyst síðan Gareth Bale steig fyrstu sporin sín með Tottenham og varð að hálfgerðu aðhlátursefni þegar liðið ætlaði aldrei að vinna með hann innanborðs. Alls lék hann 24 leiki með Tottenham áður en hann var í fyrsta sinn í sigurliði. Í dag er Bale hins vegar maður sem sá nánast um það upp á eigin spýtur að Tottenham-liðið er búið að vinna fjóra leiki í röð í ensku úrvalsdeildinni og jafnframt búið að leika tólf deildarleiki í röð án þess að tapa.

Tottenham keypti hann frá Southampton í maí 2007 þegar hann var ekki orðinn 18 ára gamall. Hann hafði áður verið næstyngsti Southampton frá upphafi en er nú þrátt fyrir ungan aldur að spila sitt sjötta tímabil á White Hart Lane.

### Gerir gæfumuninn

„Hann gerir gæfumuninn fyrir liðið þessa dagana. Hann er gríðaröflugur leikmaður og hann virkar mjög hvetjandi á alla aðra í liðinu. Þegar Gareth er að spila í þessum ham hefur það bein áhrif á alla leikmenn,“ sagði knattspyrnustjórinn André Villas-Boas.

„Það er erfitt að finna orð til að lýsa leik hans. Hann er að skora mikilvæg mörk sem komast í fyrirsagnirnar. Þegar þú ert með heimsklassaleikmann eru þeir liðinu mikil lyftistöng,“ sagði liðsfélagi hans Scott Parker um Bale.

Michael Dawson, fyrirliði Tottenham, sparar heldur ekki hrósið til Bale. „Hann er kominn upp í hóp með þeim Ronaldo og Messi hvað snertir getu. Hann er einn af bestu fótboltamönnum heims þessa stundina og ég get ekki séð neinn sem er að spila betur hann einmitt núna. Sumt að því sem hann er að gera fengi Ronaldo til að roðna,“ sagði Michael Dawson.



### LEIKIR OG MÖRK BALE, MESSI OG RONALDO FRÁ 30. JANÚAR

| GARETH BALE | | CRISTIANO RONALDO | | LIONEL MESSI | |
|---|---|---|---|---|---|
| 10 MÖRK | 8 LEIKIR | 8 MÖRK | 10 LEIKIR | 6 MÖRK | 9 LEIKIR |







### Síðustu átta leikir Bale

| | | |
|---|---|---|
| **3. MARS** 2-1 sigur á Arsenal **1 mark** | **14. FEBRÚAR** 2-1 sigur á Lyon **2 mörk** | **3. FEBRÚAR** 1-0 sigur á West Brom **1 mark** |
| **25. FEBRÚAR** 3-2 sigur á West Ham **2 mörk** | **9. FEBRÚAR** 2-1 sigur á Newcastle **2 mörk** | **30. JANÚAR** 1-1 jafntefli við Norwich **1 mark** |
| **21. FEBRÚAR** 1-1 jafntefli við Lyon **skoraði ekki** | **6. FEBRÚAR (MEÐ WALES)** 2-1 sigur á Austurríki **1 mark** | |

Bale sjálfur er hógværðin uppmáluð. „Ég nýt þess bara að spila fótbolta og það skiptir mig mestu máli. Liðið er að spila vel sem gerir allt miklu auðveldara en þetta snýst ekki um mig heldur Tottenham-liðið,“ sagði Gareth Bale.

### Í sviðsljósinu í kvöld

Hvort Bale fær áskrift að heimsklassaklúbbi þeirra Lionel Messi og Cristiano Ronaldo á eftir að koma í ljós enda eigum við eftir að sjá Bale halda áfram á þessu skriði út þetta tímabil. Fyrsta prófið af mörgum fram undan er á White Hart Lane í kvöld þegar Tottenham tekur á móti Internazionale. ooj@frettabladid.is


HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.**

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup nóv.-sept. 2012




# Óskum
## Guðmundi Stephensen
til hamingju með þennan frábæra árangur

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# DAGSKRÁ





## Stöð 2 Sport kl. 20.00
### Evrópudeildin

Bein útsending frá leik Tottenham og Internazionale frá Mílanó í Evrópudeildinni. Þetta er fyrri leikur liðanna í 16 liða úrslitum. Gylfi Sigurðsson átti góðan leik í byrjunarliði Tottenham gegn Arsenal um sl. helgi og fær vonandi tækifæri til að sanna sig gegn ítalska stórliðinu. Í dag verður einnig sýnt beint frá leik Anji og Newcastle klukkan 16.55 (Sport 3) og leik Steaua Búkarest og Chelsea klukkan 17.50.

## Í KVÖLD



### Person of Interest
**STÖÐ 2 KL. 21.35** Reese dulbýst sem starfsmaður bílafyrirtækis sem teymið grunar að sé í hættu. Verkefnið minnir Reese á hans síðasta verkefni hjá CIA árið 2010, sem útskýrir hvers vegna Snow er svona mikið í mun að finna Reese núna.

TV.COM 8,6 IMDb 8,3



### Chicago Fire
**RÚV KL. 21.15** Eftir að hafa andað að sér eitruðum gufum þarf Vargas að láta af störfum. Boden slökkviliðsstjóri hefur áhyggjur af því að 14 ára drengur tengist nokkrum íkveikjum í ruslagámum og ástamálin blómstra þegar Gabriela býður Matt í heimsókn og Severides fær boð á stefnumót.

TV.COM 7,5 IMDb 7,4



### XIII
**SKJÁR 1 KL. 23.05** Það er Stuart Townsend sem leikur hinn dularfulla XIII í þessum spennuþáttum. Í þætti kvöldsins heldur leitin áfram og XIII og Jones halda til Chicago til að hafa uppi á dularfullum útsendara.

TV.COM 8,6 IMDb 6,6

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06**.40 Veðurfregnir**07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Spjall um hugmyndir, gamlar og nýjar **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu: Leiksýning í Rósenborgargarði II **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperlur: Uppáhalds sultan mín **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** *(e)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.14 Konungsríki Benna og Sól-eyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Stundin okkar** *(18:31)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Melissa og Joey** *(5:15)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Skyggnist er inn í líf leikkonunnar Heru Hilmarsdóttur sem nýverið fékk hlutverk í stórmyndinni Anna Karenina. Við heimsækjum leikkonuna til Wales þar sem hún er við upptökur á nýrri þáttaröð fyrir BBC, förum á æskuslóðir hennar í miðbæ Reykjavíkur og heyrum allt um lífið og listina.
**20.45 Stephen Fry: Græjukarl – Vinnusparnaður** *(3:6) (Stephen Fry: Gadget Man)* Stephen Fry hefur lengi verið með tækjadellu á háu stigi og deilir hér ástríðu sinni með áhorfendum.
**21.15 Neyðarvaktin** *(9:24)(Chicago Fire)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð - Grunsamleg hegðun** *(13:13) (Criminal Minds: Suspect Behaviour)*
**23.05 Höllin** *(2:10) (Borgen)*
**00.05 Kastljós** *(e)*
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.00 Taken From Me: The Tiffany Rubin Story**
**13.30 Nanny McPhee Returns**
**15.20 Ramona and Beezus**
**17.00 Taken From Me: The Tiffany Rubin Story**
**18.30 Nanny McPhee Returns**
**20.20 Ramona and Beezus**
**22.00 Hot Tub Time Machine**
**23.40 Cleaner**
**01.10 Kick Ass**
**03.05 Hot Tub Time Machine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(6:25)*
**08.30 Ellen** *(111:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(98:175)*
**10.15 The F Word** *(8:9)*
**11.05 Smash** *(7:15)*
**11.50 Touch** *(1:12)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(18:22)*
**13.25 Harry's Law** *(6:12)*
**14.10 Ultimate Avengers** Spennandi teiknimynd sem byggð er á metsöluteiknimyndablöðunum frá Marvel, The Ultimates, og segir sögu sex sjálfstæða ofurhetja.
**15.20 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(112:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(8:24)*
**19.40 The Middle** *(21:24)*
**20.05 The Amazing Race** *(11:12)* Skemmtileg þáttaröð þar sem keppendur flakka heimshornanna á milli og leysa úr ýmsum þrautum.
**20.50 NCIS** *(13:24)* Áttunda þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta og fjallar um sérsveit lögreglumanna í Washington.
**21.35 Person of Interest** *(20:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína.
**22.20 Sons of Anarchy** *(1:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu.
**23.10 Spaugstofan** *(16:22)*
**23.35 Mannshvörf á Íslandi** *(8:8)*
**00.00 The Mentalist** *(14:22)*
**00.40 The Following**
**01.25 Medium** *(1:13)*
**02.10 Dark Relic**
**03.35 Touch** *(1:12)*
**04.20 The Amazing Race** *(11:12)*
**05.05 The Big Bang Theory** *(8:24)*
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**15.10 Meistaradeild Evrópu**
**16.50 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**17.20 FA bikarinn: upphitun**
**17.50 Evrópudeildin: Steaua - Chelsea** BEINT frá 16 liða úrslitum. Þetta er fyrri viðureign liðanna.
**20.00 Evrópudeildin: Tottenham - Internazionale** BEINT frá 16 liða úrslitum. Þetta er fyrri viðureign liðanna.
**22.05 Evrópudeildin: Anji - Newcastle 16 liða úrslit.**
**23.45 Evrópudeildin: Steaua - Chelsea** 16 liða úrslit.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Aston Villa - Man. City**
**18.20 Chelsea - WBA**
**20.00 Premier League World 2012/13**
**20.30 Premier League Review Show 2012/13**
**21.25 Football League Show 2012/13**
**21.55 Man. Utd - Norwich**
**23.35 Tottenham - Arsenal**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.10 Elías**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Skógardýrið Húgó**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Ozzy & Drix**
**17.30 Leðurblökumaðurinn**
**17.55 iCarly** *(3:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** Þegar auðkýfingurinn Burns ákveður að láta af öllum lyfjastyrkjum til íbúa Springfield neyðast þeir feðgar Hómer og Abraham til að fara til Kanada og smygla lyfjum þaðan.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(15:22)*
**19.00 Friends** *(7:24)*
**19.20 How I Met Your Mother** *(3:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(1:22)*
**20.10 Game Tíví**
**20.35 I Hate My Teenage Daughter** *(10:13)* Bandarísk gamansería.
**21.00 FM 95BLÖ** Einstakt tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.20 The Carrie Diaries** Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie Bradshaw, sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City.
**22.05 2+6** *(1:8)* Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnir sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
**22.30 Eastwick** *(9:13)* Skemmtileg og spennandi þáttaröð.
**23.15 Game Tíví**
**23.40 I Hate My Teenage Daughter**
**00.05 FM 95BLÖ**
**00.25 The Carrie Diaries**
**01.10 2+6** *(1:8)*
**01.35 Eastwick** *(9:13)*
**02.20 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(150:175)*
**19.00 Ellen** *(112:170)*
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Stelpurnar** *(20:20)*
**20.35 Fóstbræður** *(6:8)*
**21.05 Curb Your Enthusiasm** *(4:10)*
**21.35 Frasier** *(12:24)*
**22.00 The Drew Carey Show** *(1:22)*
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Stelpurnar** *(20:20)*
**23.20 Fóstbræður** *(6:8)*
**23.50 Curb Your Enthusiasm** *(4:10)*
**00.20 Frasier** *(12:24)*
**00.45 The Drew Carey Show** *(1:22)*
**01.10 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**11.00 Árshátíðarmyndband Kvennaskólans í Reykjavík 2013**
**15.20 Kitchen Nightmares** *(4:13)*
**16.05 7th Heaven** *(9:23)*
**16.50 Dynasty** *(3:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Necessary Roughness** *(13:16)*
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(13:24)*
**19.25 The Office** *(21:27)*
**19.50 Will & Grace** *(14:24)*
**20.15 Happy Endings** *(19:22)*
**20.40 An Idiot Abroad** *(2:8)* Karl Pilkington er sérkennilegur náungi sem vill ekki ferðast og líður illa á framandi slóðum. Ricky Gervais og Stephen Merchant láta hann þó ferðast um víða veröld í þessum þáttum.
**21.30 Hæ Gosi** *(6:8)* Þriðja þáttaröðin um bræðurna Börk og Víði sem ekkert þrá heitar en lífshamingjuna. Túnfiskinnflutningur Krumma og Björns Jörundar er til rannsóknar hjá fíkniefnadeildinni þar sem tvíburabróðir þess síðarnefnda stjórnar rannsókn.
**22.15 Vegas** *(7:21)* Vandaðir þættir með stórleikaranum Dennis Quaid. Sögusviðið er syndaborgin Las Vegas á sjöunda áratug síðustu aldar þar sem ítök mafíunnar voru mikil og ólíkir hagsmunahópar börðust á banaspjótum um takmörkuð gæði.
**23.05 XIII** *(7:13)*
**23.50 Law & Order UK** *(4:13)*
**00.40 Excused**
**01.05 Parks & Recreation** *(17:22)*
**01.30 CSI: Miami** *(20:22)*
**02.10 Happy Endings** *(19:22)*
**02.35 Vegas** *(7:21)*
**03.25 XIII** *(7:13)*

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** The Honda Classic **2013** *(4:4)* **12.45** Golfing World **13.35** The Honda Classic **2013** *(4:4)* **18.35** Inside the PGA Tour *(10:47)* **19.00** World Golf Championship **2013** *(1:4)* **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Átthagaviska **21.00** Auðlindakista **21.30** Siggi Stormur og helgarveðrið

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# Boðskort

*Þér er boðið í legugreiningu í verslun okkar að Smiðjuvegi 2, Kópavogi.*

*Tími: Alla virka daga milli kl 10.00 og 18.00.*

*og laugardaga milli kl. 11.00 og 16.00.*

*Kaffi og léttar veitingar í boði.*



Rúm Gott

**LEGUGREINING - BETRI SVEFN - BETRI HEILSA**

DRAUMARÚM

## FERMINGARTILBOÐ

**30-50% afsláttur af öllum heilsurúmum**



**120 x 200 cm rúm á fermingartilboði.**

**Verð frá 79.442**



* Einungis er greitt 3,5% lántökugjald

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing***

**ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**DRYKKURINN**



**„Ég mæli eindregid med nýkreistum Jugo Verde-safa. Sérstaklega ef maður er staddur í Mexíkó."**

Ísold Uggadóttir kvikmyndagerðarkona.

# Breytir frumrauninni í kvikmyndahandrit

Ragnar Bragason vinnur að því að breyta leikritinu Gullregn í bíóhandrit. Tökur gætu hafist á næsta ári.

„Ég er byrjaður að leggja drög að handritinu og ef allt gengur að óskum gæti ég byrjað að taka myndina upp á næsta ári," segir Ragnar Bragason leikstjóri, sem er í óða önn að breyta leikverkinu Gullregn í kvikmyndahandrit. Verkið er frumraun Ragnars á sviði leiklistar og var frumsýnt í Borgarleikhúsinu í nóvember í fyrra.

Gullregn segir frá Indíönu, sem býr í blokk í Fellahverfinu og er umkringd fólki sem hún fyrirlítur. Meðal leikenda eru Sigrún Edda Björnsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Halldóra Geirharðsdóttir og Brynhildur Guðjónsdóttir. Aðspurður segir Ragnar að það þurfi að huga að ýmsu þegar breyta á leikriti í kvikmyndahandrit. „Fyrst þarf að yfirstíga virðinguna fyrir frumverkinu og þegar maður skrifaði frumverkið sjálfur, þá eru tilfinningarnar djúpstæðari. Þegar Gullregn varð til sem leikverk var ég alltaf með radarinn úti og spáði í það hvernig ég gæti mögulega gert verkið að kvikmynd. Ég hripaði hugmyndirnar niður á sínum tíma og gat því gengið að þeim núna."

Hann segist vilja fá sama leikarahópinn til að endurtaka hlutverk sín í kvikmyndinni. „Ég hef leyft leikurunum að fylgjast með gangi mála og það ríkir mikil spenningur fyrir verkefninu."

Ragnar viðurkennir að þær góðu móttökur sem Gullregn hefur fengið hafi ýtt enn frekar undir þá löngun hans til að vinna meira við leikhús. „Mér finnst ágætt að blanda þessu tvennu saman. Smjörþefurinn sem ég fékk við gerð Gullregns hefur bara æst í manni hungrið," segir leikstjórinn að lokum. - sm



**LEIKHÚSIÐ HEILLAR** Ragnar Bragason vinnur að því að breyta leikverki sínu, Gullregni, í kvikmyndahandrit.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Nýr Rauðmagi
- frá Ólafsvík og Rifi
HARÐFISKUR
- barinn og óbarinn
LAXAFLÖK
- beinhreinsuð og flott
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3


# Hitti Justin Bieber og hágrét í klukkutíma

Auður Eva Peiser Ívarsdóttir hitti goðið sitt Justin Bieber á tónleikum í London.

„Þegar ég sá hann fyrst fannst mér hann bara vera í þrívídd, þetta var svo óraunverulegt," segir Auður Eva Peiser Ívarsdóttir, sem hitti goðið sitt Justin Bieber baksviðs fyrir tónleika í London um síðustu helgi.

Auður Eva, sem er á fimmtánda aldursári, vann svokallaðan „meet and greet"-miða í gegnum aðdáendasíðu hans. Hún þurfti að senda þangað tölvupóst með ljósmynd af öllu Justin Bieber-dótinu sem hún átti, ásamt fleiri upplýsingum. Að auki lét hún fylgja með aukalega tveggja blaðsíðna langt bréf um að hún væri frá Íslandi og að hún væri á leiðinni til London á tónleikana. Hún bætti við að hún hefði staðið fyrir Bieber-göngunni á Íslandi árið 2011 ásamt vinkonum sínum.

„Það voru um tvö þúsund manns sem tóku þátt í þessari keppni en bara tíu sem unnu og ég var ein af þeim," segir Auður Eva, sem er enn í skýjunum. „Ég fékk að vita kvöldið fyrir tónleikana að ég fengi að hitta hann og ég grét og grét."

Hún segir fundinn með Bieber hafa verið draumi líkastan. „Þegar ég labbaði inn til að stilla mér upp við hliðina á honum þá var hann brosandi og rosalega ánægður og ég varð mjög glöð að sjá það." Eftir að tekin hafði verið mynd af þeim saman föðmuðust þau áður en Bieber þurfti að fara og hitta fleira fólk. „Ég labbaði tvö skref frá honum í gegnum eitthvert tjald og þá datt ég í gólfið og fór að hágráta. Ég gat varla andað. Ég hljóp svo til mömmu í fangið á henni og hélt áfram að gráta. Ég grét í svona klukkutíma eftir þetta," segir hún hlæjandi.

Auður Eva, sem er í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði, segir Bieber vera fullkominn á alla vegu. „Hann er líka svo indæll. Ég er sko alls ekki búin að jafna mig og ég mun pottþétt aldrei gera það."



**MEÐ BIEBER** Auður Eva með átrúnaðargoði sínu Justin Bieber baksviðs í London.

## Fékk miða frá leikaranum Jaden Smith

Justin Bieber var ekki eina stjarnan sem Auður Eva hitti baksviðs því leikarinn Jaden Smith var einnig á svæðinu og gaf henni miða með auglýsingu fyrir nýjustu kvikmynd sína After Earth sem kemur í bíó í júní.




Breskir fjölmiðlar greindu frá því daginn eftir tónleikana að þeim hefði seinkað um tvo tíma og vönduðu Bieber ekki kveðjurnar. Auður Eva segir það algjört kjaftæði. Tæknilegir örðugleikar hafi valdið því að þau þurftu að bíða í 45 mínútur eftir popparanum. „Þetta var ekki Justin að kenna og það var bara mjög illa gert af þeim af klína þessu öllu á hann."

freyr@frettabladid.is


Ferminga-veisluþjónusta
Ný heimasíða
kokulist.is





Jón Arilíuss KÖKULIST
Firði Hafnarfirði Sími 555 6655 - 662 5552 • kokulist@kokulist.is



20 ÞÚSUND
króna umgjörð á
199 krónur!
- Ef þú kaupir glerið hjá okkur
Næstum allar aðrar umgjarðir á **50% afslætti**





prooptik gleraugu
KRINGLUNNI 2. HÆÐ - HAGKAUPSHÚSINU,
SKEIFUNNI | SPÖNGINNI, GRAFARVOGI
SÍMI 5 700 900 | WWW.PROOPTIK.IS


# Lagið fjallar ekki um lýsi

María Ólafsdóttir syngur danssmellinn Lýsi í myrkri sem er vinsælt á Youtube.

María Ólafsdóttir syngur lagið Lýsi í myrkri ásamt Kristmundi Axel, en myndband við lagið hefur fengið yfir tólf þúsund áhorf á Youtube á aðeins þremur dögum. Lagið er úr smiðju upptökuteymisins Stop Wait Go, sem er skipað Sæþóri Kristjánssyni og bræðrunum Pálma Ragnari og Ásgeiri Orra Ásgeirssonum.

„Ég hef aðeins unnið með strákunum í Stop Wait Go og þeir spurðu mig hvort ég vildi ekki syngja lagið með Kristmundi," segir María um verkefnið. Lýsi í myrkri er þegar komið í spilun á útvarpsstöðinni Fm 957 og viðurkennir María að það sé skrýtið að heyra sjálfa sig syngja í útvarpinu. „Ég vissi ekki alveg við hverju ég mátti búast en viðtökurnar hafa verið góðar."

Hún segir söng og leiklist helstu áhugamál sín og hyggur á framhaldsnám í tón- og leiklist. „Ég hef aldrei lært söng en hef sungið frá því ég man eftir mér. Ég hef líka tekið þátt í leiksýningum frá tíu ára aldri, þar á meðal Söngvaseið sem var sett upp í Borgarleikhúsinu og í Michael Jackson-sýningunni á Broadway," segir María, sem hefur að auki komið fram í þremur nemendaleiksýningum Verslunarskóla Íslands, þaðan sem hún lýkur stúdentsprófi í vor.

Þegar hún er spurð út í titil lagsins segir hún hann hafa verið uppspretttu góðlátlegs gríns meðal vina hennar. „Mér datt ekki í hug að titillinn gæti misskilist fyrr en vinir mínir byrjuðu að djóka með hann. En lagið fjallar ekki um lýsi," segir hún og hlær. - sm



**SÖNGUR HELSTA ÁHUGAMÁLIÐ** María Ólafsdóttir syngur lagið Lýsi í myrkri ásamt Kristmundi Axel. Lagið hefur fengið góðar viðtökur á Youtube.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# FERMINGAR-GJAFIR Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI



Fermingar-tilboð: **199.995**
Verð áður: 229.995

42LM620T

## 42" LG LED Cinema 3D Full HD

Glæsilegt Cinema 3D LED sjónvarp frá LG með SmartTV. Full HD 1920x1080p með TruMotion 400Hz MCI. DivX HD afspilun af USB. Home Dashboard valmynd ásamt DLNA-tengingu. 4 HDMI, 3 USB-tengi og snúningsfótur. 4 pör af 3D gleraugum fylgja. Frábært í tölvuleiki með Dual-Play stuðning.

PIPAR\TBWA • SÍA • 130798



TX-L32X5E

## 32“ Panasonic sjónvarp með IPS LED skjá

Hentar vel í unglingaherbergið, skýr og björt mynd með VIERA tækni. Innbyggður Media-Player með USB afspilun og kortalesara.

Fermingar-tilboð: **99.995**
Verð áður: 119.995



## Nokia Lumia 820

Hraðvirkur með frábærri myndavél og öflugum skjá sem þú getur stýrt hvort sem þú ert í hönskum eða með langar neglur.

Verð: **99.995**



## iPhone 5 32GB

Mjög öflugur snjallsími sem býður uppá ógrynni möguleika ásamt því að skarta frábærri myndavél og mjög öflugum örgjörva.

Frábært verð: **149.995**



## iPhone 4 8GB

Einn vinsælasti snjallsíminn á markaðnum á hreint frábæru verði. Hraður og með flottri myndavél.

Fermingar-tilboð: **79.995**
Verð áður: 89.995



## HTC 8S

Mjög öflugur og hraður snjallsími með Windows Phone 8 stýrikerfi. Frábær Facebook- og Twitter-græja auk þess að bjóða upp á mikið magn leikja.

Fermingar-tilboð: **49.995**
Verð áður: 59.995



## iPad Mini 16GB

Ein vinsælasta spjaldtölvan í heiminum í dag

Verð: **59.995**

Fermingar-tilboð: **59.995**
Verð áður: 65.995



RKH-00049

## Xbox 360 leikjatölva

Xbox er ekki bara leikjatölva heldur heill heimur af afþreyingu. Tónlistin, myndirnar, bíóið ásamt „streaming" allt á einum stað. 250GB harður diskur, innbyggt Wi-Fi og DLNA.

Fermingar-tilboð: **64.995**
Verð áður: 69.995



MCR332

## Yamaha micro-stæða

Lítil og nett micro-stæða frá Yamaha með stuðning fyrir iPhone, iPod og iPad. Innbyggður CD-spilari ásamt USB-tengi. Spilar tónlist beint af USB. Svört burstuð áferð.

FERMINGAR-TILBOÐ: **54.995**
Verð áður: 59.995



TSX112

## Yamaha smástæða í mörgum litum

Frábær smástæða frá Yamaha. FM-útvarp, geislaspilari og iPod/iPhone-vagga. Spilar tónlist beint af USB 2.0. Klukka og vekjari. Lítil og nett, en ótrúlega kröftug. Til í 4 litum.

Hátækni

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óli Palli vill útvarpsverðlaun

„Íslendingar eru duglegir að veita allskyns verðlaun. Við höfum Edduna fyrir Sjónvarp og bíó, Grímuna fyrir leiklistina, sjónlistaverðlaun, íþróttamaður ársins er valinn, menningarverðlaun, íslensku tónlistarverðlaunin þar sem eru líka veitt verðlaun fyrir upptökustjórn, umslag og myndband. Við höfum blaðamannaverðlaun og harðasti iðnaðarmaðurinn var meira að segja valinn í fyrra. Hvar eru ÚTVARPSVERÐLAUNIN?!" Svona spyr **Ólafur Páll Gunnarsson**, best þekktur sem Óli Palli í Popplandi, á Facebook. Þar mætti velja útvarpsmann, útvarpsþátt og útvarpsviðburð ársins. Hann veltir reyndar upp hvort slík verðlaun eigi hugsanlega heima á Eddunni eða með blaðamannaverðlaununum.





### Bræður fjölga sér

Tónlistarmaðurinn **Friðrik Dór Jónsson** á von á sínu fyrsta barni með kærustu sinni Lísu Hafliðadóttur, nema og blaðamanni á Monitor. Barnið er væntanlegt með haustinu. Hún er mikil barnalukkan sem einkennir fjölskyldu Friðriks Dórs um þessar mundir, en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir stuttu á stóri bróðir hans, tónlistarmaðurinn **Jón Jónsson**, von á sínu fyrsta barni með vorinu. Það er því ekki hægt að ætla annað en að ný kynslóð tónlistarsnillinga sé að fara að líta dagsins ljós á þessu ári.

- sh, áp



### Mest lesið VÍSIR

1 15-20 bíla árekstur á Hafnarfjarðarveginum
2 Þessir mega sækja börnin sín í skólann – farið eftir tilmælum lögreglu
3 Þeir sem eru með hungruð börn í bílum beðnir um að hringja í 112
4 Veðurstofan gefur út stormviðvörun fyrir morgundaginn





